

**SKOÐUN** Björg Eva Erlendsdóttir skrifar um eftirlit með verklagi á Ríkisútvarpinu. 22



**MENNING** Miðar rjúka út á fyrstu tónleika Emilíönu Torrini í Eldborgarsal Hörpu. 46



**SPORT** Kolbeinn Höður Gunnarsson ætlar sér Íslandsmetin í 100 og 200 metra hlaupi á næsta ári. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
8. nóvember 2013
263. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2013


# Halda „svikum“ fyrri stjórnar

Ríkisstjórnin ætlar áfram að innheimta raforkuskatt þrátt fyrir harða gagnrýni leiðtoga núverandi stjórnarflokka á ákvörðun fyrri ríkisstjórnar um að framlengja hann. Stóriðjufyrirtækin greiða 1,7 milljarða á næsta ári.

**ORKUMÁL** Raforkuskattur verður áfram innheimtur á næsta ári samkvæmt frumvarpi til fjárlaga þrátt fyrir harða gagnrýni leiðtoga núverandi ríkisstjórnarflokka á ákvörðun um að framlengja hann í desember 2012.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, sagði í ræðu á Alþingi þann 6. desember 2012, þá óbreyttur stjórnarandstöðuþingmaður, að framlengingin sýndi „ósvífni“ þáverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

„Vonandi verður skaðinn ekki langvarandi, vonandi tekst nýrri ríkisstjórn fljótt að sýna fram á að hún haldi loforð og samninga betur en sú sem ég vona að fari frá næsta vor,“ sagði Sigmundur.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, gagnrýndi ákvörðunina einnig í ræðu á Alþingi þann 3. desember sama ár. „Svikin loforð á borð við þetta eru, ásamt öðru, til þess fallin að fæla menn frá því að koma með fjármagn til Íslands,“ sagði Bjarni

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verður þessi framlenging, sem ráðherrarnir gagnrýndu, látin standa til ársins 2015. Stóriðjufyrirtækin þurfa því að greiða um 1,7 milljarða króna í skatt vegna raforkukaupa á næsta ári.

> **Svikin loforð á borð við þetta eru, ásamt öðru, til þess fallin að fæla menn frá því að koma með fjármagn til Íslands.**
>
> *Bjarni Benediktsson, í umræðum á Alþingi 3. desember 2012.*

Framlengingin gekk þvert á skriflegt samkomulag fyrrverandi iðnaðar- og fjármálaráðherra við stóriðjufyrirtækin árið 2009 og skriflega yfirlýsingu, sem Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, sendi Alcan á Íslandi í júní 2010. Sú yfirlýsing var forsenda þess að Rio Tinto Alcan réðist í 60 milljarða fjárfestingarverkefni í Straumsvík.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, hefur ásamt öðrum forsvarsmönnum álfyrirtækja á Íslandi gagnrýnt framlengingu skattsins.

„Það er sárt að borga áfram um eina milljón króna á dag í raforkuskatt sem átti að vera tímabundinn og þurfa á sama tíma að segja fólki upp vegna sparnaðar,“ segir Rannveig.

- hg / sjá síðu 4

## LÍFIÐ



**Besta starf í heimi**

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir í Of Monsters and Men er komin heim eftir 18 mánaða reisu um heiminn.

## FRÉTTIR

**Heldur ræður fyrir kóngafólk** Magnús Scheving er eftirsóttur fyrirlesari og heldur hvatningarræður um allan heim. 2

**Ábyrgð íslenskra banka meiri** Jesper Rangvid, prófessor í fjármálum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, segir ábyrgð dönsku bankanna á kreppunni allt aðra en þeirra íslensku. 4

**Brotlentu of þungri vél** Flugvél sem hrapaði í flugi yfir sumarhúsabyggð árið 2010 var ofhlaðin og í of lítilli hæð til að ná krappri beygju sem flugmaðurinn reyndi að taka. 8




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 8 |
| Akureyri | -3° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | -4° | | NV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | | SA | 4 |
| Reykjavík | -2° | | NA | 6 |

**Bjart S- og V-til** í dag en skýjað með köflum og dálítil él NA- og A-til. Norðan strekkingur A-til en dregur úr með deginum. Víða vægt frost en að -8 stigum inn til landsins NA-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk






**FYRSTI FUNDURINN** Það var létt yfir Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra þegar þeir hittu forystu og samninganefnd Alþýðusambandsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Persónuafsláttur í skoðun:

# Fundað um kjarasamninga

**KJARAMÁL** „Ráðherranefnd ríkisstjórnarinnar hittist á fundi í dag til að fara yfir það hvort stjórnvöld geti ekki með einhverjum hætti lagt sín lóð á vogarskálarnar við gerð kjarasamninga á almenna markaðnum,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Forysta og samninganefnd Alþýðusambandsins hitti forsætis-, fjármála og félagsmálaráðherra á fundi í gær. Eftir fundinn sagði Sigmundur Davíð til skoðunar að hækka persónuafslátt.

Á fundinum voru kröfur og áherslur verkalýðshreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum reifaðar.

Verkalýðshreyfingin hefur síðustu daga kallað stíft eftir svörum frá stjórnvöldum um hvort og hvernig þau ætli að koma að samningsgerðinni. Þrjár vikur eru þangað til kjarasamningar eru lausir.

- jme / sjá síðu 6






Melkorka Ólafsdóttir og Guðmundur Franklín Jónsson meðal þátttakenda:

# Skraflarar halda Íslandsmót

**ÍÞRÓTTIR** „Mótið er haldið af Skraflfélagi Íslands og fer fram um helgina í Happi á Höfðatorgi,“ segir Sigurður Arent, einn skipuleggjenda Íslandsmótsins í Skrafli, en hann skipuleggur mótið ásamt frænda sínum, Jóhannesi Benediktssyni.

Meðal þátttakenda verða Melkorka Ólafsdóttir, flautuleikari í Sinfóníuhljómsveitinni, Guðmundur Franklín Jónsson, formaður Hægri grænna, og Bjargey Ólafsdóttir myndlistarkona. Guðmundur Franklín Jónsson er einnig skyldur skipuleggjendunum tveimur. „Markmið selskaparins hefur verið frá byrjun að standa fyrir Íslandsmóti og við sáum ekki af hverju við ættum að bíða lengur – við búumst við hörkukeppni um helgina,“ segir Sigurður.

- ósk/sjá nánar síðu 46

S K R A F L

**Skraflfélagið á Íslandi var stofnað í byrjun árs. Skraflfélag Íslands er félagskapur áhugafólks um íslensku útgáfuna af Scrabble. Markmiðið er að vekja athygli á þessum skemmtilega leik, kynnast öðrum spilurum og setja á laggirnar árlegt Íslandsmeistaramót.**







## SPURNING DAGSINS



Drífa, var þetta bara error?

**„Þetta var tölvuvírus.“**

Drífa Hjartardóttir er sveitarstjóri Rangárþings ytra. Þar voru keyptar tölvur án útboðs fyrir grunnskólann á Hellu fyrir þrjú hundruð þúsund krónur umfram leyfilegt hámark.

Forsætisráðherra flutti á Alþingi skýrslu um aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna skuldavandans:

# Segir vinnu við skuldaaðgerðir á áætlun

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir undirbúning skuldaaðgerða ríkisstjórnarinnar á áætlun. Þetta kom fram í máli hans á Alþingi í gær. Von er á tillögum frá sérfræðingahópi um höfuðstólslækkun lána í lok þessa mánaðar. Þegar er hafin vinna við gerð frumvarps um málið.

„Þó að tillögurnar séu ekki fullkláraðar þá viljum við nýta tímann til þess að undirbúa þetta þannig að það þurfi ekki að líða langur tími eftir að tillögurnar birtast áður en hægt er að leggja fram frumvörp,“ segir Sigmundur.



SIGMUNDUR DAVÍÐ

Stjórnarandstaðan gagnrýndi ráðherra fyrir innihaldslausa skýrslu. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði ríkisstjórnina ekki ætla að efna kosningaloforð um skuldaleiðréttingu. „Það eru ekki bara nefndir og engar efndir heldur enn fleiri nefndir,“ sagði Árni.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, tók í sama streng og sagði skýrslu forsætisráðherra svo ómerkilega að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafi ekki nennt að sitja undir henni. „Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, yfirgaf húsið klukkan hálf tólf og er ekki viðstaddur umræðuna. Fjarvera formanns Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu er auðvitað hrópandi,“ sagði hann.

Sigmundur segir þó ekkert óvenjulegt við fjarveru ráðherra Sjálfstæðisflokks. „Það er ekkert nýtt að ráðherrar sem ekki eru að taka þátt í tiltekinni umræðu séu ekki viðstaddir. Ráðherrar eru oft að vinna á nokkrum stöðum samtímis og því á þetta ekki að koma á óvart,“ segir Sigmundur. - hks



**MENN AÐ STÖRFUM** Verslunareigendur við Hverfisgötu geta brátt tekið gleði sína á ný því lok framkvæmda við götuna eru í augsýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nú sér fyrir endann á framkvæmdum við Hverfisgötu:

## Verklok ætluð í lok mánaðarins

**REYKJAVÍK „Þetta hefur auðvitað tekið sinn tíma en okkur miðar vel í heildina. Við stefnum að því að vera búin um næstu mánaðamót en umferð verður hleypt um gatnamót Vitastígs og Hverfisgötu á allra næstu dögum,“ segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.**

**Framkvæmdir hafa staðið yfir á Hverfisgötu frá því í sumar en unnið er að endurnýjun götukaflans á milli Klapparstígs og Vitastígs. „Hverfisgatan er hægt og bítandi að rísa upp úr jörðu og í sína endanlegu mynd.“** - ka

# Heldur ræður fyrir kóngafólk og forstjóra

Magnús Scheving er eftirsóttur fyrirlesari og heldur hvatningarræður um allan heim, stundum með heimsþekktu fólki á borð við Felix Baumgartner ofurhuga. Magnús segist ekki anna eftirspurn. Næst á dagskrá er heilsuefling í Washington DC.

**FÓLK** Auk þess að sinna starfi sínu sem forstjóri Latabæjar er Magnús Scheving vinsæll fyrirlesari og líklega eftirsóttasti íslenski fyrirlesarinn í útlöndum.

Magnús er reglulega pantaður á ráðstefnur þar sem fjallað er um ýmislegt sem viðkemur viðskiptum og leiðtogahæfni. Fyrirlestrana sitja forstjórar, markaðsstjórar og aðrir stjórnendur fyrirtækja. Hann hefur haldið fyrirlestra og verið á pallborðum með þekktum einstaklingum á borð við Colin Powell, fyrrverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og Paul Grugman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði. Þá hefur Magnús talað fyrir þjóðarleiðtogum og kóngafólki, til dæmis Filipusi, ríkisarfa Spánar, á góðgerðarsamkomu þar í landi. Nýlega kom hann svo fram á ársþingi hjartalækna í Róm – svo verkefnin eru fjölbreytt.

Magnús er nýkominn heim frá Noregi og Mexíkó. Þangað var hann fenginn til að halda hvetjandi ræður á ráðstefnum og í háskólum um markmiðasetningu.

„Markaðssamtök Noregs báðu mig um halda fyrirlestur á árlegri ráðstefnu sinni eftir að hafa horft á mig tala með Seth Godin á ráðstefnu ÍMARK á Íslandi,“ segir Magnús.

„Þá lá leiðin suður til Mexíkó þar sem ég talaði meðal annars á leiðtogaráðstefnu fyrir framan tvö þúsund yfirmenn í viðskiptalífinu,“ segir Magnús en ráðstefnan í Mexíkó er sú allra stærsta í Suður-Ameríku og margir heimsþekktir einstaklingar stíga þar á svið.

„Í þetta sinn talaði ég ásamt Felix Baumgartner,“ segir Magnús, en Baumgartner vakti athygli heimsbyggðarinnar þegar hann rauf hljóðmúrinn í frjálsu falli úr 39 kílómetra hæð í fyrra.

Þaðan hélt Magnús áfram ferð sinni um Mexíkó og hélt meðal annars ræður fyrir starfsmenn stórrar hótelkeðju þar í landi og hjá einum virtasta viðskiptaháskóla í Mexíkó, Monterey School of Technology.

Í næstu viku heldur Magnús til Rússlands þar sem hann á að tala fyrir fréttamenn og sjónvarpsfólk þar í landi og eftir áramót er fyrirlestur í Washington DC í Bandaríkjunum á döfinni, sem er liður í samstarfi Magnúsar og Michelle Obama – að gera Ameríku heilsusamlegri.

Aðspurður segist Magnús ekki getað annað eftirspurn. „Ég hef gert þetta í tuttugu ár og undanfarin fimm ár hafa þetta verið um tíu ráðstefnur á ári – meira kemst nú ekki fyrir í dagskránni hjá mér vegna anna við annað,“ segir Magnús. olof@frettabladid.is




**GETUR EKKI ANNAÐ EFTIRSPURN** Magnús er vinsæll fyrirlesari, en hann hefur um tveggja áratuga reynslu af því að halda ræður og fyrirlestra um allan heim. WOBI/SCHEVING

### Í pallborði með fyrirmennum

Magnús hefur haldið fyrirlestra og verið á pallborðum með þekktum einstaklingum á borð við Colin Powell, fyrrverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og Paul Grugman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði.



Starfsmenn fjarlægðir:

## Óeirðalögregla rýmdi húsnæði

**GRIKKLAND, AP** Gríska óeirðalögreglan rýmdi eldsnemma í gærmorgun höfuðstöðvar gríska ríkisútvarpsins ERT í Aþenu. Starfsemi stöðvarinnar var lögð niður í sumar.

Fyrrverandi starfsmenn stöðvarinnar lögðu húsið undir sig í júní ásamt velunnurum sínum ýmsum. Þeir höfðu haldið áfram að senda út efni á netinu, þar á meðal fréttir og heimildarþætti.

Enn eru fyrrverandi starfsmenn ERT að senda út efni á netinu á nokkrum stöðum í Grikklandi, þar sem útvarpið var með smærri starfsstöðvar. - gb

Óheppinn bíleigandi:

## Fastur í Ferrari í á annan tíma

**DANMÖRK** Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að eiga fína bíla. Það upplifði miðaldra maður einn í smábæ á Norður-Sjálandi í vikunni.

Hann settist út í Ferrari-bíl sinn í rólegu hverfi, en ekki vildi betur til en svo að rafbúnaður í sætum bilaði með þeim afleiðingum að sætið þrýstist fram og negldi manninn fastan upp við stýrið.

Þar sat maðurinn fastur í hálfa aðra klukkustund þar til nágranni varð loks var við neyðaróp hans og gat gert lögreglu viðvart. Manninum varð annars ekki meint af. - þj


**Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins**

Verður haldinn laugardaginn 9. nóvember frá kl. 13 - 16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9. Á boðstólum verða fallegir handunnir munir er tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar kökur. Þá verða bútar af Héðinsfjarðartrefli til sölu.

**Kaffisala.**

**Verið velkomin.**

**Ágóði af sölunni rennur til Fjölskyldumiðstöðvar sem rekin er af Rauða krossinum í Reykjavík með aðkomu Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins.**

**Nánari upplýsingar á raudikrossinn.is/reykjavik**

Rauði krossinn
Reykjavík–Kvennadeild


Kúfskelin sem fannst við norðurströnd Íslands er eldri en raun bar vitni:

## Íslenska kúfskelin er 507 ára

**VÍSINDI** Kúfskelin sem fannst við norðurströnd Íslands árið 2006 er mun eldri en talið var í fyrstu. Vísindamenn hafa nú komist að því að kúfskelin er í raun 507 ára gömul og ekki 405 ára eins og áður var haldið fram. Skelin er langlífasta dýr jarðar og þegar hún drapst árið 2006 fékk hún viðurkenningu þess efnis í Heimsmetabók Guinness.

Aldur skeljarinnar er reiknaður með því að telja hringi hennar, líkt og þekkist með tré, en var vitlaust reiknaður í upphafi þar sem árhringirnir voru það þétt saman að erfitt var að greina nákvæman aldur. „Við höfðum rangt fyrir okkur í byrjun og vorum kannski örlítið fljótfærir þegar við birtum niðurstöðurnar fyrir nokkrum árum. En nú erum við alveg viss um að við erum búin að komast að hinum rétta aldri,“ segir Paul Butler, einn þeirra vísindamanna sem rannsakað hafa kúfskelina. Kúfskelin var síðar nefnd Ming, eftir Mingveldinu í Kína, en skelin vaknaði til lífsins á svipuðum tíma og keisaraættin komst til valda.

Vísindamennirnir segja að með hjálp kúfskeljanna sé einnig hægt að komast að því hvernig hitastig sjávar hafi þróast síðustu árhundruð. - ka



**ELSTA DÝR JARÐAR** Halldór Pálmar Halldórsson líffræðingur hefur rannsakað kúfskelina. Skelin er 507 ára en ekki 405 ára eins og áður var talið. MYND/HALLDÓR PÁLMAR HALLDÓRSSON



SPARIÐ 40.000

**BILLUND TUNGUSÓFI**
Efni: PELLISIMA leður. Fáanlegur í svörtum og brúnum lit. Stærð: B300 x D85 x H86 sm. Tunga 175 sm.

FULLT VERÐ: 199.950

# 159.950

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



INNISERÍUR VERÐ FRÁ: **379**

INNI- OG ÚTISERÍUR!

ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ: **1.895**

**JÓLASERÍUR**
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Seríurnar fást í mörgum mismunandi stærðum og litum. Inniseríur: 10 ljósa **379**
20 ljósa **595** 39 ljósa **795** 50 ljósa **1.095** 100 ljósa **1.995**
Útiseríur: 40 ljósa **1.895** 100 ljósa **2.995** 200 ljósa **5.995**
Aukaperur 5 stk. á spjaldi **99** Grenilengja 2,7 mtr. Verð frá: **499**

GRENILENGJA 2,7 MTR.



NÝTT

**CALUZA HÚFA**
Flott húfa með dúski. Fáanleg svört og hvít.

20% AFSLÁTTUR

HÚFA ÁÐUR: 1.495
**1.195**

NÝTT

FULLT VERÐ: 1.495
**1.195**

**CADRIA VETTLINGAR**
Flottir vettlingar. Fáanlegir svartir og gráir.



SPARIÐ ALLT AÐ 1000

NÚ VERÐ FRÁ: **1.995**

**LJÓSASTRÝTUR**
Frábær verð! 3 stærðir:
Hæð: 40 sm. **2.495** nú **1.995**
Hæð: 60 sm. **3.995** nú **2.995**
Hæð: 90 sm. **5.995** nú **4.995**



ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ: **995**

**THERMO LEGGINGS**
Hlýjar og góðar, svartar leggings.
Barnastærð:
**1.295** nú **995**
Stærð S-XL:
**1.495** nú **1.295**
Stærð 38 - 50:
**1.995** nú **1.495**



VERÐ FRÁ: **6.995**

**DURANGO KOMMÓÐUR**
Fást í 3 stærðum:
3 skúffur B71 x H68 x D32 sm. Verð: **6.995**
5 skúffur mjó B41 x H108 x D32 sm. Verð: **9.995**
5 skúffur breið B71 x H108 x D32 sm. Verð: **12.950**



**DOLLY MIX GARN**
Mjúkt og gott garn. Efni: 100% polyester. 25 gr. dokka.

1 DOKKA **169**



1 DOKKA **379**

king cole

**MERINO BLEND DK GARN**
Prjónagarn sem fæst í mörgum flottum litum. 100% hrein ull. Superwash. 50 gr. dokka.



1 DOKKA **595**

**BIG VALUE DK BABY GARN**
Einstaklega fallegt garn í mjúkum litum. Fáanlegt í 5 litum. Efni: 100% premium akrýl.



**SAFARI OG CITY BOX / SAFARI TASKA**
Margar mismunandi stærðir og myndir.

NÝTT

VERÐ FRÁ: **4.995**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**
**Gildir til 13.11.13**



mascot

Price Star

SÆNG OG KODDI **6.995**

Þyngd: 1000 gr. Þvottur: 40°C

HREIN EFNI

**JUBILEUM SÆNG OG KODDI**
Sæng á frábæru verði! Sæng fyllt með 1000 gr. af polyesterholtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 gr. af polyesterholtrefjum. Má þvo við 40°C. Koddi 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.

## SVONA ERUM VIÐ



**94,3%** landsmanna notuðu netið til að skoða fréttavefi

**eða vefútgáfur fjölmiðla á síðasta ári.**

Fjöldinn hefur aukist jafnt og þétt, en hlutfallið var 77,6 prósent árið 2009.

Dómsmál vegna bankahrunsins í Danmörku af öðrum meiði en á Íslandi:

# Ábyrgð íslenskra banka meiri

**EFNAHAGSMÁL** Jesper Rangvid, prófessor í fjármálum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, segir ábyrgð dönsku bankanna á kreppunni allt aðra en þeirra íslensku. „Dönsku bankamennirnir ráku kannski bankana illa á tímabili en siðferðislega gerðu þeir ekki mikið rangt. Enginn dómur hefur fallið í Danmörku í tengslum við kreppuna en þau dómsmál sem verða rekin verða af allt öðrum meiði og ekki eins alvarleg og á Íslandi,“ segir Jesper.



JESPER RANGVID

Jesper er formaður nefndar sem rannsakaði orsök og afleiðingar fjármálakreppunnar í Danmörku og kynnti hann helstu niðurstöður nefndarinnar í Seðlabankanum í gær.

Hann segir að á meðan framþróun sé í efnahagsmálum á Íslandi sé efnahagskerfi Danmerkur nú að taka á sig skellinn.

„Atvinnuleysi eykst enn í Danmörku og afleiðingar hrunsins eru enn áberandi í samfélaginu. Íslendingar geta aftur á móti stjórnað gjaldmiðli sínum sem kemur sér vel fyrir til dæmis ferðaþjónustu og útflutning. Að sama skapi var það íslenska krónan sem olli því hversu djúpt krísan risti á Íslandi,“ segir Jesper. -ebg

Úrskurður um fasteignamat:

# Borgi meira af íbúð í gistingu

**STJÓRNSÝSLA** Yfirfasteignamatsnefnd segir eiganda íbúðar á Vatnsstíg eiga að borga fasteignagjöld sem hún væri atvinnuhúsnæði en ekki íbúarhúsnæði. Borgin hækkaði gjöld á íbúðinni úr 0,2 prósentum í 1,65 prósent þar sem hún er leigð til ferðamanna þegar eigandinn er að heiman.

„Óumdeilt er að kærandi hefur boðið ferðamönnum gistingu í íbúð sinni gegn endurgjaldi og hefur hann til þess tilskilið rekstrarleyfi,“ segir matsnefndin. - gar

Sótt um starf dagskrárstjóra:

# Aðeins tvær konur á lista

**FJÖLMIÐLAR** Umsóknarfrestur um stöðu dagskrárstjóra Útvarps rann út í gær. Fimmtán sóttu um stöðuna. Einungis tvær konur er að finna í hópi umsækjenda, þær Ólínu Þorvarðardóttur, fyrrverandi alþingismann, og Áslaugu Baldursdóttur. - ka

### ➜ Umsækjendurnir

Eftirtaldir sóttu um starf dagskrárstjóra Útvarps hjá RÚV: Áslaug Baldursdóttir, Davíð Þór Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Guðni Tómasson, Helgi Pétursson, Hjálmar Hjálmarsson, Ingi Rafn Sigurðsson, Jóhann Hauksson, Kristján Hreinsson, Magnús R. Einarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Sighvatur Jónsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Snorri Ásmundsson og Þorsteinn Hreggviðsson.

Hæstiréttur mildar dóm:

# Fangelsi fyrir glæfraakstur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði refsingu ökuníðings í sex mánaða fangelsi í stað árs eins og héraðsdómur dæmdi.

Maðurinn var ákærður fyrir akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna, hraðakstur, akstur án ökuréttinda, fíkniefnalagabrot og brot á skilyrðum reynslulausnar. Auk fangelsisvistar er maðurinn sviptur ökuréttindum ævilangt og þarf að greiða tæp sjö hundruð þúsund í sakarkostnað. - ebg

### LEIÐRÉTTING

Mistök urðu við gerð grafs með aðsendri grein Leifs Þorbergssonar á bls. 28 í Fréttablaðinu í gær og er beðist velvirðingar á því. Rétt graf fylgir með grein Leifs á Vísi.

# Fækka fólki en borga háar upphæðir í raforkuskatt

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, vonar að staðið verði við samning um að orkuskattur verði ekki framlengdur. Skatturinn verður látinn standa til ársins 2015, þvert á fyrri orð leiðtoga stjórnarflokkanna.

**ORKUMÁL** „Það er sárt að borga áfram um eina milljón króna á dag í raforkuskatt sem átti að vera tímabundinn og þurfa á sama tíma að segja fólki upp vegna sparnaðar,“ segir Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi.



RANNVEIG RIST

Rannveig og forsvarsmenn álfyrirtækjanna á Íslandi hafa síðustu tvö ár gagnrýnt að raforkuskattur stjórnvalda sé enn innheimtur. Upphaflegur samningur þeirra við ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem var undirritaður í lok árs 2009, gerði einungis ráð fyrir að skatturinn yrði til þriggja ára.

Í desember 2012 ákvað sú ríkisstjórn hins vegar að framlengja samninginn. Ákvörðunin var harðlega gagnrýnd af mörgum þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna, þar á meðal af þeim Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, forsætisráðherra og Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar verður framlengingin frá árinu 2012 látin standa til ársins 2015. Stóriðjufyrirtækin þurfa því að greiða um 1,7 milljarða króna í skatt vegna raforkukaupa á næsta ári.

„Árið 2010 fórum við í 60 milljarða króna fjárfestingarverkefni hér í Straumsvík og þá höfðum við skriflega staðfestingu frá Steingrími J. Sigfússyni, þáverandi fjármálaráðherra, um að það yrði staðið við samkomulagið um þennan tímabundna skatt,“ segir Rannveig og heldur áfram.



**SKJALIÐ** Skriflega staðfestingin frá Steingrími J. Sigfússyni, þáverandi fjármálaráðherra, um að skatturinn yrði ekki framlengdur.

„Álverið var á síðasta ári rekið með tapi í fyrsta sinn í tuttugu ár og það er líklegt að rekstur þessa árs skili tapi upp á rúman milljarð króna og á sama tíma er þessi skattur lagður á. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að það að standa ekki við gefin loforð og gerða samninga er afar slæmt fyrir orðspor Íslands meðal erlendra fjárfesta,“ segir Rannveig.

Spurð hvort Rio Tinto Alcan á Íslandi ætli að skoða lagalega stöðu sína segir Rannveig að fyrirtækið sé ekki búið að gefa upp alla von um að fyrri orð standi.

„Við höfum reynt að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og munum gera það áfram.“

haraldur@frettabladid.is

### ➜ Viðbrögð forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar við framlengingu samningins um raforkuskatt árið 2012.



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON

„Ég vil þó nota tækifærið til að nefna eitt atriði hér í lokin vegna þess að það sýnir – það er ekki hægt að kalla það annað en ósvífni núverandi ríkisstjórnar. Það er framganga stjórnarinnar varðandi skatt á fyrirtæki sem, raforkuskattinn, þar sem búið var að gera samkomulag við fyrirtæki sem góðfúslega tóku þátt í því að fjármagna framkvæmdir eða útgjöld ríkisstjórnarinnar, jafnvel með því að greiða skatta fyrir fram til nokkurra ára eins og sum stóriðjufyrirtækin gerðu samkvæmt samningi um að það yrði bara til ákveðins tíma. Svo kemur hæstvirtur forsætisráðherra, eftir að hafa framlengt þessa skattlagningu, og segir að víst hefði verið staðið við samkomulagið, samkomulagið hefði verið að hafa þetta bara til ákveðins tíma en nú sé sá tími liðinn og þá sé hægt að setja skattinn á aftur. Þessir útúrsnúningar eru náttúrlega svo ósvífnir og grófir að þeir eru til þess fallnir að hræða hvern þann sem hefur verið að velta fyrir sér að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu á Íslandi frá því. Vonandi verður skaðinn ekki langvarandi, vonandi tekst nýrri ríkisstjórn fljótt að sýna fram á að hún haldi loforð og samninga betur en sú sem ég vona að fari frá næsta vor.“

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Alþingi, 6. desember 2012.**



BJARNI BENEDIKTSSON

„Fyrir nokkrum vikum síðan bar ég það upp við hæstvirtan atvinnuvegaráðherra hvernig á því stæði að það væri ekki staðið við gefin loforð til stóriðjunnar um að hann [raforkuskatturinn] væri tímabundinn skattur. Með þessu fjárlagafrumvarpi er verið að hækka sérstakan skatt af seldri raforku. Þetta er í raun og veru skattur sem átti einungis að gilda tímabundið og er fyrst og fremst greiddur af stóriðjufyrirtækjunum. Svikin loforð á borð við þetta eru, ásamt öðru, til þess fallin að fæla menn frá því að koma með fjármagn til Íslands.“

**Bjarni Benediktsson, Alþingi, 3. desember 2012.**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Fremur hægur vindur

**Sunnudagur**
15-23 m/s

**TVÍSKIPT HELGI** Fyrir þá sem ætla að nýta helgina til útiveru má mæla með morgundeginum því það gengur í S- hvassviðri eða storm á sunnudag. Bjart víða um land á morgun en nokkuð kalt. Hlýnar á sunnudag og víða úrkoma.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Billund | 11° | Gautaborg | 10° | London | 13° | Orlando | 24° | San Francisco | 15° |
| Basel | 14° | Frankfurt | 15° | Kaupmannahöfn | 10° | Mallorca | 25° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 17° | Las Palmas | 23° | New York | 10° | París | 14° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# Reitir starfa í takt við nágrenni sitt

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Við leggjum okkur fram við að vanda framkvæmdir og tökum mið af nágrenni okkar þegar við byggjum eða breytum því sem fyrir er. Þannig sjáum við til þess að þinn vinnustaður sé í takt við umhverfi sitt.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Til hvaða hafna íhuga eigendur Norrænu að sigla?
**2.** Hvaða eitur fannst í líkamsleifum Arafats?
**3.** Hvaða Íslendingur var tökustjóri hjá One Direction?

**SVÖR:**
**1.** Til Eskifjarðar eða Reyðarfjarðar. **2.** Geislavirka efnið pólon. **3.** Magni Ágústsson.

Stieg Persson, fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, tjáði sig um lán bankans til Al Thani:

# Kaupþing braut lög með fjármögnun sinni

**DÓMSMÁL** Stieg Persson, sem var einn af stjórnarmönnum í Kaupþingi, sagði að bankinn hefði brotið lög með því að fjármagna sjálfur kaup Al Thani á 5,01% hlutafé í bankanum. Hann var einn af tíu sem báru vitni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Persson var á stjórnarfundi Kaupþings í London 28. september 2008.

Saksóknari spurði Persson, sem talaði frá Stokkhólmi, hvort hann hafi vitað að kaupin höfðu verið fjármögnuð af bankanum sjálfum og svaraði hann því neitandi. „Við höfðum ekki þessar upplýsingar. Ég er sannfærður um að ef við hefðum fengið að vita hvernig í málum lá hefðum við gripið til aðgerða,“ sagði hann. Saksóknari spurði þá hvers vegna og svaraði hann: „Vegna þess að þetta var ekki löglegt.“

Fram kom í vitnisburði Perssons og annarra fyrrverandi stjórnarmanna að þeir hefðu á sínum tíma talið viðskiptin við Al Thani vera góð fyrir bankann, enda markmiðið að laða að fleiri erlenda fjárfesta.

Verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, spurði Persson hvort einstök lánamál eða hlutabréfaviðskipti hafi almennt verið rædd á stjórnarfundum og sagði hann svo ekki vera. - fb

### Dagur 4 í Al Thani-málinu

- Tíu báru vitni í gær. Skýrslutaka yfir Bjarka Diego tók lengstan tíma, en stystan yfir Ásgeiri Thoroddsen, um þrjár mínútur.
- „Ég held að það hafi verið fyrir mistök. Það gengur ekki upp að leyna láni upp á 12,5 milljarða,“ sagði Bjarki Diego, sem var framkvæmdastjóri útlanda hjá Kaupþingi, um lán til félagsins Gerland sem var í eigu Ólafs Ólafssonar.
- Gunnar Páll Pálsson, sem var í stjórn Kaupþings og lánanefnd stjórnar, sagðist mjög ósáttur við sérstakan saksóknara fyrir að hafa haldið sér í stöðu sakbornings í mörg ár. Hann kvaðst hvergi fá vinnu vegna þessa.


VERT




HEIMEIER

NÚ ER FROST Á FRÓNI

Er kominn tími til að endurnýja ofnlokann?

- Heimeier ofnlokarnir hafa ekki tilhneigingu til að festast.
- Þeir eru öruggir og endingargóðir.
- Tvöfaldir o-hringir koma í veg fyrir lekavandamál.
- Notendavænn hitanemi sem þú stillir að þínum þörfum.
- Áralöng reynsla.

TENGI

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is


# Ráðherra vill skoða hærri persónuafslátt

Forsætisráðherra segir að menn verði að semja þó aðstæður séu erfiðar. Fjármálaráðherra segist skynja að staðan á vinnumarkaði sé afar viðkvæm. Forseti Alþýðusambandsins telur að ríkisstjórnin hafi vilja til að koma að gerð kjarasamninga.

**KJARASAMNINGAR** „Við höfum ekki haft tilfinningu fyrir því hvort ríkisstjórnin vildi koma að gerð kjarasamninga. Ég tel hins vegar eftir þennan fund að vilji stjórnvalda standi til þess,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Forysta og samninganefnd Alþýðusambandsins hitti forsætis-, fjármála- og félagsmálaráðherra á fundi í stjórnarráðinu í gær.

Forystumenn í verkalýðshreyfingunni hafa undanfarna daga kallað mjög eftir því að ríkisstjórnin gerði grein fyrir því hver efnahagsstefnan ætti að vera til lengri tíma litið.

Ekki fengust svör við því á fundinum en verkalýðshreyfingin kynnti áherslur sínar. Hún reifaði hugmyndir sínar hvað varðar jöfnun lífeyrisréttinda, húsnæðismál, gengis- og vaxtamál og varðandi skattabreytingar.

„Mér fannst menn vera að kalla eftir loforði um að við tækjum samtal um mikilvæg mál eins og þróun húsnæðismarkaðarins, um skattapólitík til næstu ára og hvers sé að vænta eftir afnám hafta í peningamálum,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. Hann segist skynja að ástandið sé gríðarlega viðkvæmt en þrátt fyrir það hafi menn í höndunum tækifæri til ná kaupmáttarsamningum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin sé ekki beinn aðili að kjaraviðræðum.

„Það eru atvinnurekendur og launþegahreyfingin sem eru að semja sín í milli. Menn komast ekki hjá samningum þótt aðstæður séu erfiðar,“ segir Sigmundur Davíð. Hann segir að ekki sé hægt að velta ábyrgðinni af samningsgerðinni yfir á stjórnvöld. Aðkoma stjórnvalda sé að skapa stöðugleika þannig að menn viti við hvaða aðstæður þeir eru að semja en stjórnvöld hafi takmarkað svigrúm til að koma með bein fjárframlög inn í samningagerðina.



**FYRSTI FUNDUR** Forysta og samninganefnd Alþýðusambandsins hittu ráðherra ríkisstjórnarinnar á fundi í gær. Fundurinn markaði ákveðin tímamót þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa kallað stíft eftir því síðustu daga að ríkisstjórnin gerði grein fyrir því með hvaða hætti stjórnvöld ætluðu að koma að gerð kjarasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Hvað varðar skattabreytingar segir Bjarni að það hafi verið búið til sérstakt skattþrep fyrir þá sem eru með lægri laun en 240 þúsund á mánuði og skattar þeirra hafi verið lækkaðir. Persónuafslátturinn sé verðtryggður en þeir sem sitji eftir sé millitekjufólkið, þeir sem eru með laun yfir 240 þúsundum. Aðgerðir stjórnvalda að þessu sinni beinist að þeim.

Sigmundur Davíð forsætisráðherra segir að stjórnvöld hafi velt fyrir sér hækkun persónuafsláttar. „Ég er ekki frá því að það sé þess virði að skoða það betur,“ segir forsætisráðherra og bætir við að menn séu að skoða ýmsar leiðir í þessu sambandi. johanna@frettabladid.is

Um 576 einstaklingar verða á biðlista eftir hjúkrunarrými árið 2025:

# Biðlistar lengjast í framtíðinni

**HEILBRIGÐISMÁL** 125 einstaklingar voru á biðlista eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu í lok september, þar af 85 frá Reykjavík.

Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Björk Vilhjálmsdóttur, þingmanni Samfylkingarinnar. Meðalbiðlisti á höfuðborgarsvæðinu fyrir lok mars, júní og september var hins vegar 121 í samanburði við 100 einstaklinga árið 2012.

Miðað við mannfjöldaspá höfuðborgarsvæðisins og áætlaða fjölgun hjúkrunarrýma er búist við því að biðlistinn styttist í 78 einstaklinga fyrir árið 2015 en að listinn muni síðan lengjast töluvert. Árið 2020 er gert ráð fyrir um 270 einstaklingum á biðlista og árið 2025 verða þeir orðnir 576.

Í viðbót við þau hjúkrunarrými sem tekin hafa verið í notkun í ár er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum fjölgi um 76 á árinu 2015.

Á þessu ári hafa að jafnaði 47 sjúklingar beðið á Landspítalanum eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu á degi hverjum. Síðar í þessum mánuði verða 40 hjúkrunarrými á Vífilsstöðum tekin í notkun. - skó



**MARGIR BÍÐA** Á þessu ári hafa að jafnaði 47 sjúklingar beðið á Landspítalanum eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu á degi hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BOSCH

# Öllum nýjum Bosch kæliskápum fylgir Hagkaups-gjafabréf að verðmæti 35.000 kr.

Gildir aðeins í þrjá daga, 7. til og með 9. nóvember.






Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

BOSCH
BÚÐIN

Hæstiréttur staðfesti dóm:

## Sæta því að greiða af láni

**DÓMSMÁL** Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson, auk Arnars og Bjarka Gunnlaugssona, þurfa að standa skil á láni sem þeir höfðu gengist í ábyrgð fyrir. Hæstiréttur staðfesti í gær fyrri dóm héraðsdóms þar að lútandi.

Málið tengist sölu fjórmenninganna á veitingastaðnum Domo árið 2009 en þeir þurftu að ábyrgjast hluta af kaupverðinu. Landsbankinn krafði þá svo um ábyrgðina þegar nýi eigandinn stóð ekki við skuldbindingar sínar. - ebg

Heilbrigðisráðherra endurskoðar sjúkraflutninga á landsbyggðinni:

# Hætt hefur verið við að fækka sjúkrabílum

**SJÚKRAFLUTNINGAR** „Sameining heilbrigðisstofnana kann að hafa áhrif á það hvernig sjúkraflutningum verður best hagað í framtíðinni svo tryggja megi öryggi fólks í einstökum byggðarlögum. Þetta verður því að skoða í samhengi og þess vegna tel ég ekki tímabært að ráðast í breytingar á sjúkraflutningum núna nema þar sem augljóst er að fækkun bíla hafi ekki neikvæð áhrif á þjónustuna,“ segir Kristján Þór.



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Búið var að ákveða að fækka sjúkrabílum á landsbyggðinni um næstu áramót og semja við Rauða kross Íslands um málið. Nú hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að endurskoða áform um fækkun bílanna og hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Rauða krossins um endurskoðun samningsins.

„Fyrst og fremst verðum við að tryggja öryggi fólks í öllum byggðum landsins. Það gerum við best með því að skoða aðstæður með staðkunnugum og skipuleggja fyrirkomulag sjúkraflutninga með hliðsjón af skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á hverjum stað í náinni samvinnu við forsvarsmenn í hverju heilbrigðisumdæmi,“ segir Kristján Þór. - jme




**HÆTT VIÐ FÆKKUN** Heilbrigðisráðherra ætlar að endurskoða fyrri ákvörðun um fækkun sjúkrabíla á landsbyggðinni.



**LÖGREGLUSTJÓRI OG BORGARSTJÓRI** Hittast mánaðarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samráð borgar og lögreglu:

## Meirihluti vill ekki nýja nefnd

**REYKJAVÍKURBORG** „Óþarfi er að stofna til sérstakrar nefndar um samráð sem þegar er í mjög góðum farvegi,“ bókuðu borgarráðsfulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar, er þeir felldu í gær tillögu sjálfstæðismanna um aukið samstarf lögreglu og borgarinnar.

Sjálfstæðismenn kváðust harma niðurstöðuna. „Óskað er eftir því að skrifaðar verði fundargerðir á fundum borgarstjóra og lögreglustjóra og þær lagðar fyrir borgarstjórn svo fljótt sem auðið er,“ bókuðu þeir. - gar

**UMFERÐARMÁL**

### Huga þarf að bíldekkjum

Lögreglan minnir ökumenn á að fylgjast með sliti á hjólbörðum. Dýpt mynsturraufa hjólbarða fólksbifreiða og jeppa má ekki vera undir en 1,66 millimetrum. Einnig er mikilvægt að athuga hvort loftþrýstingur sé réttur miðað við stærð hjólbarðanna.

Illdeilur fóru úr böndunum:

## Sendi dauða rottu í pósti

**DANMÖRK** Sextugur Dani var í gær dæmdur í sjö daga fangelsi, skilorðsbundið í eitt ár, fyrir að senda fyrrverandi nágranna sínum dauða rottu í pósti. Jótlandspósturinn segir frá.

Í sendingunni var miði sem á stóð: „Deyðu, svín. Deyðu.“

Maðurinn sagði fyrir rétti að þeir nágranninn hefðu eldað grátt silfur saman um langa hríð, jafnvel eftir að kærandi flutti í burtu. Eftir á sagðist hann ekki hafa hugsað verknaðinn til enda. - þj

Íslensk heilbrigðisþjónusta:

## Íbúar utan EES greiða meira

**HEILBRIGÐISMÁL** Íbúar utan EES borga meira fyrir heilbrigðisþjónustu hér á landi en þeir sem búsettir eru innan EES.

Þetta kemur fram í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokks, sem vildi vita hvort skoðað hefði verið að innheimta hærri gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu af einstaklingum sem búsettir væru utan EES. Heilbrigðisráðherra segir þá sem búsettir eru utan svæðisins greiða fullt gjald fyrir heilbrigðisþjónustu. - jjk



**FRÁ SLYSSTAÐ** „Flugvélin rann eftir hryggnum, kastaðist yfir veg og hafnaði loks á grasbala við sumarbústað, um 70 metrum frá þeim stað þar sem hún kom fyrst niður,“ segir rannsóknarnefnd samgönguslysa. MYND/ÚR SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR SAMGÖNGUSLYSA

# Brotlentu of þungri vél og slösuðust illa

Flugvél sem hrapaði í flugi yfir sumarhúsabyggð var ofhlaðin og í of lítilli hæð til að ná krappri beygju sem flugmaðurinn reyndi að taka. Annar flugmaður, sem var farþegi í vélinni og slasaðist illa, var ósáttur við aðfarir hins en sagði þó ekkert.

**FLUGMÁL** Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir reynsluleysi, lágflug og of mikla þyngd meðal orsaka þess að lítil flugvél með fjóra um borð brotlenti í hlíðum Langholtsfjalls. Tveir menn slösuðust alvarlega.

Tveir mannanna í flugvélinni þennan dag, 1. apríl 2010, höfðu hvor um sig á prjónunum að taka vélina á leigu. Mennirnir, sem þekktust ekki, ætluðu að skiptast á að fljúga vélinni í reynsluflugi.

Sá sem hóf flugið tók með sér tvo farþega.

Flugmaðurinn flaug vélinni ítrekað lágt yfir sumarhús í Heiðarbyggð í Langholtsfjalli nálægt Flúðum þar til hann fann bústað sem ættingjar hans dvöldust í og flaug beint yfir húsið. Er hann hugðist taka U-beygju til baka hrapaði vélin til jarðar og brotlenti á mosavöxnum hrygg.

Flugmaðurinn og hinn tilvonandi leigutakinn slösuðust alvarlega og voru fluttir með þyrlu á sjúkrahús en hinir tveir slösuðust minna. Vélin, sem var af gerðinni Cessna 177 og með einkennisstafina TF-KEX, eyðilagðist.

„Flugmaðurinn gerði ekki þyngdar- og jafnvægisútreikninga fyrir flugið en hafði það eftir öðrum flugmanni, sem hafði verið að fljúga flugvélinni undanfarið, að það væri í lagi að vera með þrjá farþega og fulla eldsneytistanka,“ segir í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa sem kveður vélina í reynd hafa verið 125 pundum of þunga.

Yfirhlaðna flugvélin er sögð hafa misst hraða í krappri beygju í sterkum og hviðóttum vindi. „Við rannsóknina kom fram að farþega A [hinum flugmanninum] líkaði ekki framkvæmd flugsins en hikaði við að gera athugasemdir við það sökum mismunar á heildarreynslu þeirra,“ segir rannsóknarnefndin.

Sá sem flaug vélinni hafði minni reynslu en hinn af því að fljúga smærri vélum en hafði það hins vegar fram yfir að vera atvinnuflugmaður.

Mennirnir sögðust hafa tekið eftir því í aðdragandanum að hreyfill vélarinnar gekk verr þegar kveikt var á rafmagnseldsneytisdælu. Kveikt var á þessari dælu þegar slysið varð og fannst vatn og ryð í henni. Sömuleiðis var örlítið vatn í blöndungi. Rannsóknarnefndin nefnir mögulegar gangtruflanir sem eina orsök slyssins. Sjálfur bar flugmaðurinn að sér hefði fundist sem hreyfillinn skilaði ekki því afli sem til var ætlast í lok beygjunnar afdrifaríku.

gar@frettabladid.is




**TF-KEX** Cessna-vélin gereyðilagðist. MYND/ÚR SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR SAMGÖNGUSLYSA

### Orsakir flugslyss í Langholtsfjalli

1. Takmarkaður undirbúningur fyrir flug.
2. Flugmaðurinn hafði ekki reynslu á þessa tegund flugvélar.
3. Flugvélin var yfir hámarksþyngd.
4. Flugvélinni var flogið í krappri beygju í sterkum, hviðóttum vindi á litlum hraða.
5. Flugvélin missti hraða og hæð í krappri beygju með þeim afleiðingum að hún skall í jörðina.
6. Flogið var í lítilli hæð og því lítið svigrúm til leiðréttingar og að ná nægilegum flughraða.
7. Mögulegar gangtruflanir í hreyfli.

*Heimild: Rannsóknarnefnd samgönguslysa.*



# VELDU ÞAÐ BESTA FYRIR BÖRNIN ÞÍN

**Umhverfisvænar vörur sem innihalda engin ónauðsynleg aukaefni.**

coop ÄNGLAMARK

**BLEYJUR:**
Midi, Maxi og Junior
**1.989**
kr/pk

Newborn
**998**
kr/pk

Mini
**1.298**
kr/pk

**BLAUT-KLÚTAR**
**299**
kr/pk







## ÚRSLITIN ERU RÁÐIN Í BLEYJULEIK ÄNGLAMARK

Vinningshafi var Sigrún Gróa Magnúsdóttir og fékk hún 30.000 kr gjafabréf í Nettó ásamt gjafakörfu með Änglamark barnavörum.
Änglamark bleyjurnar eru ofnæmis-prófaðar, umhverfisvænar og innihalda engin ónauðsynleg aukaefni svo sem ilm- og mýkingarefni.

nettó

# Lánuðu þrefalt meira en hámarks-andvirði hlutar í Aurum Holding

Nýtt mat á verðmæti Aurum Holding bendir til þess að félagið hafi verið verðmætara en áður var talið. Verðmæti hlutar sem Glitnir lánaði 6 milljarða fyrir var í mesta lagi 2 milljarðar samkvæmt matinu. Verðmat annars fyrirtækis sem íhugaði kaup á sama tíma var mun hærra.

**DÓMSMÁL** Verðmæti 25,7 prósenta hlutar Fons í Breska félaginu Aurum Holding var á bilinu 345 til 2.080 milljónir króna þegar Glitnir lánaði félaginu FS38 alls 6.000 milljónir króna fyrir kaupum á hlutnum í september 2008.

Þetta er niðurstaðan úr nýju mati dómkvaddra matsmanna á verðmæti félagsins sem lagt var fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, við fyrirtöku í svokölluðu Aurum-máli.

Tvö dómsmál eru í gangi vegna láns Glitnis til kaupa á Aurum. Í sakamáli sem sérstakur saksóknari hefur höfðað eru fjórir ákærðir fyrir umboðssvik eða hlutdeild í umboðssvikum. Þá hefur slitastjórn Glitnis stefnt sex fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans og krefst skaðabóta vegna lánveitingarinnar.

Verðmæti Aurum var fyrst metið af dómkvöddum matsmönnum vegna stefnu slitastjórnar Glitnis. Sexmenningarnir sem stefnt er í því máli sættu sig ekki við matið og fóru fram á að nýtt mat yrði unnið. Það mat, svokallað yfirmat, var lagt fram í fyrirtöku í sakamálinu í gær.

Eldra verðmatið gerði ráð fyrir því að verðmæti hlutar Fons í Aurum Holding hafi, á þeim tíma sem lánið var veitt, verið allt frá því að vera ekkert að því að vera einn milljarður króna. Hámarksverðmæti Aurum var samkvæmt því nærri fjórir milljarðar króna. Nýja verðmatið gerir því ráð fyrir því að verðmæti Aurum Holding hafi verið á bilinu 1,5 til 8 milljarðar króna. Rúmlega fjórðungs hlutur Fons var því samkvæmt matinu í mesta lagi virði tveggja milljarða, þriðjungs af þeim sex milljörðum sem Glitnir lánaði til kaupanna.

Matsmennirnir geta þess þó í skýrslu sinni að mikil óvissa hafi verið í rekstrarumhverfi fyrirtækisins. Þeir nefna einnig að stjórnendur Aurum hafi metið virði fyrirtækisins um 100 milljónir punda, sem á þeim tíma jafngilti um 15,5 milljörðum króna. Matsmennirnir segja það mat ágætan útgangspunkt, en þeirra mat er þrátt fyrir það talsvert lægra.

„Þetta nýja mat raskar ekki grundvelli málsins að nokkru marki,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, spurður um áhrif nýja verðmatsins á dómsmálið.

„Þessir yfirmatsmenn skoðuðu þær áætlanir sem lágu fyrir um rekstur Aurum á sínum tíma og lögðu mat á það hvort þær áætlanir hafi verið raunhæfar,“ segir Óttar Pálsson, verjandi Lárusar Welding.

„Þeirra niðurstaða er sú að þessar áætlanir hafi alls ekki verið óraunhæfar,“ segir Óttar. Hann segir matsmennina einnig hafa tekið það skýrt fram að aðrir lánveitendur Aurum hafi lagt sambærilegar forsendur og Glitnir til grundvallar sínum lánveitingum. Hann segir þetta eitt af því sem sýni fram á að ákvörðunin um að lána fyrir kaupunum á Aurum hafi verið tekin á viðskiptalegum forsendum.

brjann@frettabladid.is

## Aurum-málið

Sérstakur saksóknari ákærði í desember 2012 fjóra einstaklinga fyrir umboðssvik eða hlutdeild í umboðssvikum við sex milljarða króna lánveitingu frá Glitni til félagsins FS38 í september 2008. Ákærðir eru:

- Lárus Welding, þáverandi bankastjóri Glitnis, fyrir umboðssvik.
- Jón Ásgeir Jóhannesson, þá einn af aðaleigendum Glitnis, fyrir hlutdeild í umboðssvikum.
- Magnús Arnar Arngrímsson, þáverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis, fyrir umboðssvik.
- Bjarni Jóhannesson, þáverandi viðskiptastjóri Glitnis, fyrir hlutdeild í umboðssvikum.



**Í DÓMSAL** Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis (annar frá hægri), mætti einn sakborninga í fyrirtöku á Aurum-málinu í héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Segja saksóknara brjóta á sakborningum

Verjendur sakborninganna fjögurra í Aurum-málinu gagnrýndu saksóknara harkalega í bókun sem þeir lögðu fram við fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í bókuninni var skorað á saksóknara að leggja fram gögn sem unnin voru fyrir skartgripafyrirtækið Damas Jewellery um kaup á 30 prósenta hlut í Aurum Holding í september 2008. Um er að ræða uppköst að tveimur áreiðanleikakönnunum á Aurum og öðrum gögnum sem unnin voru vegna þessara fyrirhuguðu viðskipta.

„Blasir við að rannsakendur og ákæruvald hafa í lengstu lög kosið að halda þessum gögnum frá sakborningum og verjendum. Það er alvarlegt brot á hlutlægnisskyldu [...] og hlýtur að hafa afleiðingar að lögum,“ segir í bókun verjendanna. Þar kemur fram að Damas hafi talið verðmæti Aurum um 100 milljónir punda, sem jafngilda um 15,5 milljörðum króna miðað við gengi krónunnar á þeim tíma. Miðað við það hefði 25,7 prósenta hluturinn sem Glitnir lánaði sex milljarða króna fyrir átt að vera virði um fjögurra milljarða króna.

www.volkswagen.is




Lítill að utan og stór að innan

Volkswagen up! setur ný viðmið í hönnun smábíla með því að sameina nett ytra rými og rúmgott innra rými. Hvergi er gefið eftir í kröfum um aksturseginleika, gæðum né öryggi og því til sönnunar eru einróma hrós bílablaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap. Niðurstaðan er einföld: Volkswagen up! er alvöru smábíll.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up! kostar frá
2.050.000 kr.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Katla
PIPARKÖKU-
HÚSALEIKURINN
Byrjaðu strax að hanna draumapiparkökuhúsið
GLÆSILEGIR VINNINGAR
1. VERÐLAUN
50.000 kr. gjafabréf frá Debenhams
2. VERÐLAUN
40.000 kr. gjafabréf frá DÚKA
3. VERÐLAUN
30.000 kr. gjafabréf frá Líf og list
BARNAFLOKKUR
1. - 3. verðlaun
Peysa að eigin vali frá 66° Norður
Bíómiði fyrir tvo
Allir sem taka þátt fara sjálfkrafa í pott og geta unnið glæsilega Kitchen-aid hrærivél frá Einari Farestveit
ALLIR GETA UNNIÐ!
ÖLL FJÖLSKYLDAN TEKUR ÞÁTT!
Einfaldaðu málið. Piparkökumixið og glassúrinn frá Kötlu hentar arkitektum á öllum aldri.
Piparköku mix
Líf&List SMÁRALIND
DEBENHAMS
66° NORÐUR
DÚKA
Einar Farestveit & Co.hf.
SMÁRALIND
Skil á húsum er mánudaginn 4. desember á milli kl. 16 og 19 í Smáralind.
Tilkynnt verður um sigurvegara við hátíðlega athöfn í Smáralind 21. desember.
Allar nánari upplýsingar á www.katla.is

## HEIMURINN




### Kóngurinn fær ekki meira

**1** **BELGÍA** Belgíska stjórnin hefur neitað Albert Belgíukonungi, sem settist í helgan stein í sumar, um meira fé úr ríkissjóði. Þegar Albert hætti minnkuðu fjárframlög til hans úr jafnvirði 1.886 milljóna króna niður í 151 milljón. Elio Di Rupo forsætisráðherra virðist vera harður á því að þetta eigi að duga kónginum fyrrverandi til þess að standa straum af lúxuslífi sínu.

### Nýr leiðtogi talibana

**2** **PAKISTAN** Talibanahreyfingin í norðvesturhluta Pakistans hefur einróma samþykkt að Mullah Fazlullah verði leiðtogi hreyfingarinnar, en forveri hans var drepinn í sprengjuárás um helgina. Nýi leiðtoginn er einkum þekktur fyrir að hafa á síðasta ári skipulagt hina illræmdu árás á Malölu Júsúfsaí, stúlkuna sem hafði barist fyrir menntun kvenna og gagnrýnt ofbeldi talibana.



**ÁVARPAÐI ÞING SÞ** Malala Yousafzai talaði hjá Sameinuðu þjóðunum í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

### Styðja áætlun Írans

**2** **ÍRAN** Leiðtogar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Kína, Rússlands og Þýskalands hafa lýst yfir stuðningi við áform Írans um að draga að hluta úr kjarnorkuáætlun sinni, en Íranar búast við að í staðinn verði smám saman dregið úr alþjóðlegum refsiaðgerðum gegn þeim. Þetta fullyrti Abbas Araghchi, aðalsamningamaður Írans í kjarnorkumálum.

# Mildum höndum farið um foringjana

Yfirmenn bresku leyniþjónustunnar segja að uppljóstranir Snowdens hafi valdið leyniþjónustunni miklum skaða og muni gera störf þeirra erfiðari. Þeir segjast þó ekkert hafa á móti því að löggjöf um starfsemi þeirra verði endurskoðuð.

Bretland „Það er ljóst að andstæðingar okkar núa saman höndum af kæti,“ sagði Iain Lobban, yfirmaður bresku njósnastofnunarinnar GCHQ, spurður um afleiðingar þess að fjölmiðlar víða um heim hafa fjallað ítarlega um uppljóstranir Edwards Snowdens. „Al Kaída drekkur þetta í sig með áfergju.“

Hann sat fyrir svörum ásamt félögum sínum, þeim Andrew Parker og John Sawers, hjá breskri þingnefnd sem spurði út í hleranir og njósnir bresku leyniþjónustustofnananna. Parker er yfirmaður MI5 en Sawers yfirmaður MI6.

Nefndin þótti fara mildum höndum um njósnaforingjana þrjá, en stofnanir þeirra hafa orðið uppvísar að víðtækum net- og símhlerunum, að því er fram kemur í leyniskjölum frá bandarísku Þjóðaröryggisstofnuninni, sem Snowden lak í fjölmiðla í sumar.

Þremenningarnir sögðust þó ekkert hafa á móti því að löggjöf um starfsemi þeirra verður endurskoðuð, en slík endurskoðun er á dagskrá hjá nefndinni.

Þeir fullyrtu allir að stofnanir þeirra starfi innan ramma laganna, og tilgangurinn sé sá einn að þefa uppi aðsteðjandi hættu og fylgjast með athöfnum grunaðra hryðjuverkamanna.

„Við eyðum ekki tíma okkar í að hlusta á símtöl eða lesa tölvuskilaboð venjulegs fólks,“ sagði Lobban í yfirheyrslunni, sem tók hálfan annan tíma.

Uppljóstranir Snowdens hafi hins vegar valdið verulegum skaða og muni gera störf þeirra erfiðari á næstu árum.

Víða var komið við og meðal annars kom fram að stofnanirnar hafi einna mestar áhyggjur af nokkur hundruð breskum ríkisborgurum, sem hafa farið til Sýrlands að berjast með uppreisnarmönnum og sumir þeirra komi síðan aftur til Bretlands.

gudsteinn@frettabladid.is



**YFIRNJÓSNARARNIR YFIRHEYRÐIR** Andrew Parker, John Sawers og Iain Lobban svara opinberlega spurningum breskrar þingnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Leyniþjónustustofnanir Bretlands

**Öryggisþjónustan MI5**
(The Security Service)
Sér um öryggiseftirlit innanlands, meðal annars við að meta og bregðast við hættu á hryðjuverkum.
Yfirmaður: **Andrew Parker**

**Leyniþjónustan SIS–betur þekkt sem MI6**
(The Secret Intelligence Service)
Sér um njósnir erlendis, með það í huga að þefa uppi alla hættu sem gæti steðjað að Bretum og Bretlandi að utan.
Yfirmaður: **John Sawers**

**Fjarskiptaeftirlitið GCHQ**
(Government Communications Headquarters)
Sér um fjarskiptaeftirlit, þar á meðal netnjósnir og símhleranir.
Yfirmaður: **Iain Lobban**

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ
500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI
NISSAN
Innovation that excites
NISSAN QASHQAI






NISSAN QASHQAI DÍSIL 4WD
VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km

Qashqai 1,6 dCi beinsk.
Verð: 4.990 þús. kr.
Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna
Verð: 5.390 þús. kr.
Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.
Verð: 5.790 þús. kr.
Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.
Verð: 6.090 þús. kr.

KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI
500 ÞÚS. KR.
· Vetrardekk
· Dráttarbeisli
· iPad 32 GB

ENNEMM / SIA / NM58914

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Nýjasti leikur Call of Duty:

## Mokseldist á fyrsta söludegi

**TÆKNI** Nýjasti leikurinn í tölvuleikjaröðinni Call of Duty mokselst en leikurinn fór í sölu á þriðjudaginn. Eintök af leiknum, sem ber heitið Call of Duty: Ghosts, seldust fyrir meira en einn milljarð Bandaríkjadala, en það samsvarar rúmlega 121 milljarði íslenskra króna. Inni í þeirri upphæð eru aðeins þeir leikir sem selst hafa í verslunum svo talan mun að öllum líkindum hækka töluvert. Um er að ræða met, en fyrra met átti tölvuleikurinn Grand Theft Auto V, sem kom út í september. - hva

Sauðfjárbændur sýndu skilning á mikilvægi þátttöku í menntaverkefnum Evrópusambandsins:

# Ný bók um sauðfjárrækt eftir áratuga bið

**LANDBÚNAÐUR** Áratugabið eftir alhliða riti um sauðfé og sauðfjárrækt er á enda með bókinni, „Sauðfjárrækt á Íslandi“. „Um málið hefur verið ályktað hjá Landssambandi sauðfjárbænda og búið að tala um það mjög lengi,“ segir Ragnhildur Sigurðardóttir, ritstjóri bókarinnar og lektor við LBHÍ.

Árin 2009 til 2011 veitti hún forstöðu verkefninu Sheepskills (sheepskills.eu) sem styrkt var af menntaáætlun Evrópusambandsins. „Við bjuggum til fræðsluefni í fimm löndum og fórum fyrst af stað með þá hugmynd að efnið yrði rafrænt,“ segir hún, en hér hafi skilaboð frá bændum verið á þá leið að þeir vildu almennilega bók. „Við byggðum á því sem til var og uppfærðum, en mjög mikið var skrifað frá grunni.“



RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR

Þrátt fyrir að umræða um inngöngu í Evrópusambandið hafi verið heit á þessum tíma og ákveðna andstöðu sem verið hafi hjá hópi bænda segir Ragnhildur að á fundum með bændum og ráðgjöfum í sauðfjárrækt hafi komið fram skilningur á því að bæði bæri að gefa og þiggja inn í svona verkefni.

„Íslendingar taka þátt í menntaáætlun Evrópusambandsins í gegn um EES-samninginn. Gaman var að finna hversu miklu við höfum að miðla þótt við séum lítið land og eigum margt sammerkt með öðrum löndum þótt aðstæður séu að mörgu leyti ólíkar.“ - óká




**NÝ BÓK** Á lokametrunum var bætt við kafla um smalahunda.

Utanríkisráðherra í Keflavík:

## Fundaði með Dvorkovich

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti fund með Arkady Dvorkovich varaforsætisráðherra Rússlands á miðvikudag, en Dvorkovich hafði viðkomu í Keflavík.

Fóru ráðherrarnir yfir stöðu fríverslunarviðræðna EFTA og tollabandalags Rússlands, Kasakstans og Hvíta-Rússlands.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Utanríkisráðherra lagði áherslu á mikilvægi þess að tryggja framgang í viðræðunum á næstu misserum. Ráðherrarnir ræddu einnig tvíhliða samskipti ríkjanna, meðal annars á sviði jarðhita og fjarskipta. - ka



**Á LEIÐ ÚT Í GEIMINN** Af öryggisástæðum verður slökkt á eldinum meðan hann er úti í geimnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm dagar í geimstöð:

## Ólympíukyndill farinn út í geim

**RÚSSLAND, AP** Rússar skutu í morgun upp geimfari, sem er með Ólympíukyndilinn innanborðs. Ferðinni er heitið út í alþjóðlegu geimstöðina, sem er á braut umhverfis jörðu.

Bandaríkjamenn flugu einnig með Ólympíukyndil út í geim fyrir Ólympíuleikana í Atlanta árið 1996, en Rússar ætla í þetta skiptið að fara með kyndilinn út fyrir geimfarið í fyrsta sinn í sögunni.

Allt er þetta partur af undirbúningi eða auglýsingaherferð fyrir Vetrarólympíuleikana í Sotsjí. Kyndillinn verður um borð í geimstöðinni í fimm daga.

Af öryggisástæðum verður þó slökkt á kyndlinum á meðan hann er um borð í geimfarinu. - gb

Búið spil hjá Blockbuster:

## Blockbuster hættir í janúar

**VIÐSKIPTI** Myndbandaleigunni Blockbuster í Bandaríkjunum verður endanlega lokað í janúar.

Blockbuster-keðjan hefur verið leiðandi á myndbandaleigumarkaði í fjölda ára en þarf nú að lúta í lægra haldi fyrir myndveitum, eða stafrænum myndbandaleigum, á borð við Netflix. Síðasta tilraunin til að forða fyrirtækinu frá lokun var að bjóða upp á heimsendar DVD-myndir. Slíkum heimsendingum verður einnig hætt. - ka





Kosningaskrifstofa Ármúla 7 » thorbjorghelga.is » thorbjorghelga

# Markasko stjórna afslæt

## Hver verður afslátturinn daginn eftir leik?

**Ísland mætir Króatíu í umspili fyrir HM 2014 á Laugardalsvelli föstudaginn 15. nóvember. Ef leikmaður íslenska liðsins skorar veitir númer* hans lykilhöfum ÓB og Olís samsvarandi afslátt af eldsneyti í krónum talið, laugardaginn 16. nóvember. Ef fleiri en einn leikmaður skorar mark stýra samanlögð númer þeirra afsláttartölunni.**

**Dæmi:** Ef Eiður Smári (nr. 22) og Gylfi (nr. 10) skora báðir mark fá lykilhafar 32 króna afslátt daginn eftir leikinn. Númer hvers leikmanns veitir aðeins einu sinni afslátt þótt hann skori fleiri en eitt mark.







**Sæktu um lykil núna á ob.is**
**eða fáðu hann strax á næstu Olís stöð**

Ef þú átt ekki lykil geturðu farið á næstu Olís-stöð, fengið afhentan lykil og virkjað strax á netinu. Þá er engin hætta á að þú missir af afslættinum. Athugaðu þó að það geta liðið nokkrar klukkustundir frá því lykillinn er virkjaður og þar til hægt er að nota hann.

*Miðað er við númer leikmanns í síðasta landsleik Íslands.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133198

# rararnir
# tinum







## Hverjir heldur þú að skori?

**Þú getur unnið miða á seinni leik liðanna í Króatíu!**

**Kíktu á Facebook-síðu ÓB og giskaðu á hverjir skora gegn Króötum.** Þeir sem giska rétt eiga möguleika á að vinna **flug, hótelgistingu og miða fyrir tvo** á seinni leik liðanna í Króatíu, 19. nóvember. **Allir sem giska á rétt fá bronslykil** sem veitir 10 kr. afslátt í 10 skipti.

**Allir sem nota lykilinn vikuna fyrir leikinn** fara í pott og geta unnið eins ferð!

ICELANDAIR

ÓB



**RÉTTINDI** Börn eiga sjálfstæð réttindi, að því er segir í Barnasáttmálanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vefur Barnasáttmála SP:

## Verkefni og leikir um réttindi barna

Á vef Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, barnasattmali.is, er að finna fróðleik, gagnvirk verkefni og leiki um Barnasáttmálann og mannréttindi barna. Verkefnin eru bæði fyrir yngri og eldri börn.

**Meginmarkmið með vefnum er að börn og fullorðnir**

- þekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og efni hans,
- viti að börn eiga sjálfstæð réttindi,
- átti sig á að börn þurfa sérstaka vernd og umönnun umfram þá sem fullorðnir eru,
- viti að börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif,
- skilji að Barnasáttmálinn kveður á um jafnræði allra barna.

# Ertu oft í farsímanum þegar þú ert með barninu þínu?

Farsímanotendur tékka á símanum sínum sjöttu hverju mínútu. Börnum finnst þau stundum afskipt. Ákjósanlegast er að slökkva á símanum þegar börnin eiga að njóta athyglinnar, segir norskur sálfræðingur.



**UPPTEKINN** Börnin eru stundum í samkeppni við farsímann. NORDICPHOTOS/GETTY

Farsímanotendur tékka á símanum sínum 150 sinnum á sólarhring samkvæmt könnun á vegum Nokia-símafyrirtækisins. Það er um það bil sjöttu hverju mínútu ef gert er ráð fyrir átta klukkustunda svefni. Börnum er farið að finnast eins og þau fái ekki næga athygli frá foreldrum sínum.

„Mamma talar og talar og talar í símann og pabbi er alltaf í Starcraft,“ sagði skólastúlka í viðtali við fréttamann Stöðvar 2 á dögunum þegar hún var spurð að því hvort foreldrar hennar notuðu mikið síma og tölvu.

„Ég á það til að skrolla í snjallsímanum mínum á meðan ég held á litla barninu mínu og gef því að drekka úr pela. Þetta er auðvitað ekki eins og það á að vera. Þessa stund á maður að vera með hugann við barnið sitt,“ sagði ung móðir í spjalli við Fréttablaðið.

Norski sálfræðingurinn Bettina Sunde segir í viðtali á vef norska ríkisútvarpsins að ákjósanlegast sé að hafa slökkt á farsímanum þegar maður er með börnunum sínum. „En ég hef skilning á því að það getur verið ómögulegt fyrir marga. Fyrir flesta er það hræðilega erfitt.“

Sálfræðingurinn tekur það fram að börn þoli alveg þótt kveikt sé á farsímanum. Þau þurfi ekki alltaf að fá alla athyglina. „Oft hafa þau gott af því að bíða eftir því að röðin komi að þeim, til dæmis ef foreldrarnir eru í miðju samtali í símanum. Það er hins vegar vandamál ef þetta gerist þegar þess er vænst að foreldrarnir veiti börnunum sínum athygli.“

Upplifi börnin sí og æ að foreldrarnir fylgist ekki almennilega með þegar börnin þeirra taka þátt í keppnum eða sýningum þá bregðast sum við með því að vekja sérstaka athygli á sér en önnur gefast upp í samkeppninni við farsímann, að því er sálfræðingurinn segir. „Þá halda foreldrarnir áfram eins og áður þar sem börnin eru hætt að þrasa. Þetta verður slæmur vítahringur,“ segir sálfræðingurinn.

Hæfileiki tveggja ára barna til að læra nýtt orð minnkaði greinilega þegar hringt var í foreldrið á meðan það var að tala við barnið sitt og kenna því orðið. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem vísindamaðurinn Benjamin Kenward við Háskólann í Uppsölum hefur greint frá.

ibs@frettabladid.is






Niðurstöður rannsóknar í finnskum skólum:

## Tónlistarkennsla gerir nemendur glaðari og eykur sjálfstraust



**Í TÓNMENNT** Tónlistarkennsla í Austurbæjarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þegar kennslustundum í tónlist var fjölgað urðu nemendurnir ánægðari með árangur sinn í skólanum auk þess sem sjálfstraust þeirra jókst. Þetta eru niðurstöður finnskrar samanburðarrannsóknar sem tók til yfir eitt þúsund nemenda, níu og tólf ára, víðsvegar í Finnlandi. Mikill munur reyndist vera á ánægju þeirra sem fengu aukna tónlistarkennslu og hinna sem fengu jafnmarga tíma og áður. Rannsakendur, sem eru doktorsnemar við Háskólann í Jyväskylä í Finnlandi, benda á að tengsl séu á milli ánægju nemenda og starfsánægju kennara auk fjarvista þeirra vegna veikinda.

Nýjung fyrir gesti á Kjarvalsstöðum:

## Hugmyndasmiðja fyrir börn á öllum aldri

Hugmyndasmiðja fyrir börn hefur verið opnuð á Kjarvalsstöðum. Markmiðið með henni er að bæta enn frekar aðgengi og áhuga hjá yngri gestum safnsins á list og listsköpun.

„Þetta er rými sem býður upp á fjölbreytta möguleika til að upplifa og fræðast. Þetta á ekki að líkjast skólastofu, heldur höfum við fengið innblástur frá arabískri setustofu. Þarna eru til dæmis engin borð,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir vöruhönnuður, sem hannaði hefur hugmyndasmiðjuna.

Í hugmyndasmiðjunni er svokallað innblástursbókasafn með forvitnilegum bókum sem fjölmargir listamenn og hönnuðir hafa sérstaklega mælt með til að kveikja nýjar hugmyndir og innblástur. Guðfinna segir að safninu sé ætlað að örva ímyndunarafl barnanna. Þarna eigi þau að geta verið í ævintýraheimi og teiknað á blað sínar eigin hugmyndir.



**Á KJARVALSSTÖÐUM** Börn af leikskólanum Austurborg í hugmyndasmiðjunni. HILDUR KOLBRÚN ANDRÉSDÓTTIR

Í vetur verða meðal annars haldnar svokallaðar örsmiðjur í hugmyndasmiðjunni þar sem öll fjölskyldan getur spreytt sig á hinum ýmsum listformum undir leiðsögn listamanna. - ibs

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET




# 2.990 ÞÚS. KR.

## BESTU BÍLAKAUPIN Í DAG*




EINNIG FÁANLEGUR 1.7 L DÍSEL
4.5 l/100 km
Í BLÖNDUÐUM AKSTRI

## CHEVROLET CRUZE

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.

EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2011

Chevrolet Cruze LT 1.8 l • bensín • bsk
**Verð aðeins: 2.990 þús. kr.**

Aksturstölva • bakkskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

*Chevrolet Cruze er ódýrasti bíllinn í sínum stærðarflokki

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# SKOÐUN

Munum við finna olíu og kreista kröfuhafa?

## Himnasendingar og hvalrekar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er bjartsýnismaður. Um það bera vott tvær ræður, sem hann hefur haldið undanfarna daga.

Þá fyrri hélt hann á atvinnumálaráðstefnu á Hallormsstað, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Þar sagðist Sigmundur Davíð telja að trúin ein á olíufund á Drekasvæðinu gæti haft mikil áhrif. Undirbúningsvinna og rannsóknir hefðu áhrif á fjárfestingu og uppbyggingu, jafnvel fjárhag ríkisins.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

„Þau vaxtakjör sem bjóðast á þessar skuldir sem við erum að reyna að greiða niður, þau ráðast af framtíðarhorfum í íslensku atvinnulífi," sagði forsætisráðherrann. „Og það að 320 þúsund manna þjóð væri komin með sterk rök fyrir því að verulegar olíu- og gaslindir væri að finna í lögsögunni myndi væntanlega auka lánstraust Íslands til mikilla muna og hefði þannig strax mikil bein fjárhagsleg áhrif."

Það er rétt að það gæti falið í sér gríðarleg tækifæri fyrir Ísland ef olía eða gas fyndist á Drekasvæðinu. En það er stórt ef. Og heldur snemmt að draga ályktanir um að lánshæfi ríkissjóðs skáni bara af því að menn hafa trú á að olían finnist. Sennilega taka erlendir lánveitendur og fjárfestar handfastan árangur í hagstjórn fram yfir bjartar vonir um olíufund.

Hina ræðuna hélt forsætisráðherrann á Alþingi í gær, um „róttækustu aðgerðir stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldsettra heimila" eins og hann kallar það sjálfur. Þar var farið yfir það að starf hinna ýmsu nefnda og starfshópa gengi samkvæmt áætlun. Sjálf forsendan fyrir heimsmetinu var þó aðeins nefnd í framhjáhlaupi, nefnilega að „nýta hluta þess svigrúms sem myndast við skuldaskil fallinna fjármálafyrirtækja í leiðréttinguna".

Sigmundur Davíð útskýrði ekki betur fyrir okkur en áður hvernig ríkissjóður myndi græða hundruð milljarða á samningum við kröfuhafa hinna föllnu banka. En við vitum að hann er gríðarlega bjartsýnn á slíka lausn. Reyndar vantaði líka alveg í ræðu forsætisráðherrans greiningu á því hvað það myndi gera fyrir lánshæfismat Íslands að kreista útlenda fjárfesta til að fjármagna stórkostlegustu kosningaloforð í heimi.

Það er gott að vera bjartsýnn. Og að sjálfsögðu eigum við að vera vakandi fyrir tækifærunum og grípa þau þegar þau gefast. Við getum hins vegar ekki stólað á himnasendingar og hvalreka. Stjórnvöld þurfa að sýna að þau geti náð árangri án happdrættisvinninga.

Til að tryggja hag fyrirtækja og heimila í landinu er einna brýnast að ná tökum á gjaldmiðlinum. Það þarf að tryggja stöðugleika sem greiðir fyrir milliríkjaviðskiptum og afnema gjaldeyrishöftin. Það þarf að tryggja að enn ein gengiskollsteypan valdi ekki enn einni stökkbreytingunni á lánum heimilanna – því að sú sem átti sér stað árin 2007-2008 var ekki sú fyrsta og verður heldur ekki sú síðasta á meðan við búum við krónuna.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar ýtt frá sér nærtækasta kostinum á að Ísland geti eignazt stöðugan gjaldmiðil og komizt út úr gjaldeyrishöftunum. Það væri miklu nær að leggja fram raunhæft plan um slíkt en að byggja skýjaborgir sem gefa sér þá forsendu að við verðum heppin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt á réttri leið en ekkert nýtt

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flutti í gær skýrslu um stöðu mála varðandi skuldaleiðréttingar. Þeir sem biðu vongóðir við heimabankann urðu sennilega fyrir vonbrigðum því að í skýrslunni kom fátt nýtt fram.

### Hættulegar væntingar

Birgitta Jónsdóttir frá Pírötum gagnrýndi í ræðu sinni þau loforð sem Framsóknarflokkurinn fór með inn í síðustu kosningar. Sagði hún hættulegt að skapa væntingar um leiðréttingar áður en ljóst væri hvaða hópar kæmu til með að eiga rétt á slíku. Sagðist hún hafa heyrt af fólki sem hafði hætt að borga af íbúðum sínum í von um að fá leiðréttingu nú í haust. Það er líklega rétt að gera athugasemd við að blása upp væntingablöðru, en hljóta þeir, sem hætta að greiða af lánum upp á von og óvon, ekki að þurfa að taka ábyrgð á eigin gjörðum?



### Má stóla á sjálfstæðismenn?

Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins stálu annars senunni með fjarveru sinni við umræðuna, enda öllum ljóst að milli stjórnarflokkanna eru mismunandi sjónarmið um þetta málefni. Máski hefði mátt afsaka tóma stóla ráðherra með því að þeir hefðu allir verið vant við látnir þetta formiðdegið, en viti menn! Af fimm ráðherrum var aðeins Illugi Gunnarsson með skráða fjarvist. Þá höfðu þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokks, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Kristján Þór Júlíusson og formaðurinn Bjarni Benediktsson, tekið þátt í umræðum fyrr um morguninn. Síðastur steig Kristján Þór úr pontu fimm mínútum áður en Sigmundur Davíð hóf mál sitt.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## „Ég er sko vinur þinn" – Göngum gegn einelti

EINELTI



**Ármann Kr. Ólafsson**
bæjarstjóri Kópavogs

Í þriðja sinn verður dagurinn 8. nóvember helgaður baráttunni gegn einelti og í Kópavogi verður gengið gegn einelti í öllum skólahverfum bæjarins. Þetta er í fyrsta sinn sem bærinn tekur þátt í þessum táknræna baráttudegi með svo afgerandi hætti. Börn og unglingar frá öllum leikskólum, grunnskólum og félagsmiðstöðvum ætla að ganga stuttan spöl og halda á hvatningarspjöldum þar sem minnt verður á að einelti eigi aldrei að líðast. Að göngu lokinni verða ýmsar uppákomur í skólum bæjarins, þar sem m.a. verður sungið Disney-lagið: „Ég er sko vinur þinn." Tillaga mín um eineltisgönguna var lögð fram í sumar og var hún samþykkt einróma.

Markmiðið er að vekja athygli á skaðsemi eineltis og hvetja foreldra, börn og unglinga til þess að halda vöku sinni og hrekja þennan óvin á flótta. Rannsóknir sýna að einelti getur byrjað svo snemma sem í leikskóla og flest ef ekki öll vitum við um einstaklinga sem líða fyrir einelti í æsku. Við vitum líka að einelti getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Því er mikilvægt að vel sé haldið á þessum málum hjá sveitarfélögunum, ekki bara í grunnskólunum heldur líka í leikskólunum og félagsmiðstöðvum.

Skólar í Kópavogi hafa á liðnum árum unnið markvisst gegn einelti og samþykktar hafa verið eineltisáætlanir fyrir grunnskóla og leikskóla. Sömuleiðis hefur verið samþykkt eineltisstefna fyrir starfsmenn bæjarins en þar má m.a. finna leiðbeiningar um það hvernig bregðast eigi við ef einelti kemur upp. Mikilvægt er að fylgja slíkum áætlunum eftir með forvörnum, fræðslu og upplýstri umræðu. Eineltisgangan í dag er liður í því.

Einelti er þó ekki bara bundið við skólana heldur þurfum við að vera meðvituð um að einelti getur birst hvar sem er í samfélaginu, á vinnustöðum, í félagsmiðstöðvum eða á sumarnámskeiðum svo dæmi séu nefnd. Síðast en ekki síst þurfum við þó sem foreldrar, forráðamenn, kennarar, bæjarstjórar eða aðrar fyrirmyndir að líta í eigin barm og huga að því hvers konar skilaboð við sendum til yngstu kynslóðarinnar.

Tökum öll höndum saman í dag og látum þennan dag vekja okkur til umhugsunar um gildi vináttu og jákvæðra samskipta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Vantar fleiri fundi

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Þú kemur heim eftir langan vinnudag, hendir töskunni á gólfið, ferð úr skónum og hellir köldu vatni í uppáhaldsbollann. Makinn spyr: „Hvernig var í vinnunni?“ Þú svarar: „Fínt, en það voru bara ekki nógu margir fundir.“

**Atvinnu-pólitík**

Líf stjórnmálamanns snýst um það að sitja á fundum. Til að tilveran verði ekki of niðurdrepandi þurfa menn líklegast að sannfæra sig um að öll þessi fundahöld skili einhverju. Þegar því sannfæringarferli er lokið er kannski eðlilegt að menn vilji dreifa þessu fundaverklagi sem víðast. Því leggja menn til að „fyrirtæki verði rekin af starfsmönnum“. Væntanlega þannig að starfsmenn hittist á fundum og ræði ákvarðanir, beri upp tillögur, kjósi um þær og bóki andmæli.

Svo er ekki að skilja að ég vilji banna mönnum að stjórna fyrirtæki eins og menn stjórna ríki og sveitarfélögum. Mönnum er það auðvitað frjálst nú þegar. En ég myndi ekki vilja vinna í slíku fyrirtæki og myndi seint mæla með því við fólk sem mér þykir vænt um. Ef einhverjum er þetta svona mikið hjartans mál þá ætti hann að ræsa slíkan rekstur með eigin peningum en ekki að nota annarra manna fyrirtæki sem ílát undir eigin hugdettur.

**Hliðarstörf í aðalstarfi**

„Æi, eru þetta nú ekki bara ósköp sakleysislegar tillögur?“ gæti einhver spurt. Þær eru það ekki. Þær eru heldur ekki góðar. Því meiri tíma sem menn taka í að gera eitthvað sem þeir eru ekki ráðnir í þeim mun minni tíma hafa þeir til að gera það sem þeir eiga að vera gera. Sjálfur þekki ég nóg af fólki sem er í það fundafrekum störfum að það þarf að mæta í vinnuna um helgar til að koma einhverju í verk.

Fundir eru ekki eina vandamálið. Margar svona sakleysislegar tillögur eins og „nú skiptumst við á að taka til í eldhúsinu“ eða „hver deild verður að undirbúa atriði fyrir árshátíðina“ gera í raun ekkert annað en að taka tíma frá alvöruvinnunni og einkalífi fólks. Sumt af þessu getur kannski myndað einhverja stemningu, en í alvöru talað, ef stjórnendur á vinnustað álíta að tíma sérhæfðs starfsfólks sé vel varið við það að þrífa diska eða hlusta á annað fólk tala þá eru sóknarfæri til úrbóta á þeim vinnustað.

**Myndirðu fljúga á þennan fund?**

Aðeins í framhjáhlaupi: Einn kostur við að vera í starfi þar sem maður starfar nokkuð með fólki í útlöndum er að það sjálfkrafa fækkar fundum. Hér á Íslandi eru hins vegar allir alltaf svo nálægt að það er ekkert mál að halda fund og því halda menn fund þegar tölvupóstur eða símtal hefðu dugað. Ég er eiginlega að hugsa um að temja mér eftirfarandi reglu þegar kemur að fundahöldum. Spyrjum okkur: „Ef sú manneskja sem þú ert að hitta væri í öðru landi, myndirðu fljúga til að hitta hana?“ Ef svarið er neitandi þá á ekki að halda fund.

**Gamaldags stéttabarátta**

Svandís Svavarsdóttir og þingmenn VG endurflytja nú nánast 50 ára gamlar tillögur Ragnars Arnalds um að kosin verði níu manna nefnd (auðvitað) sem hafi það hlutverk að gera tillögur um fyrirkomulag atvinnulýðræðis á vinnustöðum. Ég hef það á tilfinningunni að tillögum sem þessum sé ætlað að berjast fyrir réttindum manna í atvinnulífinu eins og það eitt sinn var. Það er svona „Setjum verksmiðjurnar í hendur verkafólksins!“ andi yfir þessu.

> Svo er ekki að skilja að ég vilji banna mönnum að stjórna fyrirtæki eins og menn stjórna ríki og sveitarfélögum. Mönnum er það auðvitað frjálst nú þegar. En ég myndi ekki vilja vinna í slíku fyrirtæki og myndi seint mæla með því við fólk sem mér þykir vænt um.

Við eigum ekki að líta á stjórnendur sem „yfirmenn“ í hernaðarlegum skilningi. Það ætti mun frekar að líta svo á að þetta sé fólk sem hafi það hlutverk að skipta verkum manna á milli. Líkt og leikstjórnendur í handbolta hafa þeir bara þetta hlutverk en eru ekkert merkilegri en aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Og það er fjarri því augljóst að betra væri ef þessu hlutverki væri sinnt af lýðræðislega kjörinni nefnd starfsmanna.

Enn og aftur: Ef Svandís Svavarsdóttir vill stofna lýðræðislegt símafyrirtæki eða lýðræðislega matvörukeðju þá má hún gera það mín vegna, fyrir sinn peing. En bara, plís, ekki pranga fleiri fundum upp á fólk sem hefur bara annað og betra við tíma sinn að gera.

# Vökulög – vændislög

SAMFÉLAG
Bjarni Karlsson
prestur



Einu sinni var vinnutími sjómanna og verkamanna álitinn einkamál þeirra og atvinnurekandans. Frjálsir verkamenn sömdu bara við þá sem keyptu af þeim vinnukraftinn. Þá komu til verkalýðsfélög sem m.a. settu á vökulögin svo nefndu sem gerðu það að verkum að sjómenn og útgerðarmenn máttu ekki lengur semja um nema takmarkað vinnuframlag á sólarhring. Þetta inngrip í frjálsa samninga fullveðja fólks var gert af augljósum ástæðum með hagsmuni samfélagsins og almenna lýðheilsu fyrir augum.

Það er dálítið í anda vökulaganna sem ég hygg að rétt sé að móta vændislög. Það er einföldun að halda að fullveðja fólk geti með réttu gert hvaða samninga sem vera skuli við annað fullveðja fólk svo lengi sem það sé bara þeirra á milli, eins og gjarnan er haldið fram í umræðunni sem nú stendur um vændi á Íslandi.

Það er t.d. þekkt staðreynd að til er fólk í útlöndum sem selur öðrum líffæri úr sjálfu sér. Myndum við vilja lögleyfa slík viðskipti með þeim orðum að fólk ráði sér og sínum skrokki sjálft og sé fært um að meta hagsmuni sína í viðskiptum við aðra? Myndum við vilja halda áfram og segja: „Hvers vegna að halda þessari starfsemi undir yfirborðinu, gera líffærakaupendur að glæpamönnum og koma í veg fyrir að uppskurðir séu framkvæmdir við bestu hugsanlegu aðstæður?“

Nei, það yrði erfitt að finna marga sem treystu sér í þetta. Ástæðan er siðferðisleg og samfélagsleg. Við skynjum að það er eitthvað um mannslíkamann og ráðstöfun okkar á gæðum hans sem er ekki bara einkamál eða viðskipti, heldur varðar um leið siðferði okkar og samfélag. Vændi er heldur ekki einungis persónulegs eða viðskiptalegs eðlis, það hefur líka siðferðislegar og samfélagslegar hliðar.

> ➜ Kynlíf og vændi eru þannig ólík samskipti og geta ekki heitið sama nafni. Utan frá séð geta samskiptin litið eins út – fólk að hafa mök – en inntak þeirra er þó sitt hvað.

Önnur rök sem oft eru notuð til þess að gera lítið úr áhyggjum af vændi eru þau að hér séum við komin inn á svið kynlífsins og að ekki dugi nú að ætla að stjórna kynlífi fólks. Þarna hygg ég tvennu ruglað saman. Í kynlífi deilir fólk líkamlegum gæðum í gagnkvæmni og jöfnuði en vændi er kynferðisleg samskipti án jafnaðar, þar sem skipt er á líkamlegum gæðum gegn gjaldi. Kynlíf og vændi eru þannig ólík samskipti og geta ekki heitið sama nafni. Utan frá séð geta samskiptin litið eins út – fólk að hafa mök – en inntak þeirra er þó sitt hvað. Þegar kynferðissamskipti hætta að vera gagnkvæm og fela ekki lengur í sér jöfnuð þá hætta þau að vera kynlíf og verða að einhverju öðru.

Allt snýst þetta um gæði mannslíkamans. Líkamar okkar eru magnaðir og gjöfulir, uppsprettur sístreymandi gæða til sjós og lands. Og það gildir um líkamsgæði jafnt sem önnur gæði að þau fara forgörðum þegar menn nálgast þau með ójöfnuði. Þess vegna eru vændisviðskipti röng og vitlaus rétt eins og aðstæður gömlu síðutogarasjómannanna voru fáránlegar áður en vökulögin voru sett. Löggjöf okkar þarf einhvern veginn að endurspegla það sem við vitum sannast og best á hverjum tíma.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114/117 g/km. Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# JÓLABÆKURNAR




KYNNINGARVERÐ **9.030KR**
VENJULEGT VERÐ* ~~12.900KR~~




**4.190KR**




KYNNINGARVERÐ **3.490KR**
VENJULEGT VERÐ* ~~4.990KR~~




30% AFSLÁTTUR
**5.240KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.498KR~~




30% AFSLÁTTUR
**4.890KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.790KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
**5.590KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.990KR~~




30% AFSLÁTTUR
**4.890KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
**3.140KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.490KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.580KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.699KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.090KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.300KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.299KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.790KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
**2.440KR**
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.490KR~~

Gildir 8.-10. nóvember. *Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði — Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt. HAGKAUP

# Á BETRA VERÐI
# Í HAGKAUP

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.999KR
30% AFSLÁTTUR




KYNNINGARVERÐ 3.070KR
VENJULEGT VERÐ* 4.390KR




30% AFSLÁTTUR
4.180KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.980KR




3.840KR




30% AFSLÁTTUR
4.190KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.990KR




3.490KR




4.190KR




3.420KR




30% AFSLÁTTUR
4.540KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.499KR




30% AFSLÁTTUR
2.580KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.690KR




KYNNINGARVERÐ 3.000KR
VENJULEGT VERÐ* 4.290KR




KYNNINGARVERÐ 2.440KR
VENJULEGT VERÐ* 3.490KR




KYNNINGARVERÐ 3.490KR
VENJULEGT VERÐ* 4.990KR




30% AFSLÁTTUR
2.650KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.790KR

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Úr stjórn RÚV

RÍKISÚTVARPIÐ



Björg Eva Erlendsdóttir
stjórnarmaður og fv. formaður í stjórn Ríkisútvarpsins

➜ **Stjórn Ríkisútvarpsins ber samkvæmt lögum að hafa eftirlit með stjórnun og rekstri, leiðbeina útvarpsstjóra og styðja í því að halda sig við faglega stjórnarhætti.**

Ókyrrð hefur verið um Ríkisútvarpið í fjölmiðlum síðustu vikurnar. Nýjust er deila um milljónaspilaþátt, beint ofan í umræður um niðurskurð, áður var það brotthvarf stjórnanda dagskrárdeildar útvarps og ráðning borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í spjallþátt. Ráðið var eftir einkasímtal útvarpsstjóra við stjórnmálamanninn og vakti sú aðferð athygli margra. Eðlilega, því hún stangaðist á við öll gildi sem Ríkisútvarpið segist fylgja um faglegar ráðningar og starfsmannastefnu.

Óhefðbundinni aðferð Páls Magnússonar útvarpsstjóra var reyndar best lýst af hinum nýráðna borgarfulltrúa sjálfum. En Gísli Marteinn Baldursson, sagði í viðtali stuttu síðar: „Páll einfaldlega bjallaði í mig og hann sagði það bara beint út, hann sá hvernig pólitíkin var að þróast. Þeir voru búnir að vera að leita að umsjónarmanni í staðinn fyrir Egil síðan í vor og meira að segja voru þeir búnir að spyrja mig hvort ég væri með einhverja hugmynd að mönnum,“ sagði Gísli.

Á stjórnarfundi var skipst á ólíkum skoðunum um aðferð útvarpsstjóra. Og fjölmiðlar sem vakta Ríkisútvarpið birtu misnákvæmar frásagnir af umræðunum. Réttilega var sagt að tvær bókanir hefðu komið fram, en af innihaldinu fór óskýrum sögum. Örfáir blaðamenn eða álitsgjafar, segja að nú sé gamla útvarpsráð uppvakið, með því að Björg Eva Erlendsdóttir og Pétur Gunnarsson reyni að hafa afskipti af mannaráðningum. Það er hraustleg túlkun á bókunum sem hvergi hafa birst og fjalla um meginreglur. Þess má geta að núverandi útvarpsstjórn skipa auk fyrrnefndra þau Ingvi Hrafn Óskarson, Margrét Frímannsdóttir, Magnús Stefánsson, Guðrún Nordal, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Magnús Geir Þórðarson, Sigurður Björn Blöndal og Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

**Hótað nær daglega**

Fátítt var í síðustu stjórn að átök um Ríkisútvarpið færu í fjölmiðla, þó gerðist það þegar áætlaðar uppsagnir á Rás eitt fyrir rúmu ári voru stöðvaðar. Ekkert samráð var við stjórn um þá stefnubreytingu sem fólst í uppsögnunum og stjórnin samþykkti þær því ekki. Málið fór í fjölmiðla. Annars voru álitamál yfirleitt rædd eftir þörfum, án stórátaka og lokið í sátt. Að því leyti var fyrri stjórn farsæl. Núverandi stjórnarformanni og útvarpsstjóra er vorkunn. Ríkisútvarpinu er hótað nær daglega af liðsmönnum ríkisstjórnarinnar og mörgum virtist útvarpsstjóri kyssa vöndinn, þegar hann „bjallaði“ í starfandi borgarfulltrúa og réð hann í spjallþátt í sjónvarpi, án faglegs ferlis eða auglýsingar.

Stjórn Ríkisútvarpsins ber samkvæmt lögum að hafa eftirlit með stjórnun og rekstri, leiðbeina útvarpsstjóra og styðja í því að halda sig við faglega stjórnarhætti. Bókun, sem einhverjir virðast halda að sé heimskuleg pólitík og afskipti af ráðningu, var einmitt dæmi um nauðsynlegt aðhald og eftirlit með verklagi. Hún var ábending til framtíðar fyrir útvarpsstjóra, sem hafði misstigið sig og vikið frá faglegum starfsháttum.

Gott er að byggja álit og fréttir á traustum heimildum. Blaðamenn og velunnarar Ríkisútvarpsins ættu að óska eftir því að fundargögn stjórnar, sem ekki varða samkeppnisrekstur, verði birt. Það er miklu betra en að blaðamenn á samkeppnismiðlum RÚV og álitsgjafar með ýmsan tilgang leggi út af gögnum sem þeir hafa ekki séð. Ekki má gleymast að Ríkisútvarpið eigum við öll og við megum krefjast upplýsinga um hvernig því er stjórnað og í hvað skattpeningarnir okkar fara. En órökstutt slúður og sleggjudómar verða Ríkisútvarpinu varla til góðs á erfiðum tímum.




# Fræðsla um réttindi barna getur minnkað einelti

EINELTI



Stefán Ingi Stefánsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

➜ **Börn sem hafa verið beitt ofbeldi eru einnig líklegri til að neyta áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna.**

Fyrr á árinu gaf UNICEF á Íslandi út skýrsluna Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir. Í skýrslunni er fjallað um mismunandi birtingarmyndir ofbeldis gagnvart börnum á Íslandi, þ.e. heimilisofbeldi, vanrækslu, kynferðislegt ofbeldi og einelti. Í hverjum kafla er farið yfir umfang og eðli ofbeldisins auk þess sem tengsl þess við ýmsa áhættuþætti eru skoðuð, t.d. vanlíðan og áhættuhegðun. Í skýrslunni eru einnig lagðar fram tillögur um ofbeldisforvarnir og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum á Íslandi.

Samkvæmt skýrslunni sýna gögn frá Skólapúlsinum meðal annars að a.m.k. 7% barna í 10. bekk verða fyrir miklu einelti og 21% fyrir nokkru einelti. Rúmlega fjórðungur barna í 10. bekk verður því fyrir einelti á hverju ári. Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að börn sem verða fyrir einelti eða öðru ofbeldi eru líklegri til að hafa minna sjálfsálit, finnast þau hafa minni stjórn á lífinu og hafa tilhneigingu til að sýna einkenni almennrar vanlíðanar og kvíða. Börn sem hafa verið beitt ofbeldi eru einnig líklegri til að neyta áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna.

**Vel heppnuð réttindafræðsla**

Tillögurnar sem lagðar eru fram í skýrslunni miða að miklu leyti að því að auka fræðslu um ofbeldi. Það er mat UNICEF á Íslandi að ekki nægi að veita börnum slíka fræðslu – nauðsynlegt sé að allir sem umgangist börn fái fræðslu um ofbeldi og afleiðingar þess. Ein af tillögum UNICEF miðar að því að mannréttindafræðsla og kynja- og jafnréttisfræðsla verði veitt á öllum skólastigum. Enn fremur að skólum verði veitt aðhald og aðstoð við að framfylgja eineltisáætlunum sínum og innleiða grunnþætti nýrrar aðalnámskrár. Grunnþættirnir eru m.a. heilbrigði, velferð, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Yfirvöld hafa sett sér metnaðarfulla stefnu þegar kemur að menntun barna en nauðsynlegt er að skólar og kennarar fái stuðning og fræðslu um innleiðingu á þessum þáttum. Í þessu ljósi er vert að benda á jákvæða reynslu af metnaðarfullu réttindafræðsluverkefni UNICEF í Bretlandi. Frá árinu 2005 hefur landsnefnd UNICEF í Bretlandi innleitt réttindaskólalíkan (Rights Respecting Schools Award) í rúmlega 2.500 grunnskólum með góðum árangri. Skólalíkanið miðar að því að innleiða réttindi barna með markvissum hætti inn í skólastarf og gera Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að verkfæri í kennslu frekar en kennsluefni í afmörkuðum kennslufögum.

Árangurinn af innleiðingu þessa líkans hefur verið merkilegur fyrir margar sakir, ekki síst fyrir mælanleg áhrif á tíðni eineltis og annars ofbeldis. Niðurstöður úr skólum sem tekið hafa þátt sýna að tíðni eineltis og annars ofbeldis í skólunum minnkaði í kjölfar innleiðingar verkefnisins, nemendur létu frekar vita ef brotið var gegn rétti þeirra eða samnemenda þeirra og skólastjórnendur mátu sig betur í stakk búna til að vernda nemendur og bregðast við einelti eða öðru ofbeldi innan skólans.

**Markviss þáttur í forvörnum**

Niðurstöður verkefna á borð við réttindaskólalíkanið undirstrika nauðsyn þess að mannréttindafræðsla verði mikilvægur þáttur í markvissum forvörnum gegn einelti og öðru ofbeldi. Í ljósi reynslunnar frá Bretlandi hefur UNICEF á Íslandi nú hafið undirbúning að íslensku réttindaskólalíkani. Það er von okkar að geta boðið nokkrum íslenskum grunnskólum upp á þátttöku í slíku tilraunaverkefni á nýju skólaári.

Með því að fræða börn og fullorðna um mannréttindi, ekki síst réttindi barna, sköpum við umhverfi þar sem börn verða fulltrúar eigin réttinda, sem og réttinda annarra. Þannig styrkjum við og eflum börn og ungmenni og búum þau undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

# Af lausbeisluðum læknum

HEILBRIGÐISMÁL



Ómar Sigurvin Gunnarsson
formaður Félags almennra lækna

➜ **Tel ég að fréttaflutningur sá, sem læknar hafa undanfarnar vikur tengst, beri skýr merki um neyð.**

*Ágæti heilbrigðisráðherra!*
Ég vil byrja á að þakka þér fyrir að hafa, fyrstu mánuðina í starfi, verið duglegur að hlýða á raddir lækna, meðal annars á aðalfundi Læknafélags Íslands 10. október síðastliðinn. Það er ánægjulegt að greina þann áhuga sem þú hefur á málflutningi lækna og hefur þú þegar gert meira í þeim málum en forverar þínir. Daginn eftir ávarp þitt á aðalfundi LÍ var haldið málþing um stöðu heilbrigðiskerfisins fimm árum eftir hrun, þar sem fram komu ýmsar ábendingar og lausnir varðandi það sem betur mætti fara. Landlæknir sat þar á fremsta bekk og hlustaði af athygli, en læknum þótti miður að þangað mætti hins vegar hvorki ráðherra eða aðrir ráðuneytismenn, né heldur stjórnendur Landspítala eða annarra heilbrigðisstofnana.

Athyglisvert þótti mér að í ávarpi þínu, sem annars var mjög gott, gerir þú „lausbeislaðan“ fréttaflutning að umræðuefni. Læknar hafa alla tíð þótt frekar vel taminn hópur og seinþreyttir til vandræða og því þykir það tíðindum sæta séu þeir orðnir tregir í taumi. Tel ég að fréttaflutningur sá, sem læknar hafa undanfarnar vikur tengst, beri skýr merki um neyð. Í orðum þeirra felst neyðarkall og örvænting vegna langvarandi skeytingarleysis stjórnenda og stjórnvalda sem markvisst hafa lagt sig fram um að hlusta ekki á skynsemisraddir og hógværar lýsingar lækna sem margítrekað hafa lýst yfir áhyggjum sínum. Í fjölmiðlaumfjöllun undanfarinna missera hefur ekki verið farið fram með glannaskap, útúrsnúningum og upphrópunum, heldur yfirveguðum en beinskeyttum staðreyndum. Ég geri mér grein fyrir því að það getur verið erfitt að horfast í augu við þessar staðreyndir, einkum ef sá sem valdið hefur upplifir viðfangsefnið óyfirstíganlegt eða erfitt viðfangs.

**Eftirsóknarverður starfskraftur**

Íslenskir læknar eru eftirsóknarverður starfskraftur. Við höfum góða menntun, oftast töluverða starfsreynslu, erum agaðir og sjálfstæðir og búum yfir ríkulegri sjálfsbjargarviðleitni. Við erum auk þess vinnusamir einstaklingar, sem vanir erum harðræði og lágum launum. Við sinnum störfum okkar vel, af hugsjón og með hagsmuni sjúklinga okkar í fyrirrúmi. Við vitum að verk okkar lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks eru mikilvæg og að víða vinnum við sannkölluð kraftaverk við erfiðar aðstæður.

Ég tel ónauðsynlegt í þessari stuttu grein að fara yfir allar þær ábendingar og lausnir sem læknar hafa bent á. Nokkrar af þeim ábendingum hafa snúið að húsnæðismálum, tækjakosti, gríðarlegri manneklu og álagi, ásamt skorti á samstarfi milli stjórnenda og starfsmanna. Þessi mál þekkir þú vel frá okkar fundum. Hins vegar vil ég kafa dýpra í launamálin, sem þú gerir að sérstöku umtalsefni í grein þinni sem birt var á heimasíðu velferðarráðuneytis í lok fundarins 10. október, auk þess sem þau voru reifuð í sjónvarpsþætti á dögunum. Þar hefur þú fallið í sömu gryfju og aðrir heilbrigðisráðherrar og látið lækna líta út fyrir að vera ofurlaunamenn, ásamt því að reyna að grafa undan vandamálinu með því að minnast á launatölur í fjarlægum löndum eins og Dubai eða litlum, einangruðum og sérhæfðum sjúkrahúsum þar sem greitt er ríflega fyrir rétta starfskraftinn. Þegar læknar tala um launin sín, eru þeir ekki að biðja um 5 milljónir á mánuði. Þeir eru einfaldlega að benda á að laun lækna eru ekki boðleg, hvorki í innlendum né erlendum samanburði!

**Óeðlileg launaþróun**

Útskrifaður læknakandídat er með 340.734 krónur í dagvinnulaun fyrir 100% vinnu eftir 6 ára háskólanám og eru þeir því lægst launaða háskólastéttin miðað við fjölda ára í námi, ótengt álagi og ábyrgð í starfi. Þessi kandídat fær því 248.032 krónur í útborguð laun. Það er því eins gott fyrir hann að eiga hvorki maka, börn, húsnæði eða bíl þar sem að hann hefur ekki efni á því, sé litið til neysluviðmiða Hagstofu, velferðarráðuneytisins eða Umboðsmanns skuldara.

Á síðustu fimm árum hafa dagvinnulaun allra lækna hækkað um 16%, á meðan algengar tölur annarra starfsstétta eru 27-49%. Það dylst því engum að laun íslenskra lækna hafa ekki þróast á eðlilegan hátt miðað við laun hérlendis. Sé horft til heildarlauna kandídata og almennra lækna sést að þau hafa hækkað um 8,5% á fimm árum. Á sama tíma hefur neysluverðsvísitalan hækkað um 43%, launavísitalan um 33% og lágmarkslaun um 41%. Vissulega geta læknar bætt við sig vöktum og aukavinnu, á kostnað fjölskyldu, áhugamála og líkamlegrar og andlegrar heilsu, en það eru ekki rök fyrir því að laun þeirra eigi ekki í það minnsta að fylgja eðlilegri launaþróun.

En hvernig ætli staðan sé fyrir almenna lækna erlendis? Í Svíþjóð eru dagvinnulaun læknakandídata 564 þúsund krónur og í Noregi 640 þúsund krónur. Það munar því 66-88% á launum nýútskrifaðra kandídata á Íslandi og í þessum löndum og er þarna um að ræða algeng laun á sjúkrahúsum samberilegum Landspítala. Það gefur augaleið að þó að Ísland hafi alla þá kosti sem þér er tíðrætt um, þá hrökkva þeir kostir skammt þegar grunnlaun eru svo lág að ítrekað þarf að grípa til vakta- og aukavinnu ofan á 100% dagvinnu, fjarri fjölskyldu og heimili, til að ná endum saman.

Ágæti heilbrigðisráðherra! Landflótti lækna og launaþróun eru alvarlegt málefni, sem nauðsynlegt er að bregðast við. Þar ert þú og aðrir ráðamenn í lykilstöðu. Ég biðst forláts ef þér þykja skrif mín lausbeisluð og glannaleg, en sannleikurinn er oft ótrúlegri en nokkur skáldskapur!

# NÝTT ÚTLIT - NÝTT INNLIT






# Hobby
## 2014

## Sýnum Hobby 2014 línuna helgina 9. og 10. nóvember nk.

Nýtt innlit og nýtt útlit. Enn einu sinni hefur Hobby tekist að toppa sjálfa sig.
2014 Hobby línan er stórkostleg ný hönnun að utan sem innan.
Algjörlega nýtt straumlínulagað útlit, nýjar glæsilegar innréttingar, ný áklæði o.fl.

Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og byrjaðu að hlakka til næsta sumars.

Við tökum gamla vagninn upp í nýjan - Verið velkomin - Það verður rjúkandi heitt á könnunni.
Opið laugardag og sunnudag frá klukkan 12 til 16.

FERÐAVAGNAR ergo

GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ



VÍKUR V•E•R•K

**VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**MARGRÉT KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Austurvelli, Eyrarbakka,**

verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 9. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Vinafélag Ljósheima.

**Þórhildur Gísladóttir** — **Einar Kjartansson**
**Kristján Gíslason** — **Ólöf Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Gísladóttir** — **Guðbjörn Ólafsson**
**Margrét Bragadóttir** — **Bjarni Jakobsson**



Elskuleg móðir okkar, amma, tengdamamma, systir, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN DÓRA PETERSEN**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 6. nóvember.

**Silja Kjartansdóttir** — **Gísli Óskarsson**
**Telma Kjartansdóttir** — **Óskar Alfreð Beck**
**María Ósk Beck**
**Hildur Petersen** — **Halldór Kolbeinsson**
**Helga Huld Halldórsdóttir Petersen**
**Kolbeinn Hans Halldórsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ALDA GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Birkiteigi 20, Keflavík,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 3. nóvember, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Ásgeir Gunnarsson**
**Þorbjörn Ásgeirsson** — **Guðrún Sumarliðadóttir**
**Sigrún B. Ásgeirsdóttir** — **Trausti Björgvinsson**
**Gunnar Ásgeirsson** — **Berglind Bjarnadóttir**
**Freyja Ásgeirsdóttir** — **Kristinn H. Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar,

**VALDÍS MARÍA VALDIMARSDÓTTIR**
**fyrrum þjónn og þerna hjá Eimskip,**

lést 20. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilaheill.

**Díana Íris**
**Jónína og Bjarni**
**Ragnar og Ragnhildur**
**María og Sverrir**
**Sigurður og Hjördís**
**Birgir og Sigrún**
**börn og barnabörn.**



Þökkum innilega samúð og vinarhug vegna andláts ástkærrar dóttur okkar, unnustu, systur, frænku, mágkonu og barnabarns,

**DAGNÝJAR GRÍMSDÓTTUR**
**fatahönnuðar,**
**Kaupmannahöfn, Danmörku.**

**Grímur Halldórsson** — **Hildur María Blumenstein**
**Lars Matthiesen**
**Edda Blumenstein, Árni Pjetursson, Grímur, Óskar og Emma**
**Kristín María Grímsdóttir** — **Axel Axelsson**
**Kristín María Grímsdóttir** — **Halldór Björnsson**
**Edda Elíasdóttir**






**ALMANNATENGILL** „Tímabært að sýna íslensku þjóðinni þá grósku og nýsköpun sem býr í íslenskum iðnaði,“ segir Rakel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undirbúningur hafinn að iðnsýningu í mars

Samtök iðnaðarins fagna tuttugu ára afmæli í ár og undirbúa nú í samvinnu við útgáfufélagið Gogga fyrstu iðnsýningu í tæplega hálfa öld. Sú síðasta var haldin árið 1966.

„Okkur finnst fyllilega tímabært að sýna íslensku þjóðinni þá grósku og nýsköpun sem er í íslenskum iðnaði,“ segir Rakel Pálsdóttir, almannatengill hjá Samtökum iðnaðarins, um stóra iðnsýningu sem í undirbúningi er. Hún segir hugmyndina hafa komið frá útgáfufyrirtækinu Gogga og henni hafi strax verið vel tekið í herbúðum samtakanna. „Við vinnum saman og þróum hugmyndina áfram,“ segir hún létt í máli.

Ýmislegt hefur breyst frá því síðasta iðnsýning var haldin fyrir fjörutíu og átta árum. Vörur horfið af markaði og aðrar komið í staðinn. Rakel bendir á að í grunninn séu hér á landi sterkar iðngreinar, eins og matvælaiðnaður, málmiðnaður, mannvirkjagerð og ýmiss konar þjónustuiðnaður. Eins hafi miklar framfarir orðið í hugvits- og tæknigreinum. „Tilgangur sýningarinnar er að kynna fyrir almenningi allan þann fjölbreytileika sem íslenskur iðnaður býr yfir,“ áréttar hún.

Sýningin hefst formlega föstudaginn 7. mars og verður haldin í Laugardalshöll. Undirbúningurinn á þessu stigi felst meðal annars í að fá fyrirtækin til að vera með. Rakel segir það ganga vel. „Flestir eru mjög jákvæðir og fjölmörg fyrirtæki eru búin að skrá sig til leiks,“ upplýsir hún og bætir við. „Iðnsýningin skapar gott tækifæri fyrir fólk að kynnast íslenskum iðnaði frá fyrstu hendi og skoða það sem fyrirtækin hafa upp á að bjóða, allt undir einu þaki.“

gun@frettabladid.is

Kær faðir okkar,

**HUGI KRISTINSSON**

andaðist 5. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.30.

**Anna Guðrún Hugadóttir**
**Hjalti Hugason og Ragnheiður Sverrisdóttir**
**Kristinn Hugason og Guðlaug Hreinsdóttir**



Við þökkum öllum þeim er sýnt hafa okkur hlýju og samúð vegna andláts og útfarar elsku dóttur minnar og systur okkar,

**SÓLVEIGAR REYNISDÓTTUR**
**Brekkuási 5, Hafnarfirði.**

Sérstakir þakkir fá vinkonur hennar fyrir einstaka umhyggju, vináttu og aðstoð við hana og okkur öll.

**Dóra, Eyjólfur, Sigrún og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR**
**leikskólastjóri,**

lést hinn 31. október sl. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.

**Dóra Björgvinsdóttir**
**Ingi Steinn Björgvinsson** — **Vera Buus Nielsen**
**Dagný Björgvinsdóttir** — **Jóhann S. Bogason**
**Bryndís Björgvinsdóttir** — **Brjánn Ingason**
**ömmubörn og langömmubarn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAGNAR PÉTURSSON**
**fv. kaupfélagsstjóri,**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 4. nóvember. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 14. nóvember kl. 15.00.

**Valdís Ragnarsdóttir**
**Pétur Ragnarsson**
**Jónína Ragnarsdóttir** — **Ólafur Jónsson**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** — **Sigurjón Ásgeirsson**
**Hanna Ragnarsdóttir** — **Kristinn Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR SIGURBJÖRN HALLDÓRSSON**
**Hrófbergi, Steingrímsfirði,**

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík hinn 29. október sl., verður jarðsunginn frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 9. nóvember kl. 13.00.

**Pétur H. Halldórsson**
**Sigurbjörg H. Halldórsdóttir** — **Friðgeir Höskuldsson**
**Hreinn Halldórsson** — **Jóhanna G. Þorsteinsdóttir**
**Ragnheiður H. Halldórsdóttir** — **Þorbjörn Valur Þórðarson**
**Jón H. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**HANDVERK OG HÖNNUN**
**Sýningin Handverk og hönnun verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur í tíunda sinn um helgina. Í fyrsta sinn mun sýningin standa tvær helgar, annars vegar 7.-11. nóv. og hins vegar 13.-17. nóv. 2013.**



20-40%
afsláttur af öllum vörum
aðeins þessa helgi
Siffon mussurnar komnar
Áður kr 12.900
nú aðeins kr 6.990
Stærð medium til XXL
COSMO
Kringlunni





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur, ásamt sjónvarpskokkinum Yesmine Olsson, uppskrift að afmæliskjúklingi með cumin-hunangi og myntu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**AFMÆLIS-KJÚKLINGUR** Cumin, chilli og truffluolía bragðbæta kjúklingarétt dagsins frá Holta. MYND/GVA

## AFMÆLISKJÚKLINGUR MEÐ CUMIN-HUNANGI OG MYNTU

**KJÚKLINGUR**

- **6 kjúklingalæri, úrbeinuð og skorin í munnbita**
- **4 bambusgrillpinnar, lagðir í bleyti í 30 mínútur**
- **15 g fersk mintulauf, söxuð**
- **2 grænir chili-belgir (með eða án fræja)**
- **1 msk. balsamedik**
- **2 tsk. malað cumin**
- **½ tsk. cayenne**
- **2 tsk. hunang**
- **½ tsk. sjávarsalt**
- **½ tsk. nýmalaður svartur pipar**

*Öllu blandað saman í skál, nema kjúklingnum, og hrært vel. Kjúklingur lagður í grunnt fat og kryddblöndunni smurt jafnt yfir hann. Plastfilma sett yfir og kjúklingur látinn standa í ísskáp í 1–4 klukkutíma. Bitar þræddir upp á spjót og grillaðir þar til kjötið er gegnsteikt eða í u.þ.b. 10–15 mínútur. Skreytt með ferskri myntu.*

**SPRENGDAR KARTÖFLUR**

- **6-8 nýjar meðalstórar kartöflur**
- **500 ml vatn**
- **3 msk. ólífuolía**
- **4 hvítlauksrif, fínsöxuð**
- **2 msk. saxað tímían**
- **2–3 msk. ólífuolía (í hvítlauks-tímíanblönduna)**

*Sjávarsalt og nýmalaður svartur pipar eftir smekk.*

*Ofninn hitaður í 225 gráður. Vatn sett í pott og suðan látin koma upp. Kartöflunum bætt við og soðnar þar til gaffall rennur viðstöðulaust í gegn. Bökunarpappír lagður á plötu og ólífuolíu dreypt rausnarlega yfir. Mjúkar kartöflur lagðar á plötuna með góðu bili á milli. Þrýst varlega með hreinu viskustykki ofan á kartöflurnar svo þær springi en haldi samt lögun. Hvítlaukur og tímían steikt í ólífuolíunni. Salti og nýmöluðum svörtum pipar stráð yfir kartöflurnar og hvítlauks- og tímíanolíunni dreypt yfir. Bakaðar í 20–25 mínútur eða þar til kartöflurnar eru gullinbrúnar.*



**TYRKNESK JÓGÚRTSÓSA MEÐ TRUFFLUOLÍU**

- **2½ dl grísk jógúrt**
- **2–3 dropar truffluolía**
- **1 tsk. hunang**
- **2-3 hvítlauksrif**
- **salt eftir smekk**
- **Hálf teskeið af chili-flögum**

*Jógúrtin sett í skál og hvítlauk, truffluolíu, hunangi og salti blandað saman við. Chili-flögum dreift yfir. Kjúklingalærin borin fram með sprengdum kartöflum, tyrknesku jógúrtsósunni og fersku salati.*



Við bjóðum
frábært verð
Umfelgun
á fólksbil 5490.-
Umfelgun
á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara
Umfelgun
á fólksbil 5490.-
Umfelgun
á smájeppa 6490.-
SUNNY TIRES
VDO
Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



www.nings.is

FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara













# KONUR STYRKJA SIG Í SKÁLHOLTI

**GÆÐAHELGI** *Konur ætla að efla hug, anda og rödd í Skálholti um helgina á sérstöku námskeiði sem nefnist Konur á tímamótum. Námskeiðið er ætlað öllum konum.*

Þórey Sigþórsdóttir, leikkona og raddþjálfi, er með námskeiðið Konur á tímamótum í Skálholti um helgina. „Námskeiðið hefst í kvöld og er ætlað konum sem standa á tímamótum og vilja öðlast tól og tæki til að tengja sig við líkama og rödd,“ útskýrir Þórey. „Ég er að tengja raddþjálfun og líkama til að styrkja konur að koma fram og tjá sig. Þess utan gefst tækifæri til að slappa af, njóta fallegrar náttúru og borða hollan og ljúffengan mat,“ segir Þórey.

Lögð verður áhersla á að konur geti með þessu námskeiði styrkt nærveru sína í gegnum einfalda hugleiðslu, öndunaræfingar, vinnu með orku raddarinnar og líkamsæfingar. „Þetta er tækifæri til að tengja sig og þjálfa í samskiptum. Við munum opna röddina í gegnum rétta öndun en æfingarnar eru einfaldar. Einnig verður gestafyrirlesari, Jóhanna Magnúsdóttir, guðfræðingur og leiðbeinandi hjá Lausninni, sem útskýrir hvað það er sem hamlar manni þegar tekist er á við nýjar eða krefjandi aðstæður í lífinu. Hvernig maður geti látið rödd sína heyrast í amstri dagsins, hvort sem þarf að standa frammi fyrir fólki, koma fram í fjölmiðlum eða í fag- eða persónulegu lífi. Einnig fjallar hún um meðvirkni.

Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir fjallar um mataræði og fléttar fróðleik um jurtir saman við. Kolbrún hefur stúderað mataræði og lífsstíl. Hún ræðir einnig breytingaskeið kvenna og fjallar um það á víðan hátt,“ segir Þórey. „Hópurinn á námskeiðinu verður ekki stór þannig að allar konurnar ættu að fá mikið út úr því.“



Þórey hefur ekki áður haldið slíkt námskeið en hún segir að það verði vel séð um konurnar. „Þetta verður dásamleg helgi og ég vonast til að geta haldið fleiri svona námskeið. Ég hlakka mikið til helgarinnar,“ segir hún.

**EFLA ANDANN**
Þórey Sigþórsdóttir leikkona stýrir námskeiðinu í Skálholti.
MYND/GVA

# FRÍTT FJÖLSKYLDUFJÖR

*Helgarfrí er framundan og fjölskyldan getur átt gæðastundir saman. Ýmislegt er hægt að bralla saman sem kostar lítið sem ekkert.*

**FJÖRUFERÐ**
Fjörur landsins eru vanmetin náttúruparadís og ævintýraland fyrir fróðleiksfúsa krakka. Þar má safna kuðungum, skrifa í sandinn og pota í ýmislegt miður kræsilegt. Ekki sakar að taka með gott nesti, til dæmis heitt kakó.

**FERÐ Í DÝRABÚÐ**
Langflest börn elska dýr. Höfuðborgarbúar, sem ekki hafa aðgang að sveit, þurfa þó ekki að leita langt eftir dýrum. Dýrabúðir geta verið prýðis áfangastaður í helgarrölti fjölskyldunnar. Fiskar, hamstrar, kanínur og páfagaukar gleðja geðið.

**NÝTUM BÓKASÖFNIN**
Bókasöfn eru heillandi staður bæði fyrir börn og fullorðna. Þar má kúra sig niður með góða bók. Einnig má athuga á vefsíðum bókasafnanna hvort þau bjóði upp á sögustund um helgina.

**GÖNGUTÚRINN KLIKKAR EKKI**
Útivera göfgar manninn og ekki síður krakkana. Sama hvort gengið er innanbæjar eða ekið út fyrir bæinn þá hressir góður göngutúr alla við. Þegar heim er komið mætti síðan bjóða upp á kræsingar.

**SPILAÐ Á SPIL**
Þegar veðrið býður ekki upp á annað en inniveru er tilvalið að grípa í spil. Ólsen ólsen og veiðimaður standa fyrir sínu en þeir sem eiga borðspil sem henta fjölskyldunni ættu endilega að nýta sér þau.



**FJÖRUFERÐ**
Strendur landsins eru vanmetin náttúruperla og útivistarparadís.
NORDICPHOTOS/GETTY

**BÖKUNARSTUND**
Mörg börn hrífast af eldamennsku og vilja ekkert fremur en hjálpa mömmu og pabba við hana. Því getur verið gaman að baka með þeim brauð eða kökur sem auðvelt er að eiga við.

**HEIMSÓKNARTÍMI**
Svo má alltaf skella sér í heimsókn til vina og ættingja enda lyftir það geði allra að eiga góð samskipti.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

GREEN DIAMOND

# Hin einu sönnu HARÐ KORNA DEKK

...þróuð fyrir íslenskar aðstæður

**PANTANIR OG FYRIRSPURNIR:**
panta@hardkornadekk.is
694 7720
896 9777
www.hardkornadekk.is




## Í harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- skemma ekki malbik

Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.

Starfshópur samgönguráðs komst að þeirri niðurstöðu að Harðkornadekkin væru bestu vetrardekkin fyrir þær aðstæður sem ríkja á SV-horni landsins.

**Hópurinn ályktaði eftirfarandi:**

„Hvatt er til þess að unnið sé að því markmiði með fræðslu og áróðri að Harðkornadekk komi í stað nagladekkja“
(okt. 2009)

**„Verkefnið“ Harðkornadekk er margþætt – það snýr að umhverfis-, öryggis- og þjóðhagslegum sjónarmiðum.**

Rannsóknir sýna óyggjandi að nagladekk valda svifryki. Árlegur kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna heilsuspillandi áhrifa þess og viðhalds á gatnakerfinu sem rekja má beint til notkunnar nagladekkja hleypur líklega á miljörðum króna á ári.

Samkvæmt sænskri rannsókn á virkni Harðkornadekkja í samanburði við önnur þekkt merki á markaðnum komu Harðkornadekkin mun betur út þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark, en þá verða flest óhöpp í umferðinni. Nagladekk hafa lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi.

Helgi Geirharðsson verkfræðingur og Kristinn R. Sigurðsson tæknifræðingur
– forsvarsmenn Green Diamond Harðkornadekkja á Íslandi.

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.










**SKEMMTUN** Góð stund í Baar. Sigríður Inga til hægri ásamt systur sinni, Þórhildi, og börnum sínum, Hildi Björgu, Leifi Má og Hauki Frey.

# KÝR Á BEIT OG HESTVAGNAR Á FERÐ

**GOTT AÐ BÚA** *Sigríður Inga Sigurðardóttir blaðamaður býr ásamt eiginmanni sínum, Jóni Áka Leifssyni, og þremur börnum í Baar í Sviss. Eiginmaður Sigríðar starfar hjá Actavis en hún er heimavinnandi.*

Áður en þau hjónin fluttu til Sviss bjuggu þau í Danmörku í tvö ár og höfðu áður búið í Þýskalandi og eru því komin með mikla reynslu af búsetu í útlöndum. Sigríður var spurð hvernig það væri að búa í Sviss en í Baar búa um 25 þúsund manns og þar af er um fjórðungur útlendingar. Sigríður og fjölskylda hafa búið þar í tvö og hálft ár.

**Er gott að búa og starfa á þessum slóðum?**

Já, ekki síst vegna þess að Sviss er mjög miðsvæðis og stutt í allar áttir. Veðurfarið er líka afar gott.

**Við hvað starfar þú?**

Ég er heimavinnandi húsmóðir en skrifa viðtöl og greinar fyrir tímaritið Í boði náttúrunnar í fjarvinnu. Eftir að ég flutti út notaði ég tímann til að ljúka við BA-ritgerð í þjóðfræði, sem hafði setið á hakanum í mörg ár. Þá er ég á samtalsnámskeiði í þýsku einu sinni í viku. Skólakerfið hér í Sviss gerir það að verkum að erfitt er fyrir báða foreldra að vera útivinnandi og það kemur oftast í hlut okkar kvenna að vera heima að sinna börnum og búi.

**Hvað er mest spennandi fyrir ferðamenn að skoða í bænum?**

Höllgrotten en það eru merkilegir dropasteinshellar sem eiga fáa sína líka í heiminum. Zug er stutt frá Baar, þar er fallegur miðbær sem vert er að skoða. Síðan má sigla um Zuger-vatn á ferju eða hjólabát en hér er mikil náttúrufegurð. Skammt frá Baar er vatnsrennibrautagarðurinn Alpamare sem hentar fjölskyldufólki. Stórborgirnar Zürich og Luzern eru í hálftímafjarlægð og þar er ótalmargt að skoða. Þá er stutt að fara upp í Alpana á skíði eða í fjallgöngur.

**Hvað hefur komið þér á óvart í Baar?**

Hvað þetta er mikil sveit. Hér eru bóndabæir inni í miðjum bæ þar sem sjá má kýr á beit og oft mæti ég hestvögnum í umferðinni. Það kom mér líka á óvart hvað það er mikið logn hérna. Einnig tók tíma að venjast því hvað Svisslendingar eru skipulagðir og plana allt langt fram í tímann. Ég er til dæmis búin að fá lista yfir skólafrí barnanna minna til ársins 2018.



**VETUR** Skíðaparadís er skammt undan. „Myndina tók Hörður Þórhallsson vinur okkar.“



**GAMALDAGS** Oft má sjá hestvagn á ferð innan um bíla og aðra umferð í Baar.

**Er gott að vera með börn á þessum stað?**

Já, mjög svo, enda Baar rólegur og vinalegur bær. Hér eru góðir skólar, tónlistarskóli og fjölbreytt íþróttalíf.

**Er hagstætt að kaupa í matinn og lifa í þessari borg?**

Nei, matvara er ótrúlega dýr, ekki síst fiskur og kjöt, og því fer ég oft yfir til Þýskalands til að gera stórinnkaup. Almennt er dýrt að lifa í Sviss en launin eru líka góð.

**Færðu heimþrá?**

Já, stundum og ég kann líka betur að meta Ísland eftir að hafa búið í útlöndum.



**HÖLLGROTTEN** Merkilegir dropasteinshellar hjá Zug.





Kemur út
26. nóvember

JÓLAGJAFAHANDBÓK
FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir, jólagjafir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Kolbeinn Kolbeinsson
kolli@365.is
S. 512 5447
663 4055

Bryndís Hauksdóttir
bryndis@365.is
S. 512 5434
695 4999

Ívar Örn Hansen
ivarorn@365.is
S. 512 5429
615 4349

Atli Bergmann
atlib@365.is
S. 512 5457
897 9144

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
S. 512 5432
694 9150

# Lífið

FÖSTUDAGUR
8. NÓVEMBER 2013


*Gréta Karen Grétarsdóttir söngkona í LA*
**UPPÁHALDSFLÍKURNAR ÚR FATASKÁPNUM 4**

*Konráð Sigurðsson rithöfundur*
**ÆVINTÝRIÐ UM JÓA KASSA AÐ VERULEIKA 6**

*Björk Varðardóttir stöðvarstjóri WC*
**MIKILVÆGT AÐ HRÓSA Á EINLÆGAN HÁTT 14**




*Nanna Bryndís Hilmarsdóttir*

# VIÐ ERUM SAMAN Í ÞESSU HUNDRAÐ PRÓSENT


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin er nýlega yfirstaðin og lögðu fjölmargir þekktir Íslendingar leið sína á hátíðina. Á Kaffibarnum á sunnudaginn var hátíðinni óformlega slitið og mátti sjá marga tónleikaþyrsta gesti á lokasprettinum. Jón Atli Helgason og Gísli Galdur Þorgeirsson spiluðu fyrir gesti og gangandi. Þá mátti sjá á dansgólfinu **Helga Björnsson**, tónlistarmann í sveiflu og Högna Egilsson í Hjaltalín. Á Kaffibarnum var **Harpa Einarsdóttir**, myndlistarkona, einnig stödd ásamt kærasta sínum **Snorra Engilbertssyni** leikara.









# GÖTUTÍSKAN Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR Á KÖLDUM DEGI

*Sólarglæta og kuldi dönsuðu í takt í Reykjavík þar sem miðborgin iðaði af mannlífi. Lífið fór á stúfana og myndaði áhugavert fólk. Voldugir treflar í ýmsum litum, stórar loðhúfur og brúnir herraskór voru áberandi.*





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ólöf Skaftadóttir**
olofs@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Valgarður Gíslason
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid




Bakaðu þitt eigið
hrökkbrauð
hollt og ljúffengt
Vilko
-einfaldara getur það ekki verið!
Hrökkbrauð
Ótrúlega einföld trefjarík þurrefnablanda
NÝTT
FRÁ VILKO
Hreint hrökkbrauð og hrökkbrauð með trönuberjum
SPELT
HÖRFRÆ
SÓLBLÓMAFRÆ
SESAMFRÆ
HAFRAMJÖL
GRASKERSFRÆ
TRÖNUBER
Vilko hrökkbrauð er mjög einfalt í bakstri og bragðast vel með allskyns ostum og áleggi eða bara eitt og sér sem snakk.
Hrökkbrauð
með trönuberjum
Hrökkbrauð með trönuberjum bragðast vel með allskyns ostum og áleggi eða bara eitt og sér sem snakk.
Nettóþyngd: 370g
Best fyrir: sjá bak
Vilko
-einfaldara getur það ekki verið!











# FATASKÁPURINN
## GRÉTA KAREN

*Gréta Karen Grétarsdóttir er með seiðandi söngrödd. Hún býr í Los Angeles og vinnur að tónlist. Gréta Karen er með flottan fatastíl og segist aldrei eiga nóg af leðurjökkum.*




**BRAND-Y.R.U.** Vinur minn hannar þessa skó og ég á nokkur pör og þessir eru uppáhalds. Fólk lítur snöggt á þá og heldur að það standi CK. Aðrir skoða lengur og svo fæ ég viðbrögðin sem eru ýmist góð eða WHAT?



**Converse.** Strigaskór með háum botni eru „must-have“ fyrir dverga eins og mig. Converse eru fáanlegir í mörgum litum og standa alltaf fyrir sínu.




**Bolir.** Bolirnir eru frá merki sem ég held mikið upp á og heitir Los Angeles based UNIF. www.unifclothing.com



**Derhúfur eru mikið uppáhald.** Sérstaklega svartar með einhverjum blótsyrðum eða sjokkerandi staðhæfingum. Þessi er sú eina sem er frekar venjuleg en hvernig ég eignaðist hana er langt frá því að vera venjulegt. Gítarleikarinn Slash og ég skiptumst á. Hann fékk mína sem á stóð „FUCK EVERYTHING“ og ég hans þegar við hittumst fyrir utan Sayers Club þar sem hann kom fram seinna það kvöld með derhúfuna mína. Við getum sagt að ég hafi dáið og farið til himna það kvöld.



**Capulet-leðurjakki.** Leðurjakkar eru minn veikleiki, ég fæ aldrei nóg af þeim. Þessum sá ég vinkonu mína í og ég varð að fá hann. Hún þekkti eiganda merkisins þannig við skelltum okkur í bíltúr og keyptum hann og ég fékk 50% afslátt, sem er ekki leiðinlegt. Ég er ástfangin.



**Svört Ray Ban-sólgleraugu.** Myndin segir allt sem segja þarf.

SIGURBOGINN

&KJÓLAR BLÚSSUR

20% AFSLÁTTUR!

FÖSTUDAGINN 8.NÓVEMBER

LAUGARDAGINN 9.NÓVEMBER



SIGURBOGINN

WWW.FACEBOOK.COM/SIGURBOGINN

# SÚKKULAÐIVERKSMIÐJAN
## VAR INNBLÁSTURINN

*Anna Þórunn Hauksdóttir vöruhönnuður hefur hannað virðuleg borð sem líta út eins og súkkulaðiplötur.*

Ég elska súkkulaði og hef lengi hrifist af ólíkum formum þess. Þetta form sem ég valdi fyrir borðið 70% er kunnuglegt flestum því þetta er líklega formið sem flestir hugsa um þegar talað er um súkkulaði,“ segir Anna Þórunn Hauksdóttir vöruhönnuður. Anna Þórunn segir hugmyndina að 70% borðunum vera tengda góðri minningu frá æskuárum hennar þegar hún sótti balletttíma í miðbæ Reykjavíkur þar sem súkkulaðiverksmiðjan Nói og Siríus var. „Þegar ég steig út úr strætó, tók þessi blíða, dísæta angan öll völd og fylgdi mér alla leið upp á fjórðu hæð en súkkulaðiverksmiðjan var einmitt í sama húsi og ballettskóli Sigríðar Ármann heitinnar.“ Anna Þórunn hefur starfað sem sjálfstæður vöruhönnuður síðan hún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2007. Hún frumsýndi 70% borðin á Hönnunarmars á þessu ári og hafa þau vakið mikla athygli. Birst hafa umfjallanir á hönnunarbloggum á borð við Cool Hunting og fleiri bloggum. Einnig hafa borðin fengið umfjöllun í króatíska blaðinu Moja, finnska hönnunarblaðinu Glorian Koti og septemberblaði Milk Decoration.

„Formið er mjög stílhreint og formfagurt að mínu mati en ég leitast við að gera stílhreina hluti sem geta lifað um ókomna tíð. Ég vildi hafa fæturna granna þannig að borðplatan (súkkulaðiplatan) nyti sín sem best. Útkoman er borð með sterkan karakter. Eins og með gæðasúkkulaði þá vildi ég hafa gegnheilan við og valdi því eik þar sem viðurinn kemur vel í ljós við yfirborðsmeðhöndlun,“ segir Anna Þórunn glöð í bragði. Borðin eru nýkomin í Epal en nánari upplýsingar fást á annathorunn.is





„Minningin um gömlu súkkulaðiverksmiðjuna í miðbænum er mér oft hugleikin og þeir dagar þegar anganina frá framleiðslunni lagði yfir bæinn svo að maður gat allt að því bragðað á dísætu loftinu. Súkkulaðiplatan er bæði fallegt og virðulegt form sem höfðar til bragðlaukanna en ekki síður til fegurðarskyns okkar.“

Glóðvolgar bækur á góðu verði!
Tilboðin gilda til og með 13. nóvember.

IÐA




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík. opið frá 9 - 22 alla daga

# TRYLLTIR KOKTEILAR OG MARGÞÆTTUR MATSEÐILL

*Veitingastaðurinn og kokteilbarinn Trio var opnaður í Austurstræti í síðustu viku með pomp og prakt.*



Við erum að gera nokkuð klassískt íslenskt í bland við norður-evrópska matargerð og meðal annars innblástur frá Þýskalandi og jafnvel Tékklandi. Við erum að reyna að ná til sem flestra þannig að fólk getið komið hvenær sem er í vikunni og fengið góða upplifun,“ segir Kári Björn Þorleifsson, yfirkokkur á Trio. Hann segir hugmyndina að matseðlinum margþætta, boðið er upp á smáréttamatseðil en einnig hefðbundna forrétti, aðalrétti og eftirrétti. „Kokteilaseðilinn er einnig mjög veglegur en Axel Aage Sciöth yfirbarþjónn gerir flest allt hráefnið frá grunni með ferskum kryddjurtum, ferskum djús og því er tilvalið að fólk komi snemma og fái sér ferskan fordrykk.“

Kári Björn Þorleifsson var áður kokkur á Lækjarbrekku en hefur einnig starfað á Texture í London og Aquavit í New York sem báðir skarta Michelin-stjörnu. Veitingastaðurinn Trio er hannaður af Leifi Welding og arkitektinum Brynhildi Guðlaugsdóttur. Trio er fjölskyldurekinn staður, en eigendur staðarins eru systurnar Valdís, Kolbrún og Rósa Árnadætur ásamt Árna Björnssyni, föður þeirra, og eiginmanni Valdísar, Hafsteini Kristinssyni.





*Veitingastaðurinn Trio er hannaður af Leifi Welding og arkitektinum Brynhildi Guðlaugsdóttur.*











Gestirnir voru himinlifandi með koteilana hjá Trio. María Birta leikkona, Ásdís Rán fyrirsæta og Valli sport hjá auglýsingastofunni Pipar létu sjá sig.






Konráð Sigurðsson og Þórir Karl Celin.

# ÆVINTÝRIÐ UM JÓA KASSA

*Konráð Sigurðsson gekk með hugmyndina í maganum í 12 ár áður en Jói kassi varð að veruleika með hjálp Þóris Celin teiknara.*

„Þetta er búið að vera 12 ára verkefni síðan ég fékk hugmyndina en handritið skrifaði ég árið 2005,“ segir Konráð Sigurðsson, höfundur barnabókanna um Jóa kassa. „Mig dreymdi að ég væri að fljúga á erni yfir skóg og þegar ég kannaði draumabókina þá virtist draumurinn benda á að ég væri með hugmynd í maganum. Þá fann ég þessa litla sögu sem ég var búinn að skrifa löngu áður,“ útskýrir Konráð. Söguna segist Konráð hafa búið til eitt kvöldið þegar hann ætlaði að lesa sögu fyrir son sinn fyrir háttinn. „Það var aldrei ætlunin að skrifa bók en sonur minn var svo áhugasamur og spenntur fyrir Jóa kassa að ég fór að velta því fyrir mér hvort önnur börn myndu bregðast eins við.“ Konráð segir vini sína hafa hvatt sig til að koma sögunni á framfæri þar sem hún tengist mikið umhverfisvernd og náttúrunni. Útkoman verður 6-7 bóka sería en bækurnar sem eru komnar út heita Jói kassi og vélarnar, Jói kassi og bófarnir, Jói kassi og löggustöðin, Jói kassi og haugarnir og Jói kassi og eldsvoðinn, sem kemur út fyrir jólin.

Boltinn byrjaði hins vegar ekki að rúlla fyrr en vinur Konráðs benti honum á teiknarann, Þóri Karl Celin, sem gerði hugmyndina að veruleika.

„Við vorum bara tveir pabbar sem vildum gera gott lesefni fyrir börnin okkar en hann á jafnmikið í þessu verkefni og ég. Ég er svona eins og flugdreki sem hann heldur í og heldur mér niðri á jörðinni,“ segir Konráð að lokum. Í framhaldi af skrifunum ákvað Konráð að gefa út lag um Jóa kassa í samstarfi við Snorra Snorrason og Sveppa sem syngur lagið. Lagið er væntanlegt inn á tónlist.is á næstunni. Einnig er hægt að fylgjast nánar með bókunum á Facebook undir Jói kassi.






# Kynning í
# LYF & HEILSU
# KRINGLUNNI

**föstudags til sunnudags**
**8-10 nóvember**

Sigrún Inga sérfræðingur frá GUERLAIN kynnir nýju haust og vetrarlitina ásamt nýja maskaranum Maxi Lash



Þessi glæsilegi kaupauki er þinn þegar verslaðar eru 2 vörur frá Guerlain, þar af eitt krem eða farði.

Lyf & heilsa
Kringlunni

# NANNA BRYNDÍS ÞETTA ER SKEMMTILEGASTA STARF Í HEIMI

***Nanna Bryndís Hilmarsdóttir er konan í hljómsveitinni Of Monsters and Men. Aðeins 24 ára er hún búin að ferðast og spila víða erlendis með strákunum í bandinu og segist vera að upplifa drauminn. Lífið ræddi við Nönnu Bryndísi og spurði hana út í upphafið að ævintýrinu, tónlistarlífið og hvernig það er að vera komin heim eftir 18 mánaða tónleikaferðalag um heiminn.***

**NAFN:**
Nanna Bryndís Hilmarsdóttir
**ALDUR:** 24 ára
**STARF:**
Tónlistarkona
**HJÚPSKAPARSTAÐA:**
Er í sambandi

Nanna Bryndís er með báða fætur á jörðinni þrátt fyrir að upplifa smjörþefinn af heimsfrægð ásamt hljómsveitarmeðlimum sínum í Of Monsters and Men. Eftir að hafa spilað saman í einungis tvær vikur vann hljómsveitin Músíktilraunir. Þau höfðu enga hugmynd um hvað væri handan við hornið enda kom frægðarljóminn skyndilega.

**Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst yngri?** „Mig langaði að verða tónlistarkona og var alltaf með litlar textabækur þar sem ég skrifaði niður texta á ensku en ég var kannski bara níu ára. Svo þegar ég komst á unglingsárin þá kom áhuginn fyrir alvöru og ég fór að læra á gítar í tónlistarskóla í nokkur ár. Það er mikið af íþróttafólki í fjölskyldunni minni sem hefur áhuga á fótbolta þannig að tónlistaráhuginn hjá mér kom eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

### *Hætti í myndlist fyrir tónlistina*

Nanna Bryndís ólst upp og bjó í Garðinum þar til hún varð 18 ára. Þaðan flutti hún til Keflavíkur, bjó á vellinum í stúdentagörðunum og fór í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þegar hún fluttist búferlum til Reykjavíkur fór hún að vinna í leikskóla og vídeóleigu til að geta leigt íbúð með vinkonu sinni. Áhuginn á að skapa togaði í hana og þegar hún var komin í myndlistarskólann gripu örlögin í taumana og leiddu hana á vit tónlistarinnar. Nú tilheyrir hún hljómsveitinni Of Monsters and Men ásamt Brynjari Leifssyni, Ragnari Þórhallssyni, Arnari Rósenkranz Hilmarssyni og Kristjáni Páli Kristjánssyni. Þeirra fyrsta plata, My Head Is an Animal, náði toppsæti á vinsældalista í Ástralíu, Íslandi, Írlandi og US Rock and Alternative Charts og lagið Little Talks var á topp-tíu listanum hjá flestum alþjóðlegum útvarpsstöðum.

**Hvernig varð hljómsveitin Of Monsters and Men til?** „Ég kynntist Brynjari í framhaldsskóla en við vorum vön að hittast í geymslu heima hjá afa hans, sitja á teppi og spila,“ segir hún og hlær. „Ég var oft að spila ein og var orðin leið á því svo ég hvatti hann oft til að spila með mér. Raggi var fenginn til að spila með okkur á Airwaves árið 2009 á Hressó. Arnar trommari kom svo í bandið því hann var vinur hans Ragga. Í raun voru þeir bara að hjálpa mér í byrjun en í kringum Músíktilraunir vorum við Raggi farin að semja saman og við ákváðum í sameiningu að verða hljómsveit.“

**Hvaðan kemur nafnið, Of Monsters and Men?** „Það kemur frá Ragga en við vorum með ýmsar hugmyndir en hann var kominn með þetta nafn. Við vorum ekkert að hugsa út í það að þetta yrði nafnið sem myndi standa á plötuumslögum og skiltum úti í heimi.“

### *Heimfrægð handan við hornið*

**Árið 2010 unnuð þið Músíktilraunir og hluti af verðlaunum ykkar var að spila á Airwaves. Var það ykkar stökkpallur út í tónlistarlífið erlendis?** „Við vorum náttúrulega nýbyrjuð þegar við unnum Músíktilraunir en við vorum ekki búin að vera hljómsveit nema í tvær vikur. Þarna sáum við möguleika á því að fá smá umfjöllun og láta taka eftir okkur. Við vorum ekki að búast við því að vinna og því var þetta voðalega skrítið og nýtt allt saman. Eftir það spiluðum við á stofutónleikum á Airwaves og útvarpsstöðin frá Seattle KEXP tók upp lagið Little Talks. Í framhaldi af þessu voru margir þættir sem gerðu það að verkum að við fengum tækifæri erlendis. Þetta gerðist svo hratt allt saman.“

**Hver er svo leiðtoginn í bandinu, hver stjórnar, ert það þú?** „Nei, ég ætla ekki að segja það. Það er enginn einn sem stjórnar.






> ***Það vekur alltaf athygli að vera stelpan í bandinu þrátt fyrir að ég hafi aldrei hugsað um sjálfa mig sem stelpu í tónlist frekar en að vera strákur í tónlist***



## *Uppáhalds*

**MATUR?**
Kjúklingur í mangósósu með banönum og kókós, mmm
**DRYKKUR?**
Morgunsafi
**VEITINGAHÚS?**
Bæjarins beztu
**VEFSÍÐA?**
Ég er pínu háð tumblr.com
**VERSLUN?**
Undanfarið þykir mér gaman að kíkja í Iðu og sjá allar fínu bækurnar.
**HÖNNUÐUR?**
Jör, ég er mjög spennt fyrir kvenfatalínunni sem er að koma.
**HREYFING?**
Jóga
**DEKUR?**
Hanga undir sæng í vondu veðri og horfa á eitthvað gott.

## *Myndaalbúmið*



Nanna Bryndís elskar að spila á gítarinn.



Hér er hún lítil ásamt systur sinni.



Hópurinn í rútunni er stór þegar þau eru á tónleikaferðalagi.



Meðlimir Of Monsters and Men að spila úti í náttúrunni.

Við erum svo mörg og erum öll saman í þessu hundrað prósent svo það er mikið mikið lýðræði í hópnum. Hingað til hefur ekki verið neitt vesen enda leyfum við okkur ekki að fara þangað.“

**Ertu þá ekkert búin að reyna að ala strákana upp á tónleikaferðalaginu?** „Nei, ég er ábyggilega alveg jafn slæm og þeir, ef ekki verri. Við túruðum nánast samfleytt í 18 mánuði en við höfum það voðalega fínt. Við erum með mjög góða rútu með öllum helstu þægindum. Ég get ekki ímyndað mér að túra í sendibíl og reyna að ná smákríu á öxlinni á öðrum meðlimum eins og svo margar hljómsveitir þurfa að gera. Við erum stundum að keyra í sólarhring og rútan er troðfull af fólki þannig að það ekki ekki mikið næði,“ segir hún glottandi út í annað.

**Hvernig er að vera svona lengi á tónleikaferðalagi? Það er ansi margt sem gerist á 18 mánuðum.** „Ég kann rosalega vel við mig að vera að túra og er svona aðeins að venjast því að vera heima núna. Ég veit stundum ekki hvað ég á að gera því ég er svo vön að fylgja ákveðnu prógrammi en svo núna er enginn að segja manni neitt. Umboðsmaðurinn sér um svo margt og svo erum við með aðra sem sjá um skipulagningu þegar við erum að ferðast.“

**Það hlýtur að vera mikil vinna að halda utan um alla í hljómsveitinni. Það var heldur ekki auðvelt að ná tali af þér þrátt fyrir að vera á Íslandi en blaðamaður þurfti að fara í gegnum umboðsmanninn. Er hún alveg ómissandi?** „Já, ég myndi segja það. Ég veit að margir sjá um skipulagninguna sjálfir en það er svo gott að fá að hugsa einungis um það að spila en að þurfa ekki að hugsa um allt hitt líka. Við erum bara svo heppin með umboðsmann því það er svo gott samband á milli okkar. Það er stundum svo erfitt að ná í mig því ég er svo léleg á samskiptamiðlunum eins og Facebook svo það er frábært að hafa hana til að skipuleggja hlutina.“

**Vissir þú að það eru 3-4 prófílar á Facebook þar sem fólk þykist vera þú eða jafnvel þráir að vera þú?** „Nei, ég vissi ekki af þessu og það er rosa skrítið. Við finnum alveg fyrir ákveðinni aðdáun á mismunandi stöðum en ég reyni að pæla ekki of mikið í því. Þetta er skemmtilegasta starf í heimi og ég er alveg að muna að njóta þess.“

**En finnur þú mikið fyrir því að vera eina stelpan í hljómsveitinni?** „Já, ég finn alveg fyrir því. Ég held að stelpur í tónlistarheiminum veki mikla athygli. Það vekur alltaf athygli að vera stelpan í bandinu þrátt fyrir að ég hafi aldrei hugsað um sjálfa mig sem stelpu í tónlist frekar en að vera strákur í tónlist. Ég geri ekki mikinn greinarmun á því en jú, ég er með brjóst.“

**Hvaða áhugamál hefurðu fyrir utan tónlist?** „Ég er mjög hrifin af því að gera skapandi hluti og gera eitthvað með höndunum eins og að taka ljósmyndir og teikna. Einnig er ég hrifin af teiknimyndasögum. Svo spila ég tölvuleiki og er með klúbb þar ▶



SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN







# kavíar!

*Kensington Caviar yfir- og undirlakkið Ótrúlega virk meðferð til að gera neglurnar glæsilegar. Eiginlega of gott til að vera satt!*



*litlaus áferð á nögl*

**Kensington Caviar undirlakkið** byggir upp og styrkir neglurnar, enda eru virku efnin í því alger vítamínbomba sem er unnin úr hágæða kavíar. Lakkið nærir allar gerðir af nöglum og er t.d. alveg upplagt fyrir neglur sem eru þurrar og flagnaðar.

**Kensington Caviar yfirlakkið** lengir endingartíma naglalakksins og gefur nöglunum þetta fágaða yfirbragð sem þú ert að sækjast eftir. Yfirlakkið þornar á aðeins 45 sekúndum. Þú getur líka sett það á í staðinn fyrir naglalakk ef þú ert að flýta þér en vilt fá gljáa á neglurnar.


*snertiþurrt á 45 sekúndum*




**Kensington undir- og yfirlakkið** er nú selt saman í pakkningu og er nú einnig fáanlegt í Saga Shop Collecion Icelandair.






# NÝJASTI DEMANTURINN

*sílikon-lausu hárola*

# DIAMOND OIL

***Hárið verður fallegra með hverjum dropa.***

**Redken** kynnir á markaðinn fyrstu sílikon-lausu hárolíu meðferðina. Diamond Oil gefur öflugann styrk, sterkara hár, meiri glans, mýkt í hárið, meiri næring og hárið brotnar minna.

*INNRI VIRKNI*

**Kóriander olía**
*Mýkir rétt fyrir innan ysta lagið til að fá meiri glans*

**Kamelína olía**
*Fyllir upp í sprungur í ysta laginu og mýkir*

**Apríkósu olía**
*Fer inn í kjarnann og nærir innanfrá og út*

***3X sterkara hár • 2X meiri glans***
***3X meiri næring • 3X minna brot í hári***
***Sílikon frítt***





***Það er stundum svo erfitt að ná í mig því ég er svo lélag á samskiptamiðlunum eins og Facebook svo það er frábært að hafa hana til að skipuleggja hutina.***

▶ sem við hittumst og spilum á þessar gömlu leikjatölvur eins og Nintendo. Ég er alveg pínu nörd,“ segir hún hlæjandi.

**Nú eruð þið búin að vera að túra hingað og þangað um heiminn. Hvaða staður hefur heillað þig mest á þessu ferðalagi?** „Mér fannst Japan ótrúlega spennandi og framandi staður. Þar var svo notalegt og öðruvísi og allt annað en við höfum upplifað annars staðar. Í Brasilíu voru einnig allir svo skemmtilegir og þakklátir. Það er svo gaman þegar fólk ræður ekki við sig og sýnir miklar tilfinningar.“

### *Komin heim í verðskuldað frí*

**Hvað ætlarðu að gera um jólin?** „Nú erum við bara að taka okkur frí fram í janúar og leyfa okkur að leiðast því þegar maður er að spila alveg endalaust þá langar mann líka alveg að vera í þögn. Um jólin ætla ég því að slaka á.“

**Hvað veitir þér innblástur í lífinu?** „Það er erfitt að segja, stundum er það önnur tónlist en undanfarið finnst mér konur sem eru að gera góða hluti í tónlist almennt heilla mig. Það kemur stundum eitthvað skemmtilegt yfir mann, einhver tilfinning, mikil sorg eða mikil gleði. Stundum er maður að rembast eitthvað og það gengur ekkert.“

**Heldurðu að þú eigir eftir að flytja og búa í útlöndum?** „Nei, ég áttaði mig á því hve vel mér líður á Íslandi eftir að hafa verið á svona miklu ferðalagi. Mér líður langbest heima en ég er einnig að átta mig á því hve það er alltaf kalt hérna. Hins vegar væri ég einn daginn til í að prófa að búa erlendis þrátt fyrir að ég endi alltaf hér.“

# HOLLARI KOSTUR
# í
# SNAKKI

Gluten frítt • Allt náttúrulegt • Loft poppað




POPCORNERSICELAND     POPCORNERS.COM

1


2



3

# HEIMILIÐ HILLUR ERU EKKI BARA HILLUR

*Skandinavísk hönnun fær mikla athygli á mörgum bloggsíðum og hafa Ikea-hillurnar þurft að víkja fyrir hönnunarhillum af ýmsum gerðum. Litlir og stórir kassar á veggi, hringlaga form og pastellitir. Hugmyndirnar eru útfærðar á margvíslegan hátt. Hrár efniviður þykir spennandi í takt við smáa muni og fíngerðari hluti.*

4


5


1 Hangandi hringlaga hilla frá danska merkinu Ferm living.
2 Hönnun eftir norska húsgagnahönnuðinn Amy Hunting.
3 Hay-hillur. Dönsk hönnun innblásin af sjötta áratugnum.
4 Hilluhús frá Ferm living.
5 Dönsk hönnun frá Ferm living.
6 Skandinavísk hönnun frá Muuto.

6


AUGLÝSING: COSMETICS KYNNIR

# ANDLITSLYFTING ÁN SKURÐAÐGERÐAR

## Hydradermie Lift er andlitsmeðferð, þróuð af GUINOT, sem styrkir andlitsvöðva og sléttir úr fínum línum og hrukkum.

Orðatiltækið tíminn læknar öll sár á ekki við þegar kemur að húðinni því staðreyndin er sú að henni byrjar að hraka um leið og frumurnar fara að endurnýjast hægar, eða frá 25 ára aldri. Sem betur fer er hægt að gera ýmislegt til að hægja á öldrunareinkennum húðarinnar en vissulega getur árangurinn verið misjafnlega góður.

Hydradermie Lift-andlitsmeðferð er í boði á Guinot-snyrtistofum og nýtur mikilla vinsælda. Hydradermie Lift-meðferðin er framkvæmd í tveimur þrepum. Annars vegar er um að ræða sogæðaörvun sem losar um úrgangsefni húðvefja og hins vegar vöðvaörvun sem stinnir vöðva andlits og háls. Að meðferð lokinni fær viðskiptavinurinn slakandi nudd og áhrifin láta ekki á sér standa. Áferð húðarinnar verður geislandi, útlínur andlitsins betur afmarkaðar og hrukkur hafa grynnkað.

### Árangur eftir fjögur skipti

Árangurinn er ótrúlegur eftir fjögur skipti í Hydradermie Lift-meðferðinni. Hrukkur minnka að meðaltali um helming, þéttleiki húðarinnar eykst um tæpan helming og ljómi húðarinnar verður allt að tvöfaldur. Meðferðin dregur úr þreytumerkjum og

*Hrukkur minnka að meðaltali um helming, þéttleiki húðarinnar eykst um tæpan helming og ljómi húðarinnar verður allt að tvöfaldur.*

skerpir útlínur andlitsins. Húðin verður stinnari og þéttari og útgeislunin verður meiri. Til að ná sem bestum árangri er komið í meðferðina þrisvar í viku í hálftíma í senn. Það er einstaklingsbundið hversu mörg skipti þarf, allt eftir aldri og húð hvers og eins.

### Hentar öllum

Hydradermie Lift-meðferðin felur í sér hreinsun og styrkingu húðarinnar, ásamt sogæðaörvun þar sem frumustarfsemin eykst og frumur verða súrefnismettaðri. Meðferðin er sérhæfð fyrir hvern og einn viðskiptavin og meðan á henni stendur eru þarfir hans sífellt hafðar í huga. Hydradermie Lift-meðferðin hentar öllum húðgerðum.




## EFTIRFARANDI SNYRTISTOFUR SELJA OG VINNA MEÐ GUINOT-SNYRTIVÖRUR

**Höfuðborgarsvæðið**
Snyrtistofan Gyðjan
*Skipholti 50d, s. 553-5044*
Guinot-MC stofan
*Grensásvegi 50, s. 568-9916*
Snyrtistofan Garðatorgi
*Garðatorgi 7, s. 565-9120*
Snyrtistofan Ársól
*Grímsbæ, s. 553-1262*
Snyrtistofan Ágústa
*Hafnarstræti 5, s. 552-9070*
Dekurstofan
*Kringlunni 3. hæð, s. 568-0909*
Þema snyrtistofa
*Dalshrauni 11, s. 555-2215*
Snyrtistofan Hrund
*Grænatúni, s. 554-4025*
S.G. snyrtistofa (Systrasel)
*Háaleitisbraut 58-60, s. 891-6529*
GK snyrtistofa
*Kjarni, Þverholti 2, s. 534-3424*
Snyrtistúdíó Önnu Maríu
*Baughúsum 21, s. 577-3132*
Snyrtistofan Marína (Dimmalimm)
*Hraunbær 102a, s. 896-0791*

**Landsbyggðin**
Snyrtistofan Lind
*Sunnuhlíð 12, Akureyri s. 462-1700*
Abaco heilsulind
*Hrísalundi 1, Akureyri s. 462-3200*
Snyrtistofa Ólafar
*Austurvegi 9, Selfoss s. 482-1616*
Snyrtistofa Guðrúnar
*Stillholti 23, Akranesi s. 845-2867*
Snyrtistofan Sif
*Kvistahlíð 2, Sauðárkróki s. 453-6366*
Snyrtistofa Ágústu
*Hilmisgötu 2a, Vestmannaeyjum. s. 481-2268*



**Kjóll**
fullt verð 28.980
**nú á 23.090**
**Skór**
fullt verð 28.980
**nú á 23.090**



**Kjóll**
fullt verð 17.980
**nú á 14.330**
Kjóllinn fæst einnig í svörtu
**Loðkragi**
fullt verð 26.980
**nú á 21.500**

# TAX FREE DAGAR

**20,32% af öllum fatnaði, skóm og fylgihlutum.**

## Föst. 8. nóv opið 10-18
## Laug. 9. nóv opið 10-18
## Sun. 10. nóv opið 13-18



**Kjóll**
fullt verð 26.980
**nú á 21.500**
**Skór**
fullt verð 28.980
**nú á 23.090**



**Túnika**
fullt verð 19.980
**nú á 15.980**
**Sparibuxur**
fullt verð 23.980
**nú á 19.110**



**Blússa**
fullt verð 12.980
**nú á 10.340**
Blússan fæst einnig í brúnu, gráu og vínrauðu
**Buxur**
fullt verð 18.980
**nú á 15.120**
**Loðkragi**
fullt verð 26.980
**nú á 21.500**



**Blússa**
fullt verð 14.980
**nú á 11.980**
Blússan fæst einnig í grænu og gráu
**Pils**
fullt verð 17.980
**nú á 14.330**

Fullt verð 28.980,
**nú á 23.090**



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað hjá Hrafnhildi.

*hjá Hrafnhildi*

- **Engjateigur 5**
- **Sími 581 2141**
- **www.hjahrafnhildi.is**

# HRÓS ER EINS OG „VÍTAMÍN SÁLARINNAR“

***Björk Varðardóttir, stöðvarstjóri World Class í Kringlunni, ræðir mikilvægi þess að hrósa fyrir eiginleika en ekki endilega útlit eða gjörning.***

Hvað er mikilvægara fyrir börnin okkar en að þau séu ánægð og sátt ásamt því að hafa sterka og jákvæða sjálfsmynd?

Foreldrar og kennarar eru hvattir til þess að hrósa börnum því eins og alheimur veit þá er hrós mjög mikilvægt til uppbyggingar sálarinnar.

Mikilvægt er að hrósa fyrir eiginleika en ekki bara gjörning. Það er því miður oft algengara að hrósað sé fyrir árangur, t.d útlitslega þætti og sýnilegan árangur.

Ef hrósið er oftast tengt útliti, þá getur það með auðveldum hætti orðið þráhyggja hjá þeim sem það þiggur, sérstaklega ef viðkomandi er með brotna sjálfsmynd. Einstaklingurinn fer að sækjast eftir því hvað hann getur gert til þess að fá oftar hrós og með þessum hætti getur hrós farið að hafa öfug áhrif. Fyrir þessa aðila eru meiri líkur á því að „fara yfir strikið“ t.d í áköfum megrunarkúrum eða öðru slíku því þeir vilja viðhalda hrósinu og finnst þeir ætíð þurfa að ganga lengra og lengra til að það markmið náist.

Hrós þarf að fá að heyrast fyrir mismunandi eiginleika einstaklinga, t.d. fyrir einlægni, jákvæðni, metnað.

Orðið hrós er því vandmeðfarið. Hrós er viðurkenning sem kemur utan frá og mikilvægt er að kunna að þiggja hrós líkt og að gefa það.



***Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar við hrósum:***

- Verum afslöppuð og gefum okkur tíma.
- Höldum augnsambandi á meðan hrósað er.
- Ekki ýkja, ofgera eða skjalla.
- Verum persónuleg og einlæg.
- Rökstyðjum hrósið.
- Hvernig gott er að taka hrósi:
- Brostu.
- Haltu augnsambandi.
- Hlustaðu án þess að grípa fram í.
- Leyfðu þér að gleðjast yfir hrósinu.
- Þakkaðu fyrir af einlægni og ákveðni.
- Forðastu að gera lítið úr þér eða draga úr því sem þú hefur gert.

# SKART VISTVÆNT OG ROKKAÐ

***Íslenska merkið Gyðja Collection setur á markað sitt fyrsta dömuúr sem unnið er úr íslensku vistvænu roði.***

„Við hófum þróunina á úrinu fyrir um ári en mikil leynd hefur ríkt yfir verkefninu. Það var stefnan að úrið væri bæði fallegur skartgripur og úr í senn og því hinn fullkomni fylgihlutur sem er bæði nytsamlegur og fullkomnar heildarútlitið,“ segir Sigrún Lilja eigandi Gyðju Collection. Sigrún Lilja segir úrið vera í svokölluðum bóhemstíl, en því er vafið þrisvar sinnum í kringum höndina. Útlit og hönnun úrsins er útpælt en ólin er úr vistvænu íslensku laxaroði og keðjurnar eru ýmist með 24 karata gyllingu eða silfurblöndu. „Hægt er að velja um fimm liti og því ættu flestar konur að geta fundið lit við sitt hæfi,“ útskýrir Sigrún Lilja. „Myndatakan fyrir herferð úrsins fer fram í London innan skamms og verður með glæsilegasta móti. Mynduð verður íslenskt fyrirsæta undir umsjá Kára Sverriss ljósmyndara ásamt MA Fashion Photography deildinni í London College of Fashion,“ segir hún glöð í bragði. Úrið kemur á markað innan örfárra daga og mun meðal annars fást í GÞ skartgripum á Laugaveginum, Mebu Rodium í Smáralind og Kringlunni.






MYND/KÁRI SVERRISS



## AUGLÝSING: BEAUTY ACADEMY KYNNIR

# UPPSELT Á SÍÐUSTU ÖNN BEAUTY ACADEMY

**Vinsældir náms í snyrtifræði aukast ár frá ári. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir í atvinnulífinu og starfsmöguleikarnir eru miklir. Námið fer fram í rúmgóðu og fallegu húsi í Ármúlanum í Reykjavík.**

Í Beauty Academy er boðið upp á eins árs sérnám í snyrtifræði. Námið hefur verið mjög vinsælt og var til að mynda uppselt í það á síðustu önn. Að sögn Stefaníu Mörtu Katarínusdóttur, skólastjóra Beauty Academy, eru nemendur teknir inn þrisvar á ári. „Nú standa yfir viðtöl fyrir næstu önn sem hefst 25. nóvember. Það er þó ekki orðið of seint að sækja um og hvet ég alla áhugasama til að drífa sig í að sækja um áður en það verður of seint.“ Nám í snyrtifræði er hagnýtt og skemmtilegt og eru útskrifaðir nemendur frá Beauty Academy eftirsóttir í atvinnulífinu. Námið er auk þess lánshæft hjá LÍN.

Stefanía Marta segir mikið lagt upp úr að nemendur fái góða þjálfun og reynslu meðan á náminu stendur. „Skólinn er hluti af Fashion Academy Reykjavík sem er eins konar regnhlíf yfir sjö deildir þar sem meðal annars er boðið upp á snyrtifræðideild, förðunardeild, nagladeild, ljósmyndadeild, stílistadeild og Elite model-fyrirsætudeild.“

Auk þess er Reykjavík Fashion Festival hluti af fyrirtækinu en þar hafa nemendur í snyrtifræði fengið dýrmæta reynslu að sögn Stefaníu Mörtu. Valið fyrir Reykjavík Fashion Festival verður 17. nóvember í Ármúla 21, kl. 13.00.

„Það er mikið líf í húsinu hjá okkur. Hér skapast því oft tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum. Á næstunni stefnum við að því að auka enn frekar fjölbreytni í Fashion Academy Reykjavík og opna tískuhönnunardeild.“

Tveir nemendur sem útskrifast bráðlega úr snyrtifræði stefna á að fara á samning hjá snyrtistofu í skemmtiferðaskipi. Þær Ástrós Eva Gunnarsdóttir og Guðný Hulda Waage voru mjög ánægðar með námið sem þær segja vera bæði krefjandi og skemmtilegt. „Það kom okkur skemmtilega á óvart hversu krefjandi námið var. Þetta er gagnlegt og gott nám sem gefur starfsmöguleika víða. Svo er bara að sjá til hvort við komumst á samning á skemmtiferðaskipi en það skýrist vonandi um áramótin.“



Ástrós Eva og Guðný Hulda eru að útskrifast úr snyrtifræði. Þær stefna á samning á skemmtiferðaskipi. MYND/VILHELM



Make up for ever snyrtivörur eru notaðar í Fashion Academy.


# SNYRTIBUDDAN

## ÉG NOTA HIGHLIGHTER Á KINNBEININ

Bjarndís Sif Einarsdóttir stundar nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Hún starfar einnig í bókhaldi og er fyrirsæta í hjáverkum. Bjarndís Sif hugsar vel um heilsuna og hefur mikinn áhuga á dansi, víkingaþreki og líkamsrækt almennt en hún æfði djassballett í 12 ár.



Bjarndís Sif Einarsdóttir



**Brow liner kit frá Body shop:** Þennan hef ég notað í þónokkurn tíma og hann er svolítið í uppáhaldi, sérstaklega þar sem ég get notað ljósari litinn sem augnskugga dagsdaglega.




**L'Oréal Paris True Match LUMI:** Ég byrjaði að nota þennan farða í vor og líkar hann mjög vel. Hann gefur húðinni mjög jafnan tón, inniheldur E- og C-vítamín og er einnig með sólarvörn upp á SPF-20, sem hentar vel fyrir mig þar sem ég gleymi nánast alltaf að setja á mig sólarvörn.

**Falsies feathers frá Maybelline:** Það er eiginlega ekki hægt að tala um snyrtibudduna án þess að nefna maskara. Ég er reyndar alltaf að prófa nýja og nýja í leit að hinum fullkomna en í augnablikinu er þessi sá sem ég nota mest. Hann lengir og þykkir augnhárin.






**Lipobase Repair:** Ég veit ekki hversu margar túpur ég á af þessu yndislega kremi. Það er fullkomið sem varasalvi og einnig nota ég það stundum sem smá highlighter á kinnbeinin þegar ég er að drífa mig út í dinner eftir langan vinnudag.

# FALLEGAR GJAFIR





Plötuspilari
39.900,-



Silfurrefur
14.900,-



Þvottabjörn
10.900,-



Glerbox
5.900,-

**MYCONCEPTSTORE.IS**

Verslun: Innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

## ...SPJÖRUNUM ÚR



**Katrín Júlíusdóttir**

**ALDUR:** 38 ára
**STARF:** Alþingiskona

**Hvern faðmaðir þú síðast?**
| SKYTTEN | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 10.15 | 16 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE STARVING GAMES | KL. 6 - 8 | 12 |
| CARRIE | KL. 8 - 10 | 16 |
| PHILOMENA KL. 6 (12) / CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |

Miðasala á: midi.is og eMiði


# Kennsluhættir í Háskóla Íslands

**BAKÞANKAR**
Kjartans Atla Kjartanssonar



Menntamál eru vinsælt þrætuefni. Mikið hefur verið rætt um grunnskólamenntun hér á landi og þá yfirleitt í tengslum við kjör kennara. Svo virðist sem auðvelt sé að hafa skoðun á því. En í umræðunni gleymist gjarnan að grunnskólakennarar eru líklega fremstir í því að brydda upp á nýjum kennsluháttum. Að ná til allra. Margir grunnskólakennarar leggja sig alla fram til þess að ná til barna sem kannski streitast á móti og neita að læra.

**SJÁLFUR** stundaði ég nám við Háskóla Íslands. Og þekki marga aðra sem það gerðu. Og mikið vildi ég að fleiri kennarar í Háskólanum hefðu verið lærðir grunnskólakennarar. Ég vildi að fleiri kennarar hefðu lagt sig fram við að ná til allra og gera námið spennandi. En þannig kennarar voru á undanhaldi í Háskólanum.

**FLESTAR** kennslustundir sem ég sat í Háskólanum voru í formi fyrirlestra. Snemma á köldum vetrarmorgnum stóð kennari með kaffibollann sinn fyrir framan fjölda úlpuklæddra þreyttra nemenda og las af glærum. Að halda athygli heilan fyrirlestur við þessar aðstæður er erfitt. Gríðarlega erfitt.

**HÁSKÓLI** Íslands er einfaldlega risaeðla þegar kemur að kennsluháttum. Námsmatið í fjölmörgum kúrsum sem ég sat var eitt lokapróf. Einn dagur af heilli önn skipti máli. Ef maður átti slæman dag þá var öll önnin búin. Í sumum kúrsum var nemendum gert að skila einni ritgerð auk þess að þreyta lokapróf. Oft voru prófin þannig að þau áttu að koma nemendum á óvart. Markmiðið virtist vera að fella sem flesta, í staðinn fyrir að miðla þekkingunni þannig að sem flestir nái.

**VIÐHORFIÐ** þar virðist vera þannig að nemendur eigi einfaldlega að bjarga sér sjálfir. Að nemendur eigi að vera komnir upp á náð og miskunn prófessora sem miðla þekkingu sinni eftir sínu eigin höfði. Nemendur eiga eingöngu að aðlagast kerfinu, en ekki kerfið þeim.

**EF** grunnskólakennarar kenndu í Háskóla Íslands myndu fleiri útskrifast og hafa jákvæðari mynd af námi við skólann. Þess vegna legg ég til að grunnskólakennarar fái hærri laun en prófessorar við HÍ sem lesa bara af glærum.



**ÆVINTÝRAMAÐUR** Fyrirtæki Sertac Tasdelen heitir Binnaz abla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bílar og sætar stelpur skipta ekki máli núna

**Sertac stofnaði fyrirtæki með móður sinni og réð hundrað manns í vinnu. Hann elskar jaðaríþróttir og er á Íslandi til að njóta lífsins til hins ýtrasta.**

Fyrir örfáum árum vann Sertac Tasdelen, sem fjármálaráðgjafi hjá stóru fyrirtæki í Dubai, við að segja fólki hvað það átti að gera við peningana sína. Honum fannst hann ekki fá það sem hann vildi út úr lífinu og fékk hugljómun á jóladag árið 2011. Hann strengdi þess heit að hætta í vinnunni sinni áður en hann yrði þrítugur.

Árið 2012 stofnaði hann fyrirtæki með móður sinni þar sem hún spáði í bolla fyrir fólk í gegnum internetið.

„Það virkar þannig að fólk tekur mynd af bollanum sínum og sendir henni myndina og hún sendir til baka spádóm. Til að byrja með var þjónustan ókeypis. Síðan ákváðum við að rukka tíu dollara fyrir hvern spádóm. Eftirspurnin óx mjög fljótt svo mikið að við önnuðum ekki eftirspurn. Mamma spáði aðeins í tíu bolla á dag, þannig að við fjölguðum starfsmönnum.“

Móðir Sertac er andlit fyrirtækisins og um hundrað manns starfa hjá fyrirtækinu í Tyrklandi sem er heimaland þeirra.

„Margir sem vinna hjá okkur eru í hjólastól og atvinnutækifæri eru ekki á hverju strái fyrir fatlaða í Tyrklandi, svo það er gaman að geta haft þessi jákvæðu áhrif á líf fólks.“

Til að byrja með sinnti hann vefsíðunni eftir vinnu. Samtals vann hann um tuttugu tíma á sólarhring þegar hann starfaði bæði fyrir fjármálafyrirtækið og sá um vefsíðuna með móður sinni. Í júní 2012 sagði hann upp vinnunni og helgaði sig fjölskyldufyrirtækinu. Þá var hann 29 ára gamall.

Sertac þykir meira gefandi að hafa mikil áhrif í minna fyrirtæki en að vera lítið púsl í risastóru fyrirtæki eins og áður. Nú þénar hann þrefalda eða fjórfalda upphæðina sem hann fékk í laun þegar hann starfaði í fjármálabransanum, en þarf að vinna minna og getur ferðast um allan heim og stundað mismunandi jaðaríþróttir. Þess vegna er hann á Íslandi þessa dagana og þegar blaðamaður Fréttablaðsins hitti hann var hann nýbúinn að kafa í Silfru.

„Ég hef alveg breytt um lífsstíl. Þegar ég vann fyrir fjármálafyrirtæki lagði ég mikið upp úr því að eiga fína bíla og elta sætar stelpur. Þessir hlutir skipta mig ekki máli lengur. Maður gleymir því hvaða skópör maður kaupir um ævina, en maður gleymir því aldrei að hafa kafað í Silfru.“

ugla@frettabladid.is

## Sefur í sex tíma

Sertac Tasdelen vill ekki sofa meira en sex klukkutíma á sólarhring og hefur reiknað það út að ef hann dregur svefntíma sinn frá á hann einungis tuttugu ár eftir ólifuð, jafnvel þótt hann lifi þangað til hann verður níræður. Þessum tíma hyggst hann eyða í ferðalög og jaðaríþróttir.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Frábært fjölskylduævintýri
eftir Berg Þór Ingólfsson
og Guðmund Brynjólfsson
„Salurinn veltist um af hlátri. Gaman!!! “
E.B. Fréttablaðið.
J.V.J. DV.
„Skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“
S.G. Mbl.
Tónlist eftir Villa Naglbít!
Sýningar
Sun: 10 nóv. kl. 13
Sun: 17.nóv. kl. 13
Sun: 24. nóv. kl. 13
GRÍMAN
Barnasýning ársins 2010
HORN Á HÖFÐI
GRAL
Miðasala á midi.is og í miðasölu Tjarnarbíós í síma 527-2102
midi.is
Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.
TJARNARBÍÓ

## Veðrið er algjört aukaatriði

**FÓTBOLTI** Veðurspáin fyrir föstudaginn 15. nóvember bendir til þess að hiti gæti orðið um frostmark og þó nokkur vindur. Lars Lagerbäck telur að veðrið gæti mögulega hjálpað okkar mönnum lítillega en þó þýði lítið að spá í það.
„Króatar spila víða um Evrópu og eru vanir ýmsum skilyrðum. Ég held að veðrið verði ekki aðalatriði þegar út á völlinn verður komið,“ sagði Svíinn.
Hann minntist þess þegar hann stýrði sænska landsliðinu á Laugardalsvelli í eitt skipti og afar hvasst var í veðri.
„Nokkrir leikmenn kvörtuðu en þá þurfti ég bara að minna þá á að aðstaðan væri sú sama fyrir bæði lið.“ Nauðsynlegt sé að eyða ekki orku í að hugsa um hluti sem ekki verði við ráðið.
„Ef þú pælir í svona hlutum þá missirðu sjónar á því sem skiptir máli.“ **- ktd**



## 22 klárir í slaginn gegn Króatíu

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tilkynntu í gær hvaða leikmenn muni spila í umspilsleikjunum mikilvægu gegn Króatíu. Fátt kom á óvart í valinu en Sölvi Geir Ottesen er aftur mættur í slaginn.

**Markmenn**
- Gunnleifur Gunnleifsson, Breiðablik
- Hannes Þór Halldórsson, KR
- Haraldur Björnsson, Fredrikstad

**Varnarmenn**
- Birkir Már Sævarsson, Brann
- Ragnar Sigurðsson, FC Kaupmannahöfn
- Kári Árnason, Rotherham
- Eggert Gunnþór Jónsson, Belenenses
- Ari Freyr Skúlason, OB
- Hallgrímur Jónasson, Sønderjyske
- Kristinn Jónsson, Breiðablik
- Sölvi Geir Ottesen, FC Ural

**Miðjumenn**
- Aron Einar Gunnarsson, Cardiff
- Emil Hallfreðsson , Hellas Verona
- Helgi Valur Daníelsson, Belenenses
- Jóhann Berg Guðmundsson, AZ
- Birkir Bjarnason, Sampdoria
- Rúrik Gíslason, FC Kaupmannahöfn
- Ólafur Ingi Skúlason, Zulte Waregem
- Gylfi Þór Sigurðsson, Tottenham
- Guðlaugur Victor Pálsson, NEC

**Sóknarmenn**
- Eiður Smári Guðjohnsen, Club Brugge
- Kolbeinn Sigþórsson, Ajax FC
- Arnór Smárason, Helsingborg
- Alfreð Finnbogason, Heerenveen **- ktd**



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## OLÍS-DEILD KARLA

**FH - AKUREYRI 23-17**
**FH - Mörk (skot):** Einar Rafn Eiðsson 6 (8), Magnús Óli Magnússon 6 (12), Ásbjörn Friðriksson 4/3 (9/3), Benedikt Reynir Kristinsson 2 (2), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2).
**Varin skot:** Daníel Andrésson 16 (32/2, 50%)
**Akureyri - Mörk (skot):** Bjarni Fritzsson 6/3 (12/4), Vladimir Zejak 5 (10), Sigþór Heimisson 3 (5), Þrándur Gíslason 1 (2), Valþór Guðrúnar. 1 (3),
**Varin skot:** Jovan Kukobat 7 (21/1, 33%), Tomas Olason 7 (16/2, 44%),

**HAUKAR - HK 29-21**
**Haukar - Mörk (skot):** Sigurbergur Sveinsson 6/2 (8/2), Einar Pétur Pétursson 4 (5), Adam Haukur Baumruk 4 (7), Þröstur Þráinsson 3 (3), Árni Steinn Steinþórsson 3 (7), Elías Már Halldórsson 2 (2), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Þórður Rafn Guðmundsson 2 (4), Tjörvi Þorgeirsson 2 (6),
**Varin skot:** Giedrius Morkunas 15 (24, 63%), Einar Ólafur Vilmundarson 2 (14, 14%),
**HK - Mörk (skot):** Jóhann Reynir Gunnlaugsson 10 (14), Atli Karl Bachmann 4 (6), Davíð Ágústsson 2 (2), Leó Snær Pétursson 2 (3), Tryggvi Þór Tryggvason 1 (3), Garðar Svansson 1 (5)
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 9 (30/2, 30%), Helgi Hlynsson 2 (10, 20%),

**FRAM - ÍR 26-23**
**Fram - Mörk (skot):** Garðar B. Sigurjónsson 7/3 (7/3), Stefán Stefánsson 6 (8), Elías Bóasson 4 (9)
**Varin skot:** Stephen Nielsen 20 (41/2, 49%)
**ÍR - Mörk (skot):** Sturla Ásgeirsson 6/2 (9/2), Björgvin Hólmgeirsson 5 (13), Guðni Már Kristinsson 3 (4), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 3 (5)
**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 6 (19/2, 32%), Arnór Freyr Stefánsson 5/1 (18/3, 28%),

## DOMINOS-DEILD KARLA

**STJARNAN - HAUKAR 94-79**
**Stjarnan:** Marvin Valdimarsson 32, Justin Shouse 27, Matthew James Hairston 17/11 frák, Fannar Freyr Helgason 8/14 frák/8 stoð, Dagur Kár Jónsson 8, Tómas Þórður Hilmarsson 2.
**Haukar:** Terrence Watson 29/18 frák/4 varin, Haukur Óskarsson 10, Davíð Páll Hermannsson 10, Sigurður Þór Einarsson 8, Emil Barja 7/6 frák.

**KEFLAVÍK - ÞÓR Þ. 97-88**
**Keflavík:** Michael Craion 22/14 frák, Darrel Lewis 19, Guðmundur Jónsson 17, Valur Orri Valsson 12, Gunnar Ólafsson 10, Arnar Jónsson 8/10 stoð.
**Þór Þ.:** Nemanja Sovic 30/16 fráköst, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 22/16 fráköst/4 varin, Þorsteinn Már Ragnarsson 11, Mike Cook Jr. 9.

**ÍR - VALUR 99-92**
**ÍR:** Terry Leake Jr. 26/9 fráköst/7 varin, Sveinbjörn Claessen 25/, Matthías Sigurðarson 22/13 frák/12 stoð, Hjalti Friðriksson 8, Björgvin Ríkharðsson 7.
**Valur:** Rúnar Ingi Erlingsson 23, Chris Woods 16, Oddur Ólafsson 15, Birgir Björn Pétursson 12/10 frák, Gunnlaugur H. Elsuson 9.








**SAMVINNA** Gagnkvæm virðing lýsir vel samskiptum þjálfaranna Lars og Heimis sem ná vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Óhræddir við Króata

### Ísland á möguleika gegn Króötum en ómögulegt er að fullyrða um hve miklir þeir eru að sögn Lars Lagerbäck. Ekkert gefið upp um hægri bakvarðarstöðuna.

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck var kvefaður en kokhraustur þegar hann tilkynnti fjölmiðlamönnum 22 manna leikmannahóp fyrir landsleikina mikilvægu gegn Króötum. Fyrri leikurinn fer fram föstudagskvöldið 15. nóvember en sá síðari í Zagreb fjórum dögum síðar.

Fátt kom á óvart í vali Svíans og aðstoðarmanns hans, Heimis Hallgrímssonar, sem nýttu tímann frekar í að velta fyrir sér styrkleika andstæðinganna og spá í spilin.

„Þetta er áhugaverð staða. Við erum komnir í umspil fyrir HM og hlökkum til,“ sagði Svíinn í upphafi fundarins. Hann leit yfir farinn veg og benti á að skipst hefðu á hæðir og lægðir í undankeppninni. Liðið hefði hins vegar fært sig upp á skaftið eftir sumarið og farið á kostum er frá er talinn fyrri hálfleikurinn í 4-4 jafnteflinu gegn Sviss. Endurkoman í Sviss hafi gefið liðinu mun meira en eitt stig. Sjálfstraustið hafi aukist og nú viti menn að allt sé hægt.

„Síðan þá hefur leikur okkar stórbatnað. Við töpuðum hins vegar of mörgum leikjum á heimavelli til að eiga möguleika á að vinna riðilinn.“

Heimir hefur legið yfir upptökum af leik Króata sem hafa verið í fremstu röð í heiminum um árabil.

„Þeir eru svona stríðsþjóð með gríðarlegan metnað,“ sagði Heimir um þá rauð- og hvítklæddu. Lars þekki vel til nýs þjálfara liðsins, Niko Kovac, sem geti komið sér vel. Sömuleiðis sú staðreynd að hann hafi stýrt sænska liðinu gegn Króötum og þekki vel til liðsins og aðstæðna í Zagreb.

„Króatar hafa verið á meðal tíu efstu á styrkleikalista FIFA síðastliðin fjögur ár. Það er fyrst núna sem aðeins hefur dregið af þeim,“ sagði Heimir um stöðugleika Króata sem sitja í dag í 18. sæti listans.

„Á sama tíma hefur gengi Íslands verið meira eins og línurit hjá hjartasjúklingi,“ sagði Heimir og uppskar hlátur nærstaddra. „Bilið á milli þjóðanna er alltaf að minnka og við förum óhrædd í þennan bardaga gegn þeim.“

Óvissa ríkir um það hver muni manna stöðu hægri bakvarðar í fjarveru Birkis Más Sævarssonar sem tekur út leikbann. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni þótt líklegast megi telja að það komi í hlut Hallgríms Jónassonar, Ólafs Inga Skúlasonar eða Rúriks Gíslasonar.

„Króatarnir hafa eyru,“ sagði Heimir og vildu þeir félagar ekkert gefa upp um væntanlegt útspil sitt. **kolbeinntumi@frettabladid.is**

# Nítján leikmenn á hættusvæði

### Íslensku landsliðsmennirnir hafa bætt sig mikið varðandi spjaldasöfnun.

**FÓTBOLTI** Átta leikmenn Íslands eru einu gulu spjaldi frá því að fara í leikbann í undankeppninni. Fái þeir gult spjald í fyrri leiknum á Laugardalsvelli er ljóst að þeir missa af síðari leiknum í Zagreb.

„Það hafa alltof margir leikmenn okkar verið í banni í undankeppninni,“ segir Lars Lagerbäck. Jafn lítið land og Ísland megi ekki við því að margir leikmenn fari í leikbann.

„Agi leikmanna í undanförnum leikjum hefur þó verið til fyrirmyndar,“ segir Svíinn og tölfræði lýgur ekki.

Liðið hefur fengið fjögur gul spjöld í síðustu fjórum leikjum en átján gul og eitt rautt í leikjunum sex á undan. Birkir Már Sævarsson verður níundi leikmaðurinn sem tekur út leikbann hjá Íslandi í undankeppninni. Svíinn segir gulu spjöldin ekki munu hafa áhrif á liðsvalið í leiknum á Laugardalsvelli.

„Við munum velja besta liðið í fyrri leikinn óháð spjöldunum. Það er mikilvægt að að vinna fyrri leikinn heima. Til þess þarftu þitt sterkasta lið til að stjórna leiknum. Það væri líka yndislegt ef Króatar myndu ekki skora.“

Heimir Hallgrímsson, aðstoðarmaður Svíans, minnti á að gul spjöld væru ekki aðeins áhyggjuefni Íslendinga.

„Þeir eru með ellefu leikmenn á gulu spjaldi þannig að við getum ekki grátið yfir þessu,“ segir Heimir. Nítján leikmenn eru því á hættusvæði í fyrri leiknum.

Lagerbäck fagnar því að dómari leiksins, Alberto Undiano, er í hæsta gæðaflokki. Í fyrsta skipti í undankeppninni sem þeir verða maðurinn með flautuna úr hæsta styrkleikaflokki dómara. **- ktd**



**PASSA SIG** Gylfi er á gulu spjaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Þeir eru á hættusvæði**
- Aron Einar Gunnarsson
- Sölvi Geir Ottesen
- Gylfi Þór Sigurðsson
- Alfreð Finnbogason
- Kári Árnason
- Eggert Gunnþór Jónsson
- Emil Hallfreðsson
- Kolbeinn Sigþórsson

# „HJARTNÆMASTA SAGA HOSSEINIS“

THE NEW YORK TIMES

# „ÁHRIFAMIKIL“

PEOPLE

# „RAFMÖGNUÐ“

SAN FRANCISCO CHRONICLE

# „FRAMÚR-SKARANDI“

USA TODAY

# „MEISTARALEGA OFIN“

THE DAILY BEAST

# „ÁLEITIN“

HOUSTON CHRONICLE




# ★★★★

PEOPLE MAGAZINE

# „LJÓÐRÆN“

PUBLISHERS WEEKLY

# Fótfrár eftir heita jörð í Namibíu

**Spretthlauparinn Kolbeinn Höður Gunnarsson ætlar sér stóra hluti. Eftir vel heppnað tímabil horfir hann til tveggja Íslandsmeta Jóns Arnars Magnússonar. Heilbrigður lífsstíll er í fyrirrúmi hjá táningnum sem vill ekki sjá vímuefni á einu eða öðru formi.**

„Þetta er allt þess virði þegar maður uppsker,“ sagði spretthlauparinn Kolbeinn Höður Gunnarsson á stefnumóti við blaðamann á Akureyri á dögunum. Kolbeinn, sem æfir af kappi með Ungmennafélagi Akureyrar, var nýkominn af erfiðri æfingu hjá liði sínu og viðurkenndi að undirbúningstímabilið væri enginn dans á rósum.

„Æfingarnar geta verið alveg rosalega erfiðar og stundum er þetta leiðinlegt,“ segir Kolbeinn sem vakti mikla athygli fyrir framgöngu sína á frjálsíþróttavellinum á síðasta keppnistímabili. Akureyringurinn átján ára setti Íslandsmet í karlaflokki í 400 metra hlaupi innanhúss í janúar og sankaði að sér verðlaunum fram á haust.

„Þetta var í raun fyrsta keppnistímabilið mitt þar sem ég tók fullt undirbúningstímabil sem hlaupari,“ segir Kolbeinn um stöðu mála. Hann byrjaði ekki að æfa frjálsar íþróttir fyrr en á þrettánda ári en hafði áður prófað fótbolta og íshokkí.

„Ég mætti bara á eina fótboltaæfingu. Mér finnst alveg gaman í fótbolta en kunni ekki við að æfa,“ segir Kolbeinn sem entist öllu lengur í íshokkíinu. Hann telur það hafa gefið sér góðan grunn fyrir hlaupin en ekki er svo að mikil hlaupagen sé að finna í fjölskyldunni. Óhætt er að segja að svar hans við spurningunni hvers vegna hann sé svona fljótur komi blaðamanni í opna skjöldu. Þannig er að hann bjó með foreldrum sínum í Namibíu í Afríku frá tveggja ára aldri og þar til hann varð fimm ára.

„Ég var alltaf berfættur í Namibíu,“ segir Kolbeinn. „Jörðin var alltaf svo heit að ég hljóp alltaf um á tánum. Ekki ósvipað og ég geri í spretthlaupunum.“

**Íslandsmet Jóns Arnars „léleg“**

Kolbeinn æfir undir leiðsögn Gísla Sigurðssonar hjá UFA sem hann kann vel að meta.

„Hann er heimsklassa þjálfari. Ég hef svo sem ekki mikinn samanburð en þú sérð bara hvað hann gerði fyrir Jón Arnar Magnússon,“ segir Kolbeinn. Gísli þjálfaði tugþrautarkappann um árabil með góðum árangri. Þannig er mál með vexti að þrátt fyrir að hafa einbeitt sér að tíu greinum á Jón Arnar Íslandsmetin í 100 og 200 metra hlaupi utanhúss. Reyndar á Jón Arnar einnig metin í 110 metra grind og langstökki en spretthlauparinn Kolbeinn horfir hýru auga til fyrrnefndu greinanna.

„Íslandsmetin í 100 og 200 metrunum eru léleg,“ segir Kolbeinn og er fljótur að útskýra mál sitt. Meiningin sé alls ekki að móðga einn fremsta íþróttamann sem þjóðin hafi alið. Í samhengi við mörg önnur Íslandsmet séu tímarnir ekki sérstakir enda metin sett af íþróttagarpi sem einbeitti sér að tíu íþróttagreinum á sama tíma. Kolbeinn sparar ekki stóru orðin enda fullur af sjálfstrausti eftir vel heppnað tímabil.

„Markmiðið á næsta ári eru Íslandsmetin í 100 og 200 metra hlaupum,“ segir Kolbeinn. Hann á best 10,84 sekúndur í 100 metrum og 21,38 sekúndur í 200 metrum. Íslandsmet Jóns Arnars í greinunum eru 10,56 sekúndur og 21,17 sekúndur.

**Skammt stórra högga á milli**

Kolbeinn er meðvitaður um að ýmislegt geti komið upp hjá íþróttafólki. Hann hefur sloppið við meiðsli hingað til en veit að hættan er alltaf fyrir hendi.

„Ég er líka viðbúinn því að það komi ár þar sem maður bætir sig ekki neitt,“ segir Kolbeinn sem er á þriðja ári á félagsfræðibraut við Menntaskólann á Akureyri. Eins og svo margir norðanmenn elskar hann lífið í höfuðborg Norðurlands og á erfitt með að ímynda sér líf annars staðar.

„Hérna er líka fjölskyldan og vinirnir,“ segir Kolbeinn alls óviss hvort hann vilji nýta sér íþróttahæfileikana til að nema í Bandaríkjunum eða halda annað. Það verði bara að koma í ljós.

**48,03**

Íslandsmet Kolbeins í 400 metra hlaupi innanhúss frá því í janúar.

> **Ég var alltaf berfættur í Namibíu. Jörðin var svo heit að ég hljóp alltaf um á tánum. Ekki ósvipað og ég geri í spretthlaupunum.**
>
> *Kolbeinn Höður Gunnarsson*




**TÖLVULEIKJASTRÁKUR** Kolbeinn Höður spilar tölvuleiki og sumir þeirra eru í ofbeldisfyllri kantinum. „Já, flestir, en ég spila líka aðra leiki. Íþróttaleikir eru samt þeir langleiðinlegustu,“ segir Kolbeinn léttur. MYND/GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON




**GULL** Kolbeinn kemur fyrstur í mark í 400 metrunum á Meistaramótinu innanhúss á undan Trausta Stefánssyni og Ívari Kristni Jasonarsyni. MYND/GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON






## Johnson frekar en Bolt

Kolbeinn kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Um leið og umræðan snýr að notkun ólöglegra efna hjá íþróttafólki í heimi frjálsra íþrótta er skoðun hans skýr.

„Ég er á móti öllum vímuefnum,“ segir Kolbeinn sem eðli málsins samkvæmt snertir hvorki tóbak né áfengi. Hann leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl, borðar lítið af unninni matvöru, drekkur að mestu leyti vatn og sefur mikið. Það hefur gengið vel og hann hefur engar áhyggjur af því að falla í gryfju árangursbætandi lyfja eins og svo margir.

„Það er örugglega enginn af þessum bestu hreinn,“ segir Kolbeinn um þá fremstu á sínu sviði í 100 metra hlaupum. Kapparnir keppast við að falla á lyfjaprófum og virðist flestum af bestu tímum sögunnar hafa verið náð af köppum með óhreint mjöl í pokahorninu. Usain Bolt er enn ósnertur en Jamaíkamaðurinn hefur verið í sérflokki í greininni undanfarin ár.

„Ef það er einhver hreinn þá er það hann,“ segir Kolbeinn. Bendir hann á að þegar Bolt var á fermingaraldri hafi hann verið að hlaupa á pari við fljótustu hlaupara Evrópu. Bolt er þó ekki hetjan heldur Bandaríkjamaðurinn Michael Johnson sem var þó hættur keppni þegar Kolbeinn fór á fullt í frjálsum.

„Ég hef horft á fjölmörg myndbönd af honum á Youtube,“ segir Kolbeinn um Johnson sem meðal annars varð Ólympíumeistari í 200 og 400 metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Atlanta árið 1996.

Kolbeinn ætlar sér stóra hluti á næstu árum. Hann gerir mikið af því að skoða árangur efnilegra hlaupara erlendis, hvar þeir stóðu við átján ára aldurinn og hve mikið þeim tókst að bæta sig á einu ári.

„Ég er svo mikill pælari. Auðvitað eru þetta bara pælingar og draumar en það að aðrir hafi bætt sig svo mikið sýnir að þetta er vel hægt,“ segir hlauparinn sem horfir björtum augum fram á veginn.








*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl 21.15**

## Harry Potter and the Chamber of Secrets

Spennandi fjölskyldumynd um Harry Potter sem er kominn á annað ár í Hogwarts, en sem fyrr eru vandræðin ekki lengi að elta hann uppi. Árið byrjar illa þegar hann kemst að því að mælt er alfarið gegn því að hann fari í skólann að þessu sinni.

## Í KVÖLD



### Family Guy

**SKJÁR EINN KL 20.05** Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum.



### Liðið mitt

**STÖÐ 2 SPORT** kl. **19.30** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta. Í þessum þætti fer hann til Ísafjarðar og heimsækir lið KFÍ.



### Evan almáttugur (Evan Almighty)

**SJÓNVARPIÐ KL 21.10** Guð setur sig í samband við þingmanninn Evan Baxter og segir honum að smíða örk til að vera viðbúinn miklu flóði.

**FM 957 kl. 16.00**

## Vaktin

Vaktin samanstendur af 11 þjóðþekktum einstaklingum sem standa vaktina á FM957 alla virka daga kl. 16-18. Á föstudögum eru það þeir Auddi, Pétur Jóhann og Steindi jr. Það vill enginn missa af Vaktinni, það er bara þannig.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Drop Dead Diva**
**11.05** **Fairly Legal**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Ghosts of Girlfriends Past**
**14.50** **Muppets, The**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.21** **Veður**
**19.30** **Popp og kók**
**19.55** **Logi í beinni**
**20.45** **Hello Ladies** *(6:8)*
**21.15** **Harry Potter and the Chamber of Secrets**
**23.55** **Never Let me Go**
**01.35** **Fright Night**
**03.15** **Blue Crush**
**05.00** **Ghosts of Girlfriends Past**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Tottenham - Sheriff Tiraspol**
**13.20** **Spænsku mörkin**
**13.50** **Pýski handboltinn 2013/2014** Útsending frá leik Kiel og Rhein-Neckar Löwen í þýska handboltanum.
**15.15** **AZ Alkmaar - Shakhter Karagandy**
**17.00** **Tottenham - Sheriff Tiraspol**
**18.45** **Sportspjallið**
**19.30** **Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta. Í þessum þætti fer hann til Ísafjarðar og heimsækir lið KFÍ.
**20.00** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.30** **La Liga Report**
**21.00** **Evrópudeildarmörkin**
**21.55** **Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**22.25** **KR - Stjarnan**
**23.55** **NBA** Skemmtilegur þáttur um körfuboltahetjuna Charles Barkley.
**00.40** **Meistaradeild Evrópu. Juventus - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40** **Man. City - Norwich**
**18.20** **Fulham - Man. Utd.**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Premier League World**
**21.00** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30** **Football League Show**
**22.00** **Hull - Sunderland**
**23.40** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**00.10** **Messan**
**01.20** **Newcastle - Chelsea**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver í Iðnó **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.35** **Jamie's Ministry of Food**
**17.25** **Raising Hope**
**17.45** **Don't Trust The B....in Ap**
**18.10** **Cougar Town**
**18.35** **Funny or Die**
**19.00** **The Great Escape**
**19.40** **Smash** *(9:17)*
**20.25** **Super Fun Night** *(1:13)*
**20.50** **The X-Factor US** *(14:26)*
**21.35** **Hunted** *(8:10)*
**22.35** **Strike back** *(9:10)*
**23.20** **The Great Escape** *(9:10)*
**00.00** **Smash**
**00.45** **Super Fun Night**
**01.10** **The X-Factor US**
**01.55** **Hunted**
**02.55** **Strike back**
**03.45** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Skoppa og Skrítla **09.35** Strumparnir **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Skoppa og Skrítla **13.35** Strumparnir **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Skoppa og Skrítla **17.35** Strumparnir **18.00** Lukku-Láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Úti er ævintýri 2 **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(10:22)*
**20.00** **Það var lagið**
**21.05** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(3:15)*
**21.30** **Twenty Four** *(9:24)*
**22.15** **A Touch of Frost.**
**00.00** **Hotel Babylon**
**00.55** **Footballers' Wives**
**01.50** **Það var lagið**
**02.55** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**03.20** **Twenty Four**
**04.05** **A Touch of Frost**
**05.50** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.35** **Office Space**
**13.05** **Chronicles of Narnia. The Voyage of the Dawn Treader**
**14.55** **The Three Musketeers**
**16.45** **Office Space**
**18.15** **Chronicles of Narnia. The Voyage of the Dawn Treader**
**20.10** **The Three Musketeers**
**22.00** **The Bourne Legacy**
**00.15** **Red Factions. Origins**
**01.45** **The Killer Inside Me**
**03.35** **The Bourne Legacy**

## RÚV

**14.50** **Íslenski boltinn**
**15.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Litli prinsinn**
**17.40** **Hið mikla Bé**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Villt og grænt** *(2:8)* Úlfar Finnbjörnsson er einn þekktasti villibráðarkokkur landsins, og í nýrri þáttaröð sýnir hann áhorfendum hvernig best er að elda og nýta villibráð á sem fjölbreyttastan og bestan máta. Úlfar fer með gestum sínum á veiðislóð og eldar síðan með þeim kræsingar úr bráðinni.
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Útsvar** *(Ísafjarðarbær - Fjallabyggð)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Hér keppa lið Ísafjarðarbæjar og Fjallabyggðar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.10** **Evan almáttugur** *(Evan Almighty)* Guð setur sig í samband við þingmanninn Evan Baxter og segir honum að smíða örk til að vera viðbúinn miklu flóði. Leikstjóri er Tom Shadvac og meðal leikenda eru Steve Carell, Morgan Freeman og Lauren Graham.
**22.45** **Brimbrot** *(Breaking the Waves)* Myndin gerist í litlu samfélagi á Norður-Skotlandi. Jan, starfsmaður á olíuborpalli, kemur lamaður heim eftir slys og hvetur konuna sína, Bess, til þess að vera með öðrum karlmönnum. Leikstjóri er Lars von Trier og meðal leikenda eru Emily Watson og Stellan Skarsgård. Dönsk bíómynd frá 1996.
**01.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.40** **Once Upon A Time**
**16.30** **Secret Street Crew**
**17.20** **Borð fyrir fimm**
**17.50** **Dr.Phil**
**18.30** **Happy Endings**
**18.55** **Minute To Win It**
**19.40** **America's Funniest Home Videos** *(4:44)*
**20.05** **Family Guy** *(1:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.30** **The Voice** *(7:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**00.00** **Excused**
**00.25** **The Bachelor**
**01.55** **Ringer**
**02.45** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.10** Golfing World **10.00** The McGladrey Classic 2013 **13.00** The McGladrey Classic 2013 **16.00** The McGladrey Classic 2013 **17.35** Inside the PGA Tour **18.00** The McGladrey Classic 2013 **21.00** The McGladrey Classic 2013 **00.00** The McGladrey Classic 2013 **01.30** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



**Gary**
Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.



**Ezzy**
Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.



**Mobius**
Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.



**Tracy Lyftustóll**
Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.



**Walton Tungusófi**
Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.



**Gary**
Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.



**Massa**
Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.



**Diva tungusófi**
Nettur tungusófi með hallanlegu baki á tungu. Rafstýrðir hvíldarstólar bæði á enda og miðju. Hægri eða vinstri tunga, alklæddur leðri eða tauáklæði.



**Dönsk gæðarúm**
**í mörgum stærðum og gerðum.**



**Espace**
Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.



**Yuni**
Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.




**Gæðarúm frá Serta í mörgum stærðum og stífleikum.**



**Demetra svefnsófi**
Glæsilegur og vandaður svenfsófi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.



**Rinoa tungusófi**
Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi



**Dawn tungusófi**
Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.



**Toronto**
Falleg borð frá Ítalíu. Hægt að nýta sem hliðarborð eða renna fótum undir sófann og nýta borðplötuna yfir sessunni á stófanum.

# Komdu í heimsókn
**– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld**

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LÚR**
BETRI HVÍLD

## HELGIN



**Á föstudagskvöld spila ég á risatónleikum með hljómsveitinni minni, Atómskáldunum, á Selfossi. Á laugardag ætla ég að fagna tveggja ára afmæli dóttur minnar. Svo á sunnudag verð ég á æfingum með Todmobile og kammersveit.**

Eyþór Ingi Gunnlaugsson, tónlistarmaður

# Leikkona lætur gott af sér leiða

Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona gefur jólagjafir í verkefnið Jól í skókassa.

„Við höfum gert þetta síðastliðin fimm til sex ár og er eiginlega fyrsti hlutinn af jólaundarbúningnum hjá okkur,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona, sem hefur ásamt fjölskyldu sinni verið dugleg við að styrkja verkefnið Jól í skókassa.

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

„Krakkarnir mínir hafa jafngaman af þessu og ég. Þau læra margt af þessu og gefa gjafir í verkefnið,“ útskýrir Alexía. Fyrsta árið gáfu þau einn kassa, svo tvo og nú gefa þau þrjá kassa í verkefnið.

Jól í skókassa er verkefni sem stofnað var af ungu fólki innan KFUM og KFUK árið 2004 en þá söfnuðust fimm hundruð kassar. Verkefnið hefur stækkað síðustu ár og hafa undanfarin ár borist um fimm þúsund gjafir sem fara svo til Úkraínu þar sem ástand er víða bágborið.

Fram undan hjá Alexíu er uppistand sem hún vinnur með hópi sem kallast Pörupiltar en verkið verður sett á svið í Borgarleikhúsinu í febrúar.

Síðasti móttökudagur fyrir Jól í skókassa er laugardagurinn 9. nóvember 2013 en opið er á milli klukkan 11.00 og 16.00 á Holtavegi 28.

- glp



**GJÖF SEM GLEÐUR** Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona ásamt syni sínum Jóhannesi Hermanni Guðmundssyni gefa nokkrar gjafir til verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Í fyrsta sinn í Eldborg

Emilíana Torrini kemur fram á tónleikum í desember.

„Þetta er í fyrsta skipti sem hún kemur fram í Eldborgarsalnum í Hörpu,“ segir tónleikahaldarinn Kári Sturluson en Emilíana Torrini kemur fram á tvennum tónleikum í Eldborg í tilefni af nýútkominni plötu sinni sem ber nafnið Tookah. Tónleikarnir fara fram þann 6. desember næstkomandi.

„Miðasalan hófst í gær og gengur hún mjög vel,“ bætir Kári við.

Þetta eru fyrstu formlegu tónleikar Emilíönu síðan árið 2010, en þá hélt hún þrenna tónleika í Háskólabíói. Hún kom þó fram á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir skömmu við góðar undirtektir.

„Hún setti saman hljómsveit sem er með henni á tónleikaferðalagi um Evrópu þessa stundina en fyrstu tónleikar hennar með því bandi voru á Airwaves.“

Tookah kom út 9. september og hefur hlotið frábærar viðtökur. Fyrsta útvarpslagið af plötunni, Speed of Dark, hefur til að mynda fallið afar vel í kramið hjá hlustendum landsins.

- glp



**EMILÍANA Í ELDBORG** Emilíana flytur lög af Tookah hinn 6. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**SKRAFLSTUÐ** Sigurður Arent og Jóhannes Benediktsson elska Skrafl. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Norsk kanóna fengin til að dæma í Skrafli

„Þvílíkur heiður sem fylgir því að vera Íslandsmeistari í þessari þjóðaríþrótt,“ segir Sigurður Arent, einn skipuleggjenda Íslandsmótsins í Skrafli um helgina.

Guðmundur Franklín Jónsson, formaður Hægri grænna, fjölmiðlafólkið Björn Teitsson og Malín Brand, myndlistarkonan Bjargey Ólafsdóttir og flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Melkorka Ólafsdóttir, eru meðal keppenda á fyrsta Íslandsmeistaramótinu í Scrabble, eða Skrafli, sem haldið verður um helgina, af Skraflfélagi Íslands.

„Leiknar verða sex umferðir í riðlum hvorn daginn þar sem einn keppir á móti einum. Keppnin hefst stundvíslega klukkan ellefu báða dagana,“ segir Sigurður Arent, einn skipuleggjenda skraflmótsins sem haldið verður á veitingastaðnum Happi á Höfðatorgi.

„Í tilefni af fyrsta mótinu hér á landi barst okkur liðsauki frá Noregi en Taral Guldahl frá Norsk Scrabbleforbund mun sjá um dómgæslu. Guldahl er algjör kanóna í skraflheiminum,“ segir Sigurður jafnframt.

„Fyrsta Scrabble-spilið á Íslandi var Stafaspilið sem var gefið út árið 1983 og svo Krossgátuspilið árið 1984. Scrabble lét hins vegar bíða eftir sér til ársins 1990 en hefur síðan þá verið grundvallarspil í safni sumarbústaðaeigenda og annarra spilara,“ segir Sigurður sem sjálfur er mikill áhugamaður um leikinn.

„Að skrafla hefur sömu merkingu og að skrafa eða tala saman og það er svolítið góð lýsing á þessu samtali sem á sér stað í hverjum leik, að minnsta kosti jafn góð og sögnin „to scrabble“ sem þýðir að róta eða fálma eftir einhverju,“ útskýrir Sigurður.

Verðlaun verða veitt fyrir tíu efstu sætin auk vinninganna fyrir stigahæsta leikinn og flest bónusorð (sjö stafa orð) en vinningarnir eru frá Forlaginu, Hamborgarafabrikkunni og fleirum.

„Mest er þó auðvitað vert um heiðurinn sem fylgir því að vera Íslandsmeistari í þessari þjóðaríþrótt Íslendinga,“ segir Sigurður.

**olof@frettabladid.is**

## Nokkrar staðreyndir um Scrabble

- ➜ Nýsjálendingurinn Nigel Richards er af mörgum talinn besti Scrabble-spilari allra tíma. Richards er núverandi heims- og Bandaríkjameistari í Scrabble. Hann er líka sá eini sem hefur hampað báðum titlum samtímis.
- ➜ „Óflokkaður“ er eitt af nokkrum orðum sem hægt er að búa til nýtt orð úr með því að taka einn staf í burtu í einu þangað til að eftir standa tveir stafir, minnsta einingin í Scrabble. Önnur orð eru til dæmis ástarfar, aflgarpar, fjarðarála, hámarkaðir, sólundaðir og þjóðliðinu.
- ➜ RAÐFAIL er sú stafaruna sem inniheldur flest sjö stafa orð (bingó). Þau eru alls átján: aðalrif, aflaðir, aflaðri, afliðar, afriðla, alfaðir, alfarið, alfiðra, alfriða, falaðir, falaðri, fiðlara, lafraði, larfaði, lifaðra, lifaðar, lifraða og rafliða.
- ➜ Hægt væri að stafa yfir 120 orð með stafrununni ARINEST ef tekin eru öll orð með tveimur til sjö stöfum.





ÚTGÁFUBOÐ

„Hægt að mæla með þessu vandaða og vel heppnaða verki ...“
BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON / PRESSAN.IS




Við fögnum útgáfu matreiðslubókarinnar FAGUR FISKUR eftir Svein Kjartansson og Áslaugu Snorradóttur í Bókabúð Forlagsins, Fiskislóð 39, föstudaginn 8. nóvember kl. 17.

SMAKK Í BOÐI!

ALLIR VELKOMNIR!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

# JÓLASERÍUR-JÓLALJÓS ?



## Á FISKIKÓNGURINN að kveikja á Jólaljósunum í ár ?

Farðu inná www.Fiskikongurinn.is og greiddu atkvæði þitt.

**Maggi Mix** (hinn eini sanni)



er byrjaður á InnTV
ásamt Fiskikónginum.

Öll fimmtudagskvöld
á InnTv kl 21.30.

Þátturinn er sýndur í allan
dag á InnTv á 2 klst fresti.

Stór og fallegur

# HUMAR

Eigum til allar stærðir og skelflettan
HUMAR og HUMARSÚPU

## OPIÐ LAUGARDAG 10.00 - 15.00

# Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stuðningsmenn í kraftgöllum

„Við ætlum að skreyta vel í kringum okkur. Tólfan verður vel sýnileg frá vellinum þegar stóra stundin rennur upp 15. nóvember. Við ætlum að veifa stórum fánum og skreyta stúkuna með eftirminnilegum hætti,“ segir **Styrmir Gíslason,** talsmaður Tólfunnar. Tólfan er stuðningslið karlalandsliðsins í knattspyrnu, sem eins og flestir vita mætir Króötum á Laugardalsvellinum 15. nóvember.

„Veðrið hefur engin áhrif á okkur, við eigum allir kraftgalla. Ef svo ólíklega færi að það yrði að fresta leiknum vegna veðurs gerum við eitthvað skemmtilegt í staðinn. Það er alltaf fjör hjá okkur,“ segir Styrmir.

Hann segir að Tólfan ætli að vanda að hittast í Ölveri fyrir leik og hita upp. Þangað séu allir stuðningsmenn landsliðsins velkomnir.

- jme



### Banjó í afmælisgjöf

**Jóhann Hauksson,** fjölmiðlamaður og fyrrverandi upplýsingafulltrúi ríkisstjórninnar, fagnaði sextugsafmæli fyrir stuttu. Vinir og ættingjar kappans héldu óvænta afmælisveislu fyrir hann sem sló rækilega í gegn hjá afmælisbarninu. Það sem sló enn meira í gegn var afmælisgjöfin frá fjölskyldunni, sem var gítarbanjó, og eflaust stutt í að ljúfir tónar heyrist frá heimili Jóhanns í Hlíðunum.



## Mest lesið vísir

1 Útvista heimilisverkum til hagræðingar
2 Náðu í markadrottninguna til að bjarga 2. flokki félagsins
3 Landsliðshópurinn fyrir leikina gegn Króatíu | Sölvi Geir kemur inn
4 Mjölnismyndband vikunnar: Ágústa Eva og Sunna kenna fallöxina
5 Sigmundur segir áætlun um skuldaleiðréttingu miða vel








TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Frábær jólagjöf – Fyrir alla í fjölskyldunni
Verð aðeins 13.930 með 30% jólaafslætti

HJÓNAGJÖFIN YKKAR

**C&J PLATINUM** heilsurúm
Charlotte Julien



Gafl er ekki innfalinn í verði.

**C&J PLATINIUM** heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 120x200 cm
**Jólaverð kr. 99.900**
Verðdæmi 160x200 cm
**Jólaverð kr. 127.900**
Verðdæmi 180x200 cm
**Jólaverð kr. 134.900**
**Fæst í mörgum stærðunum.**
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 11.200 kr. á mán. 160x200

**C&J GOLD** heilsurúm
Charlotte Julien



Gafl er ekki innfalinn í verði.

**C&J GOLD** heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 160x200 cm
**Jólaverð kr. 152.900**
Verðdæmi 180x200 cm
**Jólaverð kr. 164.900**
**Fæst í mörgum stærðunum.**
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 13.360 kr. á mán. 160x200

**CHIRO DELUXE** heilsurúm



Gafl er ekki innfalinn í verði.

**CHIRO DELUXE** heilsurúm
Dýna, Classic-botn og lappir
Verðdæmi 160x200 cm
**Jólaverð kr. 256.000**
Verðdæmi 180x200 cm
**Jólaverð kr. 278.000**
**Fæst í mörgum stærðunum.**
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 22.250 kr. á mán. 160x200

**C&J STILLANLEGT** heilsurúm með *Infinity* dýnu
Charlotte Julien



Með fjarstýringu
JÓLATILBOÐ Frábært VERÐ

**Stillanlegu heilsurúmin frá C&J**
- Inndraganlegur botn.
- Lyftigeta er yfir 2 x450 kg per botn.
- Mótor þarfnast ekki viðhalds.
- Tvíhert stálgrind undir botni.
- 2 nuddmótorar með tímarofa.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

**C&J STILLANLEGT**
með Infinity heilsudýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. ~~581.800~~
**Kr. 494.530 Á JÓLATILBOÐI**
**Þú sparar kr. 87.270**

**Fæst einnig í stærðunum**
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 42.820 kr. á mán.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.
Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi
www.betrabak.is
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16